

SKÝRSLA STJÓRNAR **NPA MIÐSTÖÐVARINNAR** SVF.

Starfstímabilið 31. maí 2025 til 9. maí 2026



Opnunartími NPA miðstöðvarinnar

Mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-15:00

Föstudaga kl. 10:00-13:00.

Stytting vinnuviku hjá starfsfólki skrifstofu,
tók gildi í júní 2022 og þá styttist
opnunartími NPA miðstöðvarinnar á föstudögum.

Til að fá samband við allt starfsfólk miðstöðvarinnar

Netfang npa@npa.is

Sími **567 8270**

Ráðgjafar

Hægt er að fá samband við ráðgjafa í gegnum
síma og tölvupóst eða óska eftir því að hitta
ráðgjafa á skrifstofu miðstöðvarinnar.

Bókhald

Allar fyrirspurnir sem snúa að launum:

laun@npa.is

Aðrar fyrirspurnir:

bokhald@npa.is

Trúnaðarmaður

Sigurður **Egill** Ólafsson

trúnaðarmaður aðstoðarfólks

NPA miðstöðvarinnar.

trunadarmadur@npa.is

Skýrsla lög fram á aðalfundi

NPA miðstöðvarinnar

9. maí 2026

Forsíðumynd: Sunna Ben

Ljósmyndir: Ernir Eyjólfsson, Sunna Ben
og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar

Umsjón texta, grafík og umbrot: Silja

Prentun: Samskipti

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	5
Kjarni NPA miðstöðvarinnar	9
Félag fatlaðs fólks rekið án fjárhagslegra ágóðasjónarmiða	9
Hugmyndafræði NPA miðstöðvarinnar	9
Starfsemi NPA miðstöðvarinnar	9
Umsýsla beingreiðslusamninga	9
Þróun og uppbygging NPA miðstöðvarinnar	10
Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar	10
Samstarf og samráð við sveitarfélög og ríki	10
Alþjóðasamstarf	10
Hagsmunagæsla NPA miðstöðvarinnar	10
NPA vinnustundin	12
Fólkið í NPA miðstöðinni	15
Stjórn NPA miðstöðvarinnar 2025-2026	15
Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar	16
Fjöldi félagsfólks NPA miðstöðvarinnar eftir sveitarfélögum, apríl 2026	16
Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar og þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks	17
Fallnir félagar	17
Fjöldi aðstoðarfólks hjá félagsfólki, apríl 2026	17
„Ég er mjög glaður með NPA“	19
Starfsfólk og starfsemi á skrifstofu	21
Fjöldi starfsfólks á skrifstofu	21
Starfsfólk skrifstofu	21
Stoðteymi	21
Lausráðið starfsfólk	23
Störf NPA ráðgjafa	23
Störf bókhaldsteymis og skrifstofustjóra	24
Starfsmannahald á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar	25
Starfsfólk sem sinnir sértækum verkefnum	25
Rekstur og fjárhagur NPA miðstöðvarinnar	27
STARFSÁRIÐ 2025-2026 HJÁ NPA MIÐSTÖÐINNI	28
Stutt yfirlit yfir starfsárið	29
Traustur rekstur	29
Stöðugleiki í starfseminni	29

Rekstur skrifstofu	33
Skrifstofan Urðarharvi	33
Skrifstofan Akureyri	33
Kerfislausnir og tæknistjórn	34
Ráðgjöf	37
Öryggisnefnd og uppfærsla á áhættumati	37
Skilvirk notkun Odoo kerfisins	37
Þjónustukönnun	37
Bakvarðasveit aðstoðarfólks	38
Samskipti við ráðgjafa sveitarfélaga styrkt	38
Heimsóknir til félagsfólks á landsbyggðinni	38
Bókhald og launavinnsla	41
Námskeið, fræðsluverkefni og viðburðir	43
Grunnnámskeið NPA miðstöðvarinnar	43
NPA námskeið á starfsárinu	43
Einkafræðsla.....	44
Fræðslu- og félagaspjall (jafningjaspjall).....	44
Óformleg fræðsla hjá útibúinu á Akureyri	44
Fagaðilum sem starfa að málaflakki fatlaðs fólks boðin kynning á NPA	44
Fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar	45
Fræðslunefnd NPA miðstöðvarinnar	45
Fræðsla 2025-2026 og til framtíðar	45
Fræðsla á vegum hins opinbera	46
Félagsfundir	47
Aðrir viðburðir	47
Heimsókn fyrrverandi félags- og húsnæðismálaráðherra	48
Fimmtán ára afmæli NPA miðstöðvarinnar	48
Samstarfsverkefni	51
Samstarf við Norðurlöndin	51
Erindi á viðburði fyrir foreldra fatlaðra barna af erlendum uppruna	51
Erindi á vorráðstefnu Ráðgjafar- og greiningarstöðvarinnar	51
ENIL og Freedom Drive	51
Þátttaka í gleðigöngu Hinsegin daga	52
Kynningarstarf og miðlun upplýsinga	55
Vefsíða NPA miðstöðvarinnar.....	55
Verkstjórnendahandbók	55
Handbók fyrir aðstoðarfólk	55
Upplýsingapóstar og fræðslu- og viðburðapóstar	56
NPA fréttabréfið	56
Samfélagsmiðlar	56
Kynningarstarf	57
Fjölmiðlaumfjöllun	61
Hagsmunagæsla og réttindamál	69
Kærur og málskot	69
Umsagnir um lagafrumvörp	70
Önnur hagsmunagæsla.....	71
Fjöldi NPA samninga enn langt undir fjármögnuðu viðmiði og raunverulegri þörf	73
Innleiðingarferli NPA lokið en réttindalegri innleiðingu er ekki lokið	73
Fjöldi NPA samninga lengi verið í ósamræmi við áætlanir löggjafans	74
Kjaramál	77
Áframhaldandi viðræður við Eflingu og Starfsgreinasambandið	77
Litið til framtíðar	81
Vöxtur NPA miðstöðvarinnar	81
Jafnvægi í starfsemi miðstöðvarinnar	81
Starfið framundan	81

ÁVARP FORMANNS

Kæra félagsfólk.

Það er bæði ánægja og heiður að fá tækifæri til að ávarpa ykkur í upphafi þessarar ársskýrslu. Ársskýrsla NPA miðstöðvarinnar verður sífellt glæsilegri, lifandi og myndrænni með hverju árinu. Það er ekki síst ykkur, félagsfólki, að þakka sem hafið veitt innsýn í líf ykkar og starfsemi miðstöðvarinnar, t.d með því að koma í viðtöl, leyfa ljósmyndatöku og með annarri þátttöku í starfi miðstöðvarinnar.

Skýrslan gefur góða mynd af þeim verkefnum sem NPA miðstöðin fæst við á hverju starfsári og er jafnframt mikilvæg söguleg heimild um þau baráttu- og hagsmunamál sem snúa að félagsfólki okkar.

Á nýliðnu starfsári höfum við tekist á við fjölbreytt verkefni og áskoranir. Samhliða því höfum við haldið áfram að styrkja starfsemi og rekstur NPA miðstöðvarinnar og bæta þjónustu við félagsfólk.

Umsvif NPA miðstöðvarinnar hafa farið vaxandi á liðnum árum og hafa þau aldrei verið meiri en á síðasta starfsári. Reksturinn stendur traustum fótum og hefur það gert okkur kleift að efla þjónustuna enn frekar. Stöðugleiki hefur einnig einkennt liðið starfsár. Skrifstofa NPA miðstöðvarinnar hefur nú á að skipa óbreyttum starfshópi sem hefur starfað saman um árabíl. Það hefur í för með sér að starfsfólk skrifstofunnar byggir stöðugt upp meiri sérþekkingu og reynslu þegar kemur að NPA og þjónustu við félagsfólk.

Það mikilvægasta við NPA miðstöðina er þó áfram sú staðreynd að félagið er samvinnufélag fatlaðs fólks. Félagið er í eigu og undir stjórn fatlaðs fólks. Það er ekki rek-ið með fjárhagslegan ágóða að markmiði, heldur með skýr félagsleg og mannréttindaleg ágóðasjónarmið: að innleiða hugmyndafræðina um sjálfstætt líf, efla sjálfsákvörðun fatlaðs fólks og tryggja framgang NPA á Íslandi. Sá ágóði sem við sækjumst eftir er að fatlað fólk hafi raunverulegt vald yfir eigin lífi.



Á þessu starfsári hefur verið lögð talsverð áhersla á að þróa áfram fræðslustarf NPA miðstöðvarinnar. Mikil vinna hefur farið í upptökur á myndböndum og öðru myndefni sem síðar verður nýtt í kennslumyndbönd og fræðsluefni frá miðstöðinni. Við hlökkum til að sýna afrakstur þeirrar vinnu.

Auk þess höldum við áfram innleiðingu á nýju kerfi, Odoo, sem er mikilvægur liður í að einfalda utanumhald um aðstoð, bæta yfirsýn verkstjórnenda og styrkja innviði miðstöðvarinnar. Markmiðið er að þjónustan verði skilvirkari, aðgengilegri og í hæsta gæðaflokki. Þá verður einnig unnið áfram að þróun og innleiðingu bakvarðasveitar.

Jafnframt höfum við lagt áherslu á að efla samráð og samstarf við sveitarfélög og aðra samstarfsaðila. Þrátt fyrir árangur á ýmsum sviðum, blasa enn við fjölmörg óleyst álitamál. Enn þarf að berjast fyrir því að fjármögnun NPA standi undir raunverulegum kostnaði, að afgreiðsla umsókna sé skilvirkari og að rétturinn til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar sé tryggður í framkvæmd, ekki aðeins á blaði.

Mikil vinna hefur á liðnu starfsári farið í að finna lausnir á vandamálum sem tengjast veikindakostnaði NPA aðstoðarfólks. Núverandi fyrirkomulag veldur því of oft að verkstjórnendur þurfa að þola þjónustuskerðingu þegar aðstoðarfólk veikist. Sú staða er óviðunandi. NPA miðstöðin vinnur því áfram að lausn sem getur gengið upp til frambúðar, bæði fyrir verkstjórnendur og sveitarfélög.

Baráttan sem við höfum staðið í frá stofnun NPA miðstöðvarinnar er hvergi nærri lokið. Orustur í þessari baráttu snúast í dag oft en ekki um biðlista, útfærslu réttinda, fjármögnun, kjaraumhverfi aðstoðarfólks, eftirlitskyldur sveitarfélaga, uppgjör samninga og önnur atriði sem hafa bein áhrif á líf félags-

fólks okkar. Þessi verkefni geta verið snúin viðureignar og kalla á árvekni, skýra stefnu og samstillt átak allra sem koma að starfi NPA miðstöðvarinnar.

Framundan bíða því margvísleg krefjandi verkefni, bæði innan miðstöðvarinnar og utan. Í þeirri vinnu þurfum við að geta treyst á sterkt samfélag innan NPA miðstöðvarinnar, með virkri þátttöku og stuðningi félagsfólks. Virkni félagsfólks getur skipt gríðarlegu máli fyrir árangur til lengri tíma. Ég vil því hvetja ykkur til að taka virkan þátt í starfi félagsins: koma á fundi, leggja fram hugmyndir, koma á framfæri athugasemdum, gagnrýni eða hrósi þegar það á við. Þar liggur hinn raunverulegi styrkur NPA miðstöðvarinnar.

Framtíðarskipan NPA á Íslandi ræðst ekki aðeins af lagasetningum eða fjárveitingum. Hún ræðst líka af samstöðu fatlaðs fólks og vilja okkar til að standa vörð um réttinn til sjálfstæðs lífs. Samstaða okkar hefur skilað árangri fram til þessa og mun gera það áfram.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum, félagsfólki, aðstoðarfólki og starfsfólki skrifstofunnar fyrir ómetanlegt framlag á liðnu ári. Árangur NPA miðstöðvarinnar er sameiginlegt verk okkar allra.

Við erum þó aðeins rétt að byrja.

Með bestu kveðju,

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
formaður NPA miðstöðvarinnar





NPA MIÐSTÖÐIN Í HNOTSKURN

FÉLAG FATLAÐS FÓLKS REKIÐ ÁN FJÁRHAGSLEGRA ÁGÓÐASJÓNARMÍÐA

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Miðstöðin er í eigu og undir stjórn fatlaðs fólks sem er með umsýslu síns NPA samnings hjá NPA miðstöðinni. Það þýðir að eingöngu félagsfólk hefur atkvæðarétt á aðalfundi og kýs stjórn NPA miðstöðvarinnar sem eingöngu er skipuð fötluðu fólki.

Um eignarhald og ágóða er fjallað í 12. gr. samþykktu miðstöðvarinnar

„Félagið er í eigu félagsmanna og skal starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal félagsmönnum ekki greiddur út arður af starfsemi.“

HUGMYNDAFRÆÐI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Leiðarljós NPA miðstöðvarinnar hefur ávallt verið hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og leggur sú hugmyndafræði hornstein að allri starfsemi miðstöðvarinnar. Stjórn NPA miðstöðvarinnar hefur frá upphafi, í samræmi við reglur um NPA, skilgreint hlutverk miðstöðvarinnar með það að markmiði að tryggja sjálfstætt líf verkstjórnenda eins og kostur er.

STARFSEMI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Kjarninn í starfsemi NPA miðstöðvarinnar er þjónusta við verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra. Ráðgjöf til félagsfólks og aðstoðarfólks þess, ásamt fjárhagslegri umsýslu NPA samninga félagsfólks, eru stærstu þættirnir í starfsemi NPA miðstöðvarinnar. Auk þess sinnir

miðstöðin ýmsum öðrum verkefnum tengdum NPA, t.d. fræðslu, upplýsingamiðlun og þróun verkferla um framkvæmd NPA samninga með það að markmiði að létta störf verkstjórnenda. NPA miðstöðin sinnir jafnframt öflugri hagsmunagæslu fyrir félagsfólk og fatlað fólk á Íslandi.

UMSÝSLA BEINGREIÐSLUSAMNINGA

Margir einstaklingar með beingreiðslusamninga kjósa frekar að hafa sambærilega umsýslu með beingreiðslusamningum sínum og NPA notendur, þrátt fyrir að umgjörð beingreiðslusamninga geri ekki ráð fyrir því. NPA miðstöðin hefur viljað veita fólki í þessari stöðu möguleikann á því að hafa umsýsluáðila og nýtur félagsfólk með beingreiðslusamninga sömu réttinda hjá miðstöðinni og notendur með NPA samninga. Þjónusta og umsýsla vegna beingreiðslusamninga fer einnig fram með sama hætti og vegna NPA samninga.

NPA samningar ættu að leysa beingreiðslusamninga af hólmi

Oft hafa einstaklingar byrjað með beingreiðslusamninga, gengið til liðs við NPA miðstöðina og síðar fengið NPA samning frá sveitarfélaginu. Miðstöðin hefur á liðnum árum lagt mikla áherslu á að sveitarfélög geri einfaldlega NPA samninga í stað beingreiðslusamninga, enda eru beingreiðslusamningar að mestu leyti úrelt þjónustuform sem NPA hefur leyst af hólmi. Að mati NPA miðstöðvarinnar ætti eingöngu að nota beingreiðslusamninga í tilvikum þar sem útfærsla samningsins samræmist ekki hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og þar sem samræma þarf margvíslega þjónustubætti eða útfæra þjónustuna með annars konar stofnanþjónustu. Þrátt fyrir það eru sveitarfélög enn að notast við beingreiðslusamningsformið sem virkt þjónustuform.

ÞRÓUN OG UPPBYGGING NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Nánast allt sem NPA miðstöðin gerir, hvort sem það er siðasáttmáli, handbækur, eyðublöð eða jafnvel dagleg álitamál, er frumkvöðlastarf. Það er allt unnið frá grunni út frá hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf, út frá íslensku regluverki og þeim áherslum sem stjórn og félagsfólk miðstöðvarinnar hefur sett um starfsemi miðstöðvarinnar. NPA miðstöðin hefur samráð við félagsfólk um öll helstu álitamál og stefnumótun. Slíkt samráð er nauðsynlegt í starfi samvinnufélags en krefst um leið aukinnar vinnu og getur lengt vinnsluferli verkefna töluvert.



SIÐASÁTTMÁLI OG AÐGERÐA- ÁÆTLUN NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Mikilvægt er að NPA miðstöðin, eins og aðrir vinnustaðir, hafi sinn eigin siðasáttmála og verkferla vegna eineltis, áreitni og ofbeldis. Slíkur leiðarvísir er enn mikilvægari í ljósi þess að fatlað fólk er berskjaldaðra en ófatlað fyrir hvers kyns ofbeldi og í ljósi umræðu undan- genginna ára um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.

Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi var samþykktur á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 28. maí 2022. Haustið 2022 var svo siðasáttmálinn tilbúinn og má finna hann á vefslóðinni [sidasattmali.npa.is](https://www.npa.is/sidasattmali.npa.is)

Siðasáttmálinn og aðgerðaáætlunin voru unnin með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem einkenna vinnusamband verkstjórnenda og aðstoðarfólks og veitir félagsfólki, aðstoðarfólki og NPA miðstöðinni skýra verk- og viðbragðsferla í tilteknum málum og ættu að vera góður leiðarvísir fyrir alla hluteigandi aðila um hvernig eigi að bera sig að við tilteknar aðstæður.

SAMSTARF OG SAMRÁÐ VIÐ SVEITARFÉLÖG OG RÍKI

NPA miðstöðin hefur um árabil tekið virkan þátt í samstarfi og samráði við bæði ríki og sveitarfélög. Fulltrúar miðstöðvarinnar eiga t.d. reglulega samráðsfundi með nokkrum af stærstu sveitarfélögum landsins þar sem farið er yfir samstarfið og álitamál, ef einhver eru.

ALÞJÓÐASAMSTARF

NPA miðstöðin hefur verið fullgildur meðlimur í *Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (ENIL)* frá árinu 2017. NPA miðstöðin er jafnframt aðili að og einn af stofnendum *Nordic Competence Centre for Personal Assistance (NCCPA)* sem systurfélög NPA miðstöðvarinnar á Norðurlöndunum mynda. NPA miðstöðin er fyrir vikið virkur þátttakandi í samnorrænum verkefnum og hefur auk þess tekið þátt í ráðstefnum og tilfallandi samstarfsverkefnum um sjálfstætt líf.

HAGSMUNAGÆSLA NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

NPA miðstöðin veitir félagsfólki sínu, og raunar öllum NPA notendum á Íslandi, óháð um- sýsluaðila, öfluga hagsmunagæslu og þjónustu sem ekki er endilega alltaf sýnileg. Allt fatlað fólk nýtur góðs af þessari hagsmunagæslu, enda veitir þessi þáttur starfsemi NPA miðstöðvarinnar sveitarfélögum og stjórnvöldum almennt mikilvægt aðhald.

Hagsmunafélag fatlaðs fólks

NPA miðstöðin er hagsmunafélag fatlaðs fólks og skipar hagsmunavarsla nokkuð stóran sess í starfi NPA miðstöðvarinnar, enda var NPA miðstöðin upphaflega stofnuð sem baráttusamtök fyrir réttinum til NPA.

Vankantar í innleiðingarferli NPA

Ýmsir vankantar hafa verið á framkvæmd og innleiðingarferli NPA alveg frá upphafi og í sumum tilvikum hafa lög verið brotin. Hefur þetta ítrekað kallað á viðbrögð og hefur NPA miðstöðin fram til þessa brugðist við kallinu. NPA miðstöðin mun áfram vera öflugur bak-hjarl síns félagsfólks þegar kemur að réttinda-málum þeirra og hagsmunum tengdum NPA þjónustunni. Félagsfólk getur treyst því að miðstöðin stendur ávallt með félagsfólki sínu þegar á reynir, t.d. þegar réttur þess til þjónustu er brotinn eða þegar stjórnvald fer ekki að lögum eða reglum þegar það tekur ákvarðanir um réttindi þeirra.

Tímafrek hagsmunabarátta

Óhætt er að fullyrða að hið opinbera hafi ráðstafað miklum tíma og orku frá NPA miðstöðinni í hagsmunabaráttu, sem þó hefur skilað heilmiklum árangri, bæði í þágu einstakra notenda og fatlaðs fólks í heild.

Eftirfarandi er meðal þess sem NPA miðstöðin hefur þurft að berjast fyrir í gegnum tíðina og gerir enn í dag:

- Að sveitarfélög greiði rétt framlög til NPA í samræmi við kjarasamninga NPA aðstoðarfólks.
- NPA miðstöðin hefur ítrekað gert athugasemdir við afgreiðslu sveitarfélaga á NPA umsóknum og drætti þar á.
- NPA miðstöðin hefur barist fyrir því að ríkið standi við skuldbindingar sínar um mótfamlag til NPA samninga, t.d. með því að mæta á fundi hjá ráðuneytinu, skrifa umsagnir og greinar, mæta í viðtöl o.s.frv.
- NPA miðstöðin hefur verið fólki innan handar við að sækja lögbundna þjónustu sem það á rétt á í sinn NPA samning, t.d. aðstoðarverkstjórn, fjölgun á tímum o.s.frv.
- Félagsfólki NPA miðstöðvarinnar stendur til boða ráðgjöf hjá framkvæmdastjóra varðandi álitamál sem snúa að lögfræðilegum úrlausnarefnum og kærumálum. Sú þjónusta er mikilvægur þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar, til að stuðla að því að félagsfólk fái notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð samkvæmt lögum.

Hagsmunaafli fyrir innleiðingu NPA og framgang hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf á Íslandi

NPA miðstöðin hefur verið öflugt hagsmunaafli fyrir innleiðingu NPA á Íslandi á liðnum árum. Miðstöðin hefur einnig alla tíð verið og er enn, sterkur málsvari fyrir fatlað fólk og fyrir framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. Þannig skrifar miðstöðin umsagnir við lagafrumvörp innan málaflokksins og skrifar greinar og vekur athygli á umræðum og fréttum sem varða hagsmuni fatlaðs fólks. NPA miðstöðin rekur einnig fjölda mála fyrir sveitarfélögum og úrskurðarnefnd velferðarmála um ýmis ágreiningsefni og hefur náð miklum árangri fyrir stóran hóp fólks.

Kærur og málskot

NPA miðstöðin hefur á liðnum árum barist ötullega fyrir rétti fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs og persónulegrar aðstoðar og mun halda því áfram, svo lengi sem þörf er á. Miðstöðin hefur látið reyna á margvísleg álitamál sem tengjast framkvæmd þjónustunnar og ákvörðunum sveitarfélaga um afgreiðslu á umsóknum um nýja þjónustu eða breytingar á þjónustunni. Þá hefur NPA miðstöðin reynt að stuðla að því að sveitarfélög sinni vönduðum stjórnsýsluháttum með því að benda þeim á skyldur sínar og gæta þess að félagsfólk njóti réttlátrar og sanngjarnar málsmeðferðar.



Gerð kjarasamninga

NPA miðstöðin er jafnframt eini umsýslu-aðili NPA samninga sem annast viðræður um

og vinnu við gerð kjarasamninga fyrir NPA aðstoðarfólk. Ef NPA miðstöðin myndi ekki sinna því hlutverki þyrftu notendur að annast slíka samningagerð sjálfir eða fara eftir kjarasamningum sem ekki taka tillit til sjálfstæðs lífs verkstjórnenda.

Útreikningur á jafnaðartaxta

Í kjölfar nýrra kjarasamninga reiknar NPA miðstöðin út lágmarkstaxta og sendir svo sveitarfélögum útreikninga á jafnaðartöxtum vegna NPA. Útreikningarnir taka mið af og eru uppfærðir eftir kjarasamningum NPA aðstoðarfólks, eins og þeir eru hverju sinni. NPA miðstöðin er eini aðilinn sem tekur að sér að reikna út, kynna og fylgja eftir lágmarkstaxta NPA samninga og hefur gert það allt frá árinu 2018.

Lengi vel reyndist erfitt að fá sveitarfélög til að fylgja þessum töxtum, en sveitarfélög byggðu gjarnan framlög sín til NPA á sínum eigin útreikningum, sem ýmist tóku mið af þróun launavísitölu, kjarasamningum sem sveitarfélagið átti aðild að eða var einfaldlega ákveðinn út frá annars konar mati. Allir þessir taxtar áttu það þó sameiginlegt að standa ekki undir kostnaði meðalvinnustundar í NPA.

Með mikilli eftirfylgni hefur NPA miðstöðinni tekist að koma jafnaðartöxtum sveitarfélaga í nokkuð eðlilegt horf, en þó eru enn uppi tiltekin álitamál sem fjallað verður betur um í kafla um kjarasamninga á síðu 79 í árskýrslunni.


Önnur hagsmunagæsla

Í gegnum tíðina hefur NPA miðstöðin ítrekað brugðist við aðstæðum sem upp hafa komið og sýnt mikla viðleitni til að vinna að því að NPA verði veitt brautargengi og unnið að farsælli framkvæmd NPA á Íslandi. Með það að markmiði hafa fulltrúar miðstöðvarinnar t.d. setið í ýmsum nefndum og ráðum, aðstoðað sveitarfélög þegar þau hafa, hvert um sig, verið að móta sínar reglur um NPA og margt fleira.

NPA VINNUSTUNDIN

Í reglum um NPA er kveðið á um að framlög til NPA skuli vera þrískipt:

- **85%** samnings er ætlað til greiðslu launa aðstoðarfólks.
- **10%** er umsýsluframlag.
- **5%** framlag rennur til NPA notenda til þess að mæta kostnaði vegna aðstoðarfólks. Sá kostnaður getur verið margvíslegur, enda ljóst að aðstoðarfólk þarf að fylgja notanda í hans daglega lífi.



Þegar rætt er um jafnaðartaxta NPA samninga er alla jafna verið að tala um meðalkostnað við hverja vinnustund í NPA að meðtöldu framlagi vegna starfsmannakostnaðar og umsýslukostnaðar. NPA miðstöðin reiknar út á hverju ári, meðalkostnað hvernar klukkustundar fyrir tiltekið ár, út frá forsendum í kjarasamningi og samsetningu hefðbundins aðstoðarmannahóps út frá staðsetningu í launatöflu. Fjöldi vinnustunda er svo gefið vægi og hlutfallslegur launakostnaður aðstoðarfólks við hverja vinnustund að meðaltali yfir árið er fundinn. Framlag til umsýslukostnaðar og starfsmannakostnaðar er síðan bætt við út frá heildarlaunakostnaði og myndar þannig jafnaðartaxta NPA samninga.

Umsýsluframlagið og rekstur skrifstofunnar

Sveitarfélög veita 10% framlög af hverjum NPA samningi til umsýsluáðila sem er ætlað að standa undir kostnaði við umsýslu samninganna. Þetta framlag eru tekjur NPA miðstöðvarinnar og rennur til reksturs hennar.





FÓLKID Í NPA MIÐSTÖÐINNI

Á aðalfundi miðstöðvarinnar þann 31. maí 2025 var samþykktum félagsins breytt á þann veg að nú er kjörtímabil aðalmanna í stjórn tvö ár en ekki eitt ár eins og áður.

Breytingarnar tóku gildi á þeim sama aðalfundi og var ákveðið að í það skiptið yrðu eingöngu kjörnir tveir aðalmenn og formaður til tveggja ára og tveir aðrir aðalmenn til eins árs en á næsta aðalfundi, þ.e. árið 2026, yrði kosið um

tvo aðalmenn til tveggja ára framvegis. Þetta er gert til að tryggja að ávallt haldist einhverjir stjórnarmenn í stjórn á milli kjörtímabila. Með því móti ætti ekki að vera hætt á að stjórninni í heild sinni sé skipt út á einum aðalfundi og taki þá með sér þekkingu og reynslu sem æskilegt væri að nýttist nýju stjórnarfólki.

Stjórn NPA miðstöðvarinnar skipa fimm aðalmenn og þrjú varamenn.

STJÓRN NPA MIÐSTÖÐVARINNAR 2025-2026

Á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 31. maí 2025 var Rúnar Björn Herrera Þorkelsson kosinn formaður NPA miðstöðvarinnar til næstu tveggja ára.

Eftirfarandi stjórnarfólk, auk Rúnars, var kjorið í stjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi nýkjörinnar stjórnar sem hér segir:

Aðalstjórn NPA miðstöðvarinnar



Hallgrímur Eymundsson, meðstjórnandi og gjaldkeri til tveggja ára.



Margrét Sigríður Guðmundsdóttir, meðstjórnandi til eins árs.



Salóme Mist Kristjánsdóttir, meðstjórnandi til eins árs.



Þorbera Fjölvisdóttir, meðstjórnandi og varaformaður til tveggja ára.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir, fyrsti varamaður til eins árs.



Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, annar varamaður til eins árs.



Haldóra Sigríður Bjarnadóttir, þriðji varamaður til eins árs.

Varastjórn NPA miðstöðvarinnar

Hlutverk stjórnar er að

- móta faglegt starf NPA miðstöðvarinnar sem byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf.
- leggja línurnar í starfi miðstöðvarinnar.
- taka ákvarðanir um starfsemi félagsins og málefni á milli aðalfunda.

Framkvæmdastjóri stýrir rekstri skrifstofunnar í samræmi við áherslur stjórnar.

Fjöldi stjórnarfunda

7 FUNDIR
1. JÚNÍ 2025
-9. MAÍ 2026



3 FUNDIR
ÁRIÐ 2025

4 FUNDIR
ÁRIÐ 2026

FÉLAGSFÓLK NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Fimm nýir einstaklingar gengu í NPA miðstöðina á starfsárinu og í dag er félagsfólk NPA miðstöðvarinnar 68 talsins.

Þegar aðalfundur miðstöðvarinnar var haldinn í fyrra, þann 31. maí 2025, voru eigendur NPA miðstöðvarinnar einnig 68 talsins en af þeim hættu fjórir hjá miðstöðinni á starfsárinu og einn lést.


Af félagsfólki NPA miðstöðvarinnar eru 66 með NPA samninga en 2 með beingreiðslusamninga og var hlutfallið það sama í fyrra.

**Fjöldi félagsfólks
NPA miðstöðvarinnar í apríl 2026**

68 EINSTAKLINGAR
ERU FÉLAGSFÓLK
Í NPA MIÐSTÖÐINNI
AF ÞEIM ERU
66 MEÐ NPA SAMNING
2 MEÐ BEINGREIÐSLUSAMNING

Fyrir ári síðan, voru eigendur miðstöðvarinnar einnig 68 talsins.

FJÖLDI FÉLAGSFÓLKS NPA MIÐSTÖÐVARINNAR EFTIR SVEITARFÉLÖGUM APRÍL 2026



FÉLAGSFÓLK NPA MIÐSTÖÐVARINNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI SVEITARFÉLAGA VEGNA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll tilteknu þjónustusvæði sveitarfélags eða sveitarfélaga hvað varðar þjónustu sína við fatlað

fólk. Félagssólk NPA miðstöðvarinnar skiptist niður á 11 þjónustusvæði á landinu.

Búseta og þjónustusvæði félagsfólks NPA miðstöðvarinnar

Búseta félaga	Þjónustusvæði sveitarfélags/a
Reykjavík	Reykjavíkurborg
Kópavogur	Kópavogsbær
Garðabær	Garðabær
Hafnarfjörður	Hafnarfjarðarkaupstaður
Mosfellsbær	Þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps
Akranes	Akraneskaupstaður
Selfoss	Þjónustusvæði Bergrisans: Árborg, Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla
Ísafjörður	Ísafjarðarbær
Dalvíkurbyggð	Þjónustusvæði Norðurlands eystra
Akureyri	Akureyrarbær
Þingeyjarsveit	Norðurþing*, Skútustaðahreppur, Þingeyjarsveit, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð

*Norðurþing er skráð fyrir NPA samningnum þar sem Þingeyjarsveit er með samstarfssamning við Norðurþing um að annast málefni fatlaðs fólks fyrir Þingeyjarsveit.  Grafík: NPA miðstöðin | Silja

FALLNIR FÉLAGAR

NPA miðstöðin sá á eftir einum félagi á nýliðnu starfsári.

Kolbrún Skúladóttir fæddist 18. mars 1964 og lést þann 13. september síðastliðinn, þá 61 árs gömul. Kolbrún var með samning við Berg-

risann (Ölfus) og var félagi í NPA miðstöðinni frá ágúst til september 2025.

NPA miðstöðin þakkar Kolbrúnu samfylgdina og sendir aðstandendum innilegar samúðarkveðjur.

FJÖLDI AÐSTOÐARFÓLKS HJÁ FÉLAGSFÓLKI | APRÍL 2026

358

EINSTAKLINGAR GEGNDU STÖÐU NPA AÐSTOÐARFÓLKS HJÁ FÉLAGSFÓLKI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR Í MISMUNANDI STARFSHLUTFÖLLUM

Um svipað leyti í fyrra var aðstoðarfólkið 354 talsins.



**Sveinbjörn
Benedikt
Eggertsson**
félagsmaður
í NPA miðstöðinni

ÉG ER MJÖG GLAÐUR MEÐ NPA

Viðtal við **Sveinbjörn Benedikt Eggertsson** félagsmann í NPA miðstöðinni

Við hittum Sveinbjörn, félagan í NPA miðstöðinni og NPA verkstjórnanda, á heimili hans fyrir stuttu þar sem hann er að jafna sig eftir fótbrott og spjölluðum um lífið og NPA. Við byrjuðum á að spyrja Sveinbjörn að því hverju NPA hefði breytt fyrir hann og það stóð ekki á svari. „Öllu! Ég á stóra fjölskyldu úti á landi og ég get ferðast og hitt þau. Og ég get ferðast um heiminn.“

Skellti sér á þjóðhátíð

Síðasta sumar fór Sveinbjörn á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina. „Ég fór á þjóðhátíð, mér var komið á óvart. Stefnan er sett á að fara aftur á þjóðhátíð og gera þetta bara árlegt. Ég sá Bjögga Halldórs, blessuð sé minning hans, stíga á svið í síðasta skipti.“

Sveinbjörn segir að það sé margt sem hann geti gert með NPA sem hann gat ekki gert áður. „Hitta fjölskylduna mína sem býr úti á landi og stunda nám og alls konar.“ En líðan þín? „Hún er miklu betri. Nú er ég bara með mína starfsmenn 24/7, sem er magnað. Ég er mjög glaður með NPA,“ segir Sveinbjörn.

Ánægður með aðstoðarfólkið

Sveinbjörn segir að hann sé duglegur að sækja þau námskeið sem NPA miðstöðin býður upp á. Þá hefur hann einnig fengið aðstoð frá ráðgjöfum með hvernig á að vera verkstjórnandi. „Að koma rétt fram við starfsfólk. En ég er mjög ánægður með starfsfólkið mitt.“

Áður en Sveinbjörn fékk NPA bjó hann í íbúðarkjarna. Þar fékk Sveinbjörn ekki þá þjónustu sem hann þurfti. „Ég fékk innlit í klukkutíma á dag og þurfti að bíða eftir því. Ég þurfti að fara upp í rúm á ákveðnum tíma í búsetukjarnanum, núna þarf ég ekki að fara upp í rúm á ákveðnum tíma.“

Sveinbjörn stundar boccia af miklum móð og keppir á bocciamótum víða um land. Áður en hann fékk NPA gat hann ekki valið hvaða starfsfólk færi með honum. „Ég gat ekki valið starfsfólk. Bara nú ertu að fara og ég gat ekki ráðið hver fór með mér.“

NPA breytti lífinu til hins betra

Að sögn Sveinbjörns breytti NPA lífi hans til hins betra og fjölskylda hans er ánægð með þá þjónustu sem hann fær nú. „Ég get hitt ættingjana mína, farið á djammið þegar mig langar og farið allt sem mig langar án stopps.“

Sveinbjörn er mikill knattspyrnuáhugamaður. „Ég er mikill Bliki og er Manchester United aðdáandi og stefnan er að fara út með pabba og fjölskyldunni í

haust.“ Þá hefur Sveinbjörn lokið diplómu í tómsunda- og félagsmálafræði með stæl og stefnir á BA gráðu í tómsunda- og félagsmálafræði þegar farið verður að bjóða upp á það.

Sveinbjörn er maður margra hatta og er í stjórnnum ýmissa félagasamtaka. Þannig er Sveinbjörn varaformaður Þroskahjálpar, varaformaður Átaks, fólks með þroskahömlun og er formaður stuðningsmannasveitar Aftureldingar. Auk þess er hann ritari í notendaráði fatlaðra í Mosfellsbæ. „Og þá tek ég með mér minn aðstoðarmann á fund hjá notendaráði sem skrifar niður á fundinum,“ segir Sveinbjörn og bætir við að hann gæti þetta ekki nema með NPA.

Þá ferðast Sveinbjörn mikið. „Ég er bara í útilegum á sumrin, ég er ekki í bænum,“ segir Sveinbjörn sem leggur oft land undir fót með litlum fyrirvara og nefnir sem dæmi. „Æi það er gott veður á Akureyri, skellum okkur til Akureyrar. Það er gott veður á Húsavík, skellum okkur til Húsavíkur,“ segir Sveinbjörn að lokum.

„Öllu! Ég á stóra fjölskyldu úti á landi og ég get ferðast og hitt þau. Og ég get ferðast um heiminn.“

Sveinbjörn Benedikt Eggertsson



STARFSFÓLK OG STARFSEMI Á SKRIFSTOFU

FJÖLDI STARFSFÓLKS Á SKRIFSTOFU

Fjöldi starfsfólks í apríl 2026

18 **FASTRÁÐIÐ**
STARFSFÓLK STARFAR
Á SKRIFSTOFUNNI

Fjöldi á starfsárinu

2 **LAUSRÁÐNIR**
STARFSMENN STÖRFUÐU
AÐ TILTEKNUM VERKEFNUM

Í lok árs 2025 var fastráðið starfsfólk á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar einnig 18 talsins.

STARFSFÓLK SKRIFSTOFU

Stoðteymi

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður
Hjörtur Örn Eysteinnsson, framkvæmdastjóri
Silja Steinunnardóttir, samskiptastýra
Andri Valgeirsson, tæknistjóri
Erna Eiríksdóttir, fræðslustýra
Anna Íris Pétursdóttir, fræðslufulltrúi

NPA ráðgjafateymi

Alexandra Dögg Einarsdóttir
Ástrós Anna Klemensdóttir
Brekki Arnarsson,
útibúi NPA miðstöðvarinnar á Akureyri
Elísabet Jenný Hjálmarsdóttir
Jón Pálmar Björnsson
Katrín Einarsdóttir
Petra Þórðardóttir

Bókhaldsteymi

Daníel Páll Jónasson, skrifstofustjóri
Ester Sveinbjarnardóttir
Regína Þorvaldsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Sigurdís Rós Jóhannsdóttir

Lausráðið fólk í sérstöku verkefnum

Ágústa Arna Sigurdórsdóttir, textasmiður
Katrín Oddsdóttir, lögmaður

STOÐTEYMI

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson er formaður stjórnar og starfar á skrifstofunni sem full-



trúi stjórnar og félagsfólks. Segja má að hann sé áttavitinn í starfi miðstöðvarinnar. Hlutverk formanns er m.a. að tryggja að allar framkvæmdir NPA miðstöðvarinnar séu verkstjórnendum í hag með því að skipta sér af öllu í starfseminni. Auk þess situr Rúnar í ýmsum nefndum, kemur fram opinberlega og ryður brautina í hagsmunabaráttu fyrir fatlað fólk og NPA.

Meðal verkefna formanns eru:

- Að vera tengiliður milli stjórnar og skrifstofu, ásamt framkvæmdastjóra.
- Náið samstarf við framkvæmdastjóra.
- Álitsgjöf og aðstoð við allt starfsfólk á skrifstofu við fjölbreytt verkefni.
- Sitja starfsfundi, fundi ráðgjafa, fundi með bókurum og vera mikilvæg rödd í stefnumótunarstarfi miðstöðvarinnar.
- Gæta þess að hugmyndafræðin um sjálfstætt líf sé ávallt í heiðri höfð í starfi miðstöðvarinnar.
- Vera andlit NPA miðstöðvarinnar út á við og sitja í nefndum og ráðum um málefni fatlaðs fólks og NPA.

Hjörtur Örn Eysteinnsson er framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar. Hjörtur hóf störf



hjá NPA miðstöðinni í október 2015 og var þá eini starfsmaður NPA miðstöðvarinnar. Hjörtur hefur yfirumsjón með starfsemi NPA miðstöðvarinnar og dag-

legum rekstri hennar og ber ábyrgð á því að hrinda ákvörðunum stjórnar í framkvæmd.

Verkefni hans eru m.a. eftirfarandi:

- Framfylgja stjórnarsamþykktum og öðrum ákvörðunum stjórnar.
- Yfirumsjón með daglegri starfsemi NPA miðstöðvarinnar.
- Yfirumsjón með fjárhagslegu uppgjöri miðstöðvarinnar í samstarfi við bókhaldsteymi miðstöðvarinnar, endurskoðendur félagsins og gjaldkera stjórnar.
- Hafa yfirsýn yfir rekstur miðstöðvarinnar og að útgjöld og tekjur séu í samræmi við rekstraráætlun.
- Hafa yfirumsjón með og annast hina ýmsu samninga og tengd skjöl.
- Eiga samskipti við félagsfólk, aðstoðarfólk, ýmsa opinbera aðila hjá ríki og sveitarfélögum o.fl.
- Veita sérhæfða ráðgjöf og þjónustu, t.d. er varðar réttinn til NPA og margt fleira.
- Veita ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitamál.
- Skrifa umsagnir við frumvörp, þingsályktunartillögur og reglur og stefnur sveitarfélaga.
- Leiða kjaraviðræður og gerð kjarasamninga.
- Starfsmannamál og margt fleira.

Silja Steinunnardóttir er samskiptastýra miðstöðvarinnar.



Silja hóf störf sem verkefnastýra hjá NPA miðstöðinni í janúar 2017 en hóf störf sem samskiptastýra árið 2020. Samskiptastýra hefur yfirumsjón með upplýsingamiðlun á vegum NPA miðstöðvarinnar og heldur utan um ásýnd miðstöðvarinnar.

Verkefni hennar eru m.a. eftirfarandi:

- Umsjón með upplýsingamiðlun á vegum NPA miðstöðvarinnar.
- Tryggja gæði á útgefnu efni og kynningum.
- Sjá um að efni NPA miðstöðvarinnar sé framsett í samræmi við hönnunarstaðal og halda utan um ásýnd miðstöðvarinnar í heild sinni.
- Yfirsýn yfir kynningar- og markaðsstarf

NPA miðstöðvarinnar og umsjón kynningarherferða.

- Annast faglegt samstarf við auglýsinga- og markaðsstofur og samskipti við fjölmiðla.
- Skrifa greinar og aðstoða formann, framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn NPA miðstöðvarinnar við ýmis verkefni tengd miðlun upplýsinga.
- Umsjón með útgáfu ársskýrslu NPA miðstöðvarinnar.
- Umsjón með viðhaldi og útgáfu efnis á samfélagsmiðlum.
- Umsjón með ásýnd og efni á vef miðstöðvarinnar.
- Umsjón með upplýsingapóstum til félagsfólks og aðstoðarfólks.
- Umsjón með fréttabréfi NPA miðstöðvarinnar.
- Taka þátt í undirbúningi og framkvæmd viðburða á vegum NPA miðstöðvarinnar.

Auk þess hefur samskiptastýra komið að ýmsum öðrum verkefnum í gegnum tíðina. Hún sá t.d. um samskipti við heilbrigðis- yfirvöld og hélt utan um bólusetningarlista félagsfólks og aðstoðarfólks miðstöðvarinnar á tímum COVID-19, ýtti vinnu við siðasáttmála miðstöðvarinnar úr vör o.fl. Hún var einnig starfandi framkvæmdastýra í fjarveru framkvæmdastjóra í 6 vikur árið 2023 og 8 mánuði árið 2024.

Andri Valgeirsson er tæknistjóri miðstöðvarinnar.



Andri hefur starfað hjá miðstöðinni frá nóvember 2018, fyrst sem ráðgjafi, en tók árið 2023 alfarið við ábyrgð á tæknistjórn og upplýsingatæknimálum. Hann ber ábyrgð á fjölbreyttum verkefnum á sviði upplýsingatækni, tækjabúnaðar, kerfisrekstrar og tæknilegrar þjónustu.

Verkefni hans eru m.a. eftirfarandi:

- Umsjón með tækjabúnaði starfsfólks á skrifstofu og tæknileg aðstoð.
- Innkaup á tölum, fundarbúnaði og öðrum tæknibúnaði, ásamt uppsetningu og innleiðingu.
- Uppsetning, viðhald og uppfærsla ýmissa kerfa, svo sem Microsoft-lausna, innleiðing

Odoo-kerfisins, lagfæringar í Tímon og aðgangsstýringar í Alfreð.

- Umsjón með netkerfi skrifstofunnar.
- Umsjón með öryggiskerfi Securitas.
- Umsjón með tæknimálum vefsíðu.
- Samskipti við þjónustufyrirtæki vegna kerfis- og tæknibúnaðar.
- Tæknileg aðstoð við félagsfólk.
- Kynning á tækninýjungum fyrir starfsfólki, stjórn og félagsfólki.
- Ýmis almenn aðstoð á skrifstofu.

Erna Eiríksdóttir er fræðslustýra miðstöðvarinnar.



Erna tók við hlutverki fræðslustýru í maí 2023 en hafði þá starfað sem ráðgjafi hjá NPA miðstöðinni frá því í mars 2021. Erna stýrir fræðsluverkefnum NPA miðstöðvarinnar og vinnur að þróun og uppbyggingu þeirra.

Verkefni hennar eru meðal annars:

- Þróun á fræðsluefni NPA miðstöðvarinnar.
- Undirbúningur allra námskeiða og fræðsluviðburða
- Samskipti við gestafyrirlesara.
- Skipulagning á viðburðum.
- Einstaklingsmiðuð fræðsla fyrir verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra.
- Fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar, t.d. í Háskóla Íslands, hjá félagasamtökum, sveitarfélögum og öðrum opinberum stofnunum.
- Uppfærsla á handbók verkstjórnenda og skrif á handbók aðstoðarfólks (sem er í vinnslu).
- Aðstoð fyrir ráðgjafa varðandi ýmis mál tengd stjórnáslunni.
- Þátttaka í alþjóðastarfi, t.d. verkefnum Nordic Competence Center on Personal Assistance (NCCPA) með systurfélögum NPA miðstöðvarinnar á Norðurlöndunum.

Anna Íris Pétursdóttir, fræðslufulltrúi gekk til liðs við Ernu í apríl 2025 til að



aðstoða við fræðslustarf NPA miðstöðvarinnar en hún starfaði áður sem ráðgjafi frá því í mars 2023. Helstu verkefni Írisar varða þróun á fræðsluefni og

myndbandsgerð í samstarfi við Ernu, ásamt skipulagningu viðburða.

LAUSRÁÐIÐ STARFSFÓLK



Ágústa Arna Sigurdórsdóttir, félagskona í NPA miðstöðinni, er í stoðteymi NPA miðstöðvarinnar og starfar að tilteknum verkefnum í samstarfi við samskiptastýru.

Helstu verkefni Ágústu eru:

- Umsjón með Facebook.
- Textaskrif.
- Skrif og ritstýring fréttabréfs miðstöðvarinnar.
- Skrif og uppsetning upplýsinga- og fræðsluefnispósta til félags- og aðstoðarfólks.
- Skrif á nýju efni fyrir vef NPA miðstöðvarinnar.
- Skrif í ársskýrslu miðstöðvarinnar.

Katrín Oddsdóttir, lögmaður, hefur undanfarið verið í föstu hlutverki hjá NPA miðstöðinni hvað varðar lögfræðilega ráðgjöf og aðstoð við rekstur ýmissa mála sem NPA miðstöðin, eða félagsfólk hennar, hefur átt aðild að.

STÖRF NPA RÁÐGJAFNA

Sjö ráðgjafar störfuðu hjá miðstöðinni í desember síðastliðnum og eru enn sjö talsins í dag.

Hlutverk og verkefni ráðgjafa

Hlutverk NPA ráðgjafa er að ráðleggja og styðja við verkstjórnendur og aðstoðarfólk í hlutverki sínu til að stuðla að farsælli framkvæmd á NPA.

Störf NPA ráðgjafa eru mjög fjölbreytt enda er það einstaklingsbundið hvað hver og einn verkstjórnandi eða aðstoðarmanneskja þarf ráðgjöf eða aðstoð við og að sama skapi einstaklingsbundið hvernig þjónustu fólk nýtir sér helst hjá miðstöðinni. Meðan sum vilja aðstoð við þætti sem lúta að daglegri verkstjórn, þá eru önnur sem hafa þegið aðstoð NPA miðstöðvarinnar við að reka sín mál innan kerfisins, hvort sem er hjá stjórnáslunni eða innan dómskerfisins.

RÁÐGJAFAR NPA MIÐSTÖÐVARINNAR



STARFSFÓLK BÓKHALDSTEYMISS



Ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar veita ráðgjöf og aðstoða félagsfólk t.d. við eftirfarandi:

- Vakta- og viðveruáætlanir.
- Skráningar viðveru í Tímon.
- Auglýsa eftir aðstoðarfólki.
- Taka atvinnuviðtöl.
- Ráðningar.
- Uppsagnir.
- Samningagerð.
- Útskýra kjarasamninga.
- Útreikninga á launakostnaði.
- Undirbúning fyrir ferðalög með aðstoðarfólki.
- Samskiptaerfiðleika eða aðrar áskoranir sem beina þarf í réttan farveg.
- Samskipti við sveitarfélög, m.a. til að þrýsta á um réttindi félagsfólks.
- Margt fleira sem tengist framkvæmd NPA.

Hagsmunagæsla ráðgjafa

Ráðgjafar styðja félagsfólk ekki eingöngu varðandi atriði sem lúta að daglegri verkstjórn heldur aðstoða félagsfólk iðulega í samskiptum við sitt sveitarfélag og hafa ítrekað fengið í gegn stækkanir og breytingar á samningum félagsfólks.

Ráðgjöf til aðstoðarfólks og almenn þjónusta

Ráðgjafar eru einnig til staðar fyrir aðstoðarfólk. Þeir veita aðstoðarfólki ráðgjöf, svara spurningum um réttindi þeirra og skyldur og aðstoða með öðrum hætti.

Ráðgjafar veita einnig öðrum sem eru áhugasöm um NPA, upplýsingar um NPA, réttinn til NPA, hvernig sótt er um NPA o.fl.

STÖRF BÓKHALDSTEYMISS OG SKRIFSTOFUSTJÓRA

Í dag sinna fimm starfsmenn bókhaldi og launavinnslu hjá miðstöðinni og felast verkefni þeirra í megindráttum í bókhaldi NPA miðstöðvarinnar og öllu því sem tengist launagreiðslum til aðstoðarfólks og starfsfólks á skrifstofu.

Verkefni tengd launavinnslu og bókhaldi NPA miðstöðvarinnar eru margþætt og gefur eftirfarandi upptalning innsýn í helstu verkefni bókhalds- og launadeildar:

- Launaútreikningar aðstoðarfólks, breytingar á launum og önnur tengd verkefni.
- Utanumhald með orlofs- og veikindarétti aðstoðarfólks.
- Bókun innborgana, launa, rekstrar-kostnaðar og annarra fjármagnshreyfinga.
- Útgáfa vottorða fyrir aðstoðarfólk.
- Vinnsla rekstrarskýrsla (NPA innsýn) fyrir notendur og sveitarfélög.
- Reikningagerð og greiðsla reikninga.
- Afstemmingar bókhalds og forvinnsla ársuppgjörs fyrir endurskoðendur NPA miðstöðvarinnar.
- Samskipti við sveitarfélög, verkstjórnendur og aðstoðarfólk.

Daníel Páll Jónasson er skrifstofustjóri NPA miðstöðvarinnar. Daníel hefur starfað sem bókari og launafulltrúi í bókhaldsteymi miðstöðvarinnar síðan í janúar 2023 en hefur frá því í október 2024 gegnt stöðu skrifstofustjóra samhliða bókhaldi og launaútreikningi.

Fjöldi starfsfólks í lok árs og starfsmannavelta (%)

Ár	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026*
Fjöldi fastráðinna	1	1	2	4	7	8	11	12	17	17	18	18
Starfslok	0	0	0	0	0	1	2	1	2	3	2	0
Hlutfall % starfsm. veltu	0	0	0	0	0	12,5	18,2	8,3	11,7	17,6	11,1	0
Lausráðið starfsfólk									3	2	2	2

*Endanleg tala fyrir árið 2026 fæst ekki fyrr en í lok árs.

 Grafík: NPA miðstöðin | Silja

Verkefni hans sem skrifstofustjóri eru m.a. eftirfarandi:

- Utanumhald, umsjón og útreikningur á launum starfsfólks á skrifstofu.
- Utanumhald með orlofsrétti, frítökurétti og veikindarétti starfsfólks á skrifstofu.
- Umsjón með kjarasamningsbundnum réttindum og styrkjum til starfsfólks á skrifstofu.
- Gerð mánaðarlegra rekstrarskýrsla fyrir skrifstofuna.
- Innkaup og umsjón með rekstrarvörum, veitingum á kaffistofu og veitingum fyrir viðburði.

Að auki hefur Daníel séð um að hanna, viðhalda og endurbæta NPA innsýn, mánaðarlegar rekstrarskýrslur sem sendar eru félagsfólki og sveitarfélögum, auk gagnagrunns fyrir NPA innsýn sem eykur yfirsýn ráðgjafa og bókhalds.

STARFSMANNAHALD Á SKRIFSTOFU NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Taflna hér fyrir ofan veitir innsýn í starfsmannaveltu NPA miðstöðvarinnar í gegnum árin. Ekki er tekið tillit til starfshlutfalls starfsfólks. Hafa ber í huga að endanlegar tölur fyrir 2026 munu ekki liggja fyrir fyrr en í lok árs.

STARFSFÓLK SEM SINNIR SÉRTÆKUM VERKEFNUM**Fræðsla og þjónusta iðjubjálfa**

NPA miðstöðin hefur um árabíl boðið félagsfólki sínu upp á endurgjaldslausa þjónustu iðjubjálfa. Félagsfólk á höfuðborgarsvæðinu hefur getað bókað slíka þjónustu í gegnum ráðgjafa sinn en síðastliðið ár hefur NPA miðstöðin þó ekki verið með samning við fastan iðjubjálfa.

Í mars á þessu ári var upplýst að NPA miðstöðin hefði gert samstarfssamning við Rakel Björk Gunnarsdóttur iðjubjálfa sem mun nú annast þjónustu við félagsfólk miðstöðvarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir er NPA miðstöðin með samstarfssamning við iðjubjálfa Deborah Robinson um þjónustu við félagsfólk miðstöðvarinnar á Norðurlandi.

Iðjubjálfi veitir verkstjórnendum ráðgjöf sem snýr að vinnuaðstöðu, líkamsbeitingu, vali og notkun á hjálpartækjum og aðlögun umhverfis með það að markmiði að stuðla að öryggi, sjálfstæði og vellíðan í daglegu lífi og starfi.

Almenn ánægja hefur verið meðal félagsfólks með aðgengi að þjónustu iðjubjálfa og hvetur NPA miðstöðin félagsfólk eindregið til að nýta sér þá þjónustu.

Trúnaðarmaður aðstoðarfólks

Sigurður Egill Ólafsson er trúnaðarmaður þess aðstoðarfólks NPA miðstöðvarinnar sem er í stéttarfélaginu Eflingu. Allt aðstoðarfólk NPA miðstöðvarinnar getur sent honum fyrirspurn eða óskað eftir samtali við hann.

Í apríl 2026 tilkynnti Efling NPA miðstöðinni um kjör tveggja nýrra trúnaðarmanna og yrðu trúnaðarmenn hjá miðstöðinni því þrír. NPA miðstöðin hefur gert athugasemdir við þessar skipanir. Að mati NPA miðstöðvarinnar er eingöngu heimild til þess að skipa tvo trúnaðarmenn hjá NPA miðstöðinni en ekki þrjá, þar sem í kjarasamningum er eingöngu gert ráð fyrir þremur trúnaðarmönnum í þeim tilvikum sem fleiri en 120 starfa á sömu starfsstöð. Aðstoðarfólk NPA miðstöðvarinnar starfar ekki allt á einni starfsstöð heldur mörgum, þ.e. hjá verkstjórnendum sínum. Listi trúnaðarmanna verður uppfærður þegar úr þessu hefur verið leyst.



REKSTUR OG FJÁRHAGUR NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Velta NPA miðstöðvarinnar á árinu 2025 voru tæpir 3,2 milljarðar á árinu, jókst um tæp 15% frá árinu á undan og hafa umsvif miðstöðvarinnar aldrei verið meiri.

Hagnaður, um 48 milljónir kr. (1,5% af veltu ársins), varð af starfseminni skv. ársreikningi fyrir árið 2025, samanborið við um 17 milljónir kr. hagnað árið á undan.

NPA miðstöðin hefur varið miklum tilkostnaði í uppbyggingu á þjónustu sinni, húsnæði og öðrum innviðum undanfarin ár og styrkt þannig starfsemi sína. Allur hagnaður sem orðið hefur á starfsemi miðstöðvarinnar sl. þrjú ár er til kominn vegna fjármagnstekna.

Samanlögð rekstrarniðurstaða af sjálfum rekstri NPA miðstöðvarinnar á þessu tímabili er neikvæð um um það bil 6 milljónir, en umframtekjur miðstöðvarinnar í formi fjár-

VELTA
2025

3,2

MILLJARÐA
VELTA

HAGNAÐUR
2025

48

MILLJÓNIR
KRÓNA

1,5% af veltu ársins

HAGNAÐUR
2024

17

MILLJÓNIR
KRÓNA

0,6% af veltu ársins

EIGIÐ FÉ VIÐ
ÁRSLOK 2025

165,6

MILLJÓNIR
KRÓNA

magnstekna hafa skilað miðstöðinni samfelldum hagnaði á þessu tímabili. Þessi hagnaður verður, líkt og undanfarin ár, nýttur, ásamt handbæru fé, til þess að efla áfram þjónustu, fræðslu og ráðgjöf og styrkja rekstur og stöðu NPA miðstöðvarinnar.

Eigið fé félagsins var jákvætt sem nemur 165,5 millj. kr. við árslok skv. efnahagsreikningi.

Í samræmi við ályktun á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar árið 2021, hefur NPA miðstöðin fengið fulla endurskoðun frá og með árinu 2021 og hafa endurskoðendur annast kynningu á ársreikningi NPA miðstöðvarinnar á aðalfundi.



STARFSÁRIÐ 2025-2026 HJÁ NPA MIÐSTÖÐINNI



STUTT YFIRLIT YFIR STARFSÁRIÐ

Formlegu innleiðingarferli NPA lauk um áramótin 2024/2025 en það þýðir þó ekki að innleiðingu NPA sé að öllu leyti lokið. Einungis 127 NPA samningar eru virkir á landinu öllu, þrátt fyrir að ríkissjóður hafi tryggt mótframlag fyrir allt að 172 NPA samningum. Þá liggur fyrir að í nokkrum sveitarfélögum eru biðlistar eftir NPA. Þetta þýðir að rétturinn til NPA er ekki tryggður öllu fötluðu fólki og mikilvægt að greina hvar flöskuhálsinn er sem fyrst. Stjórnvöld þurfa að ganga úr skugga um að allt fatlað fólk sem á rétt á og þarf á NPA að halda, eigi kost á þeirri þjónustu.

TRAUSTUR REKSTUR

Umsvif NPA miðstöðvarinnar hafa farið vaxandi á liðnum árum og hafa þau aldrei verið meiri en á liðnu starfstímabili. Reksturinn stendur traustum fótum sem hefur gert miðstöðinni kleift að efla þjónustu við sitt félagsfólk enn frekar.

STÖÐUGLEIKI Í STARFSEMINNI

Stöðugleiki hefur einkennt liðið starfsár, en nú hefur skrifstofa NPA miðstöðvarinnar á að skipa óbreyttum starfshópi sem hefur starfað saman um nokkurra ára skeið. Þetta hefur í för með sér að starfsfólk skrifstofunnar er sífellt að byggja upp meiri sérþekkingu og kunnáttu þegar kemur að NPA og þjónustu við félagsfólk.

Grunnurinn í starfsemi NPA miðstöðvarinnar, nú sem endranær, er umsýsla NPA samninga, ráðgjöf við félagsfólk og aðstoðarfólk, fræðslustarf, miðlun upplýsinga, hagsmunagæsla og réttindabarátta.

Á nýliðnu starfsári hefur hins vegar áframhaldandi innleiðing Odoo kerfisins og frekari þróun verkferla áfram verið rauður þráður í starfseminni á skrifstofunni. Vinnsla fræðsluefnis í myndbandsformi hefur svo sett mikinn

svip á starf fræðsluteymisins, auk þess sem nefndastörf og þróun bakvarðasveitar aðstoðarfólks hafa verið í brennidepli.

Meðal helstu verkefna og nýjunga á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar á nýliðnu starfsári má nefna eftirfarandi:

- Áfram var unnið að innleiðingu Odoo kerfisins og nú er svo komið að starfsfólks skrifstofu nýtir sér nánast alla hluta Odoo kerfisins fyrir utan bókhaldshlutann. Unnið er að því að færa vinnslu bókhalds úr DK yfir í Odoo. Að því loknu hefst þróun á þeim hluta kerfisins sem verkstjórnendur munu nota t.d. fyrir mínar síður, til tímaskráninga o.fl.
- Innleiðing verkferla og aukin sjálfvirkni í bókhaldi, samhliða innleiðingu Odoo og áframhaldandi endurskoðun og útfærsla á NPA innsýn.
- Áframhaldandi þróun verkferla hjá ráðgjöfum, samhliða innleiðingu Odoo.
- Verklag á milli ráðgjafa og bókhalds hefur verið í stöðugri þróun og upplýsingaflæði á milli bókhalds- og ráðgjafateymanna einfaldað.
- Skjöl sem halda utan um veikindarétt aðstoðarfólks voru endurbætt og fínstillt.
- Þjónustukönnun var send til verkstjórnenda þar sem leitast var við að meta ánægju með störf ráðgjafa og þjónustu NPA miðstöðvarinnar. Vonir standa til þess að þjónustukannanir verði sendar með reglubundnum hætti til félagsfólks.
- Tillaga um uppbyggingu bakvarðasveitar aðstoðarfólks sem ætlað er að bregðast við skyndilegum forföllum, t.d. vegna veikinda aðstoðarfólks, var kláruð. Vonir standa til að úrræðið taki

NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

10 NÁMSKEIÐ FYRIR FÉLAGSFÓLK OG AÐSTOÐARFÓLK

1 FRÆÐSLU-SPJALL FYRIR FÉLAGSFÓLK

4 FRÆÐSLUERINDI UTAN NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

FÉLAGSFUNDIR, VIÐBURÐIR, ERINDI OG RÁÐSTEFNUR

1 AFMÆLISHÁTÍÐ Í TILFNI AF 15 ÁRA AFMÆLI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

2 SKEMMTIVIÐBURÐIR FYRIR FÉLAGSFÓLK OG STARFSFÓLK SKRIFSTOFU

1 ERINDI Á RÁÐSTEFNU RÁÐGGJAFAR- OG GREININGARSTÖÐ RÍKISINS OG GLÓ

MIÐLUN UPPLÝSINGA

9 UPPLÝSINGAPÓSTAR SENDIR TIL FÉLAGSFÓLKS OG AÐSTOÐARFÓLKS

4 FRÆÐSLU- OG VIÐBURÐAPÓSTAR SENDIR TIL FÉLAGSFÓLKS

1 FRÉTTABRÉF SENT TIL FÉLAGSFÓLKS OG AÐSTOÐARFÓLKS

KYNNINGARÁTAK Í AÐDRAGANDA SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA

10 HEIMSÓKNIR STJÓRN MÁLAFLOKKA

4 GREINAR BIRTAR Á VÍSI

2 KYNNINGARHERFERÐIR

UMSAGNIR OG ÚRSKURÐIR

1 UMSÖGN UM REGLUGERÐIR EÐA FRUMVÖRP

1 ÚRSKURÐUR FÉLL Í MÁLI SEM MIÐSTÖÐIN HAFÐI LAGT FYRIR ÚRSKURÐARNEFND VELFERÐARMÁLA

 Grafík: NPA miðstöðin | Silja

gildi þegar í stað, að því gefnu að það hljóti samþykki við kosningu á aðalfundi 2026.

- Áhættumat fyrir verkstjórnendur var endurskoðað í heild sinni og uppfært, á nýliðnu starfsári.
- Reglulegir samráðsfundir með sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu með það að leiðarljósi að efla samstarf ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar og ráðgjafa sveitarfélaganna hófust í vetur og hefur farið fjölgandi á nýju ári.
- Áframhaldandi uppbygging á fræðslustarfi miðstöðvarinnar með auknu framboði af námskeiðum, bæði á íslensku og ensku, auk sérþækra námskeiða sérstaklega fyrir verkstjórnendur og fræðslu á ýmsum vettvangi utan NPA miðstöðvarinnar.
- Fræðslunefnd hélt tvo fundi á starfsárinu þar sem farið var yfir áform um gerð fræðsluefnis á myndbandsformi og hvernig væri hægt að efla fræðslustarf

NPA miðstöðvarinnar enn frekar, t.d. með sérhæfðari námskeiðum og auknum jafningjastuðningi í formi óformlegra fræðsluviðburða.

- Áframhaldandi þróun og gerð fræðsluefnis, þá sérstaklega fræðsluefni í myndbandsformi sem var tekið upp á haustmánuðum og er í vinnslu.
- NPA miðstöðin stóð fyrir tveimur skemmtiviðburðum fyrir félagsfólk en af viðburðum stóð 15 ára afmælishátíð NPA miðstöðvarinnar þann 16. júní 2025 lang hæst.
- Inga Sæland, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra þáði boð NPA miðstöðvarinnar um heimsókn í miðstöðina í tilefni af sjö ára afmæli lögfestingar NPA hér á landi þann 1. október síðastliðinn.
- Upplýsingapóstar til félagsfólks og aðstoðarfólks hafa fest sig í sessi og eru þeir sendir út flesta mánuði ársins. Á liðnu starfsári voru 9 upplýsingapóstar sendir

til félagsfólks og aðstoðarfólks. Auk þess var í upphafi 2026 ákveðið að skipta efni upplýsingapóstanna í tvennt og senda upplýsingar um námskeið, fræðsluviðburði og aðra viðburði í sér pósti, einnig mánaðarlega.

- Fjórir fræðslu- og viðburðapóstar voru sendir til félagsfólks.
- NPA miðstöðin var áfram virk á samfélagsmiðlunum Facebook og Pinterest og að einhverju leyti á Instagram og LinkedIn en byrjaði auk þess á TikTok í apríl.
- NPA miðstöðin heldur úti kynningarátaki sem hófst í apríl 2026 og stendur fram að sveitarstjórnarkosningum þann 16. maí 2026. Miðstöðin hefur birt myndbönd frá stjórnmalaflokkum þar sem fulltrúar þeirra fjalla um NPA í stuttu máli. Nú nýverið fór í loftið „Dagur í lífi“ kynningarátak þar sem félagsfólk veitir innsýn í líf sitt með NPA. Fjöldi stjórnmalaflokka hafa sent fulltrúa sína til að heimsækja NPA miðstöðina, bæði í Urðarhvarfinu og á Akureyri, til að ræða NPA og kynnast starfsemi miðstöðvarinnar. Auk þess hefur birst nokkur fjöldi greina á Vísi um ýmislegt sem snýr að NPA og málefnum fatlaðs fólks.
- Áframhaldandi þátttaka í verkefnum í alþjóðlegu samstarfi, s.s. verkefnum tengdum þátttöku í NCCPA (Nordic Competence Center foron Personal

Assistance) sem er Norrænn samstarfsvettvangur fyrir NPA miðstöðina og systurfélög til að hittast reglulega og ræða stöðu NPA mála á Norðurlöndunum svo við getum lært af hvort öðru.

- Á árunum 2025 og 2026 hefur NPA miðstöðin fundað með fulltrúum Eflingar og Starfsgreinasambandsins. Markmið NPA miðstöðvarinnar var að kjarasamningur NPA aðstoðarfólks yrði endurskoðaður með það að leiðarljósi að einungis verði um einn kjarasamning að ræða, í stað þriggja eins og er nú. Ekki hefur náðst samstaða um gerð nýs kjarasamnings en hins vegar telja viðsemjendur rétt að útbúa á þessu stigi nýtt skjal sem sameinar þá þætti sem skipta mestu máli fyrir NPA verkstjórnendur og aðstoðarfólk í eitt leiðbeiningarskjal.
- NPA miðstöðin hefur áfram sinnt hagsmunagæslu fyrir fatlað fólk og rétti þess til sjálfstæðs lífs, gagnvart ríki og sveitarfélögum og veitt stjórnvöldum aðhald, t.d. með því að reka mál fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála, höfða einkamál gegn sveitarfélagi, beina erindi til Umboðsmanns Alþingis, rita umsagnir um lagafrumvörp og beina erindi til Persónuverndar sem enn er beðið eftir niðurstöðu frá, auk þess sem fulltrúar miðstöðvarinnar sitja í ýmsum nefndum.



orku hisó
SAGAHAUSINN ÍSLANDS
LEGNASTÓRN
HÁSKÓLA
DOMUS
hamafeknar
NVA
Lyfjafab
A



REKSTUR SKRIFSTOFU

NPA miðstöðin rekur starfsemi sína í skrifstofuhúsnæði í Urðarhvarfi 8A í Kópavogi og rekur einnig útibú á Akureyri, að Skipagötu 16, 2. hæð.

SKRIFSTOFAN URÐARHVARFI

Starfsemi NPA miðstöðvarinnar var flutt í 700m² húsnæði í Urðarhvarfi árið 2020. Fyrstu árin var skrifstofurýmið innréttað í áföngum og er það ferli vel á veg komið. Þó eru enn einstaka rými sem mætti bæta og einnig hefur hugur staðið til þess að innrétta eitt baðherbergjanna með skipti- og þvottaaðstöðu fyrir fullorðna. Engin verkefni tengd húsnæðinu og innréttingu þess voru í gangi á nýliðnu starfsári og ekki liggur fyrir hvenær ráðist verður í ofangreind verkefni. Það ræðst m.a. af fjármagni og almennri forgangsröðun verkefna á skrifstofu. Mjög takmarkað var verslað af húsgögnum á árinu.

Aðgengi

Húsnæði NPA miðstöðvarinnar er mjög aðgengilegt fyrir fatlað fólk. Þrátt fyrir að skrifstofan sé á annarri hæð, þá er hægt að ganga beint inn í rými miðstöðvarinnar frá bílastæði og einnig beint úr bílskýli. Lyftur eru í húsinu og inngangar að húsnæðinu opnast sjálfkrafa.

Leitast er við að tryggja gott aðgengi á skrifstofu miðstöðvarinnar. Salerni eru rúmgóð, borð eru hæðarstillanleg og eiga að tryggja þægindi fólks sem notar ólíka hjólastóla og hluti eldhúsinnréttingarinnar er aðgengilegur, svo dæmi sé tekið.

Tæknibúnaður fyrir fundi af öllum stærðum

Á skrifstofunni eru fundarkerfi í fundarherbergjunum sem auka gæði og einfalda framkvæmd rafrænna funda, auk hljóðkerfis, þar á meðal hljóðnemi og hljóðblandari sem henta vel fyrir stærri fundi.

Félagsfólki stendur til boða að nýta rými skrifstofunnar

Félagsfólki stendur til boða að nýta sér aðstöðu á skrifstofu miðstöðvarinnar og nýtir félagsfólk sér það reglulega t.d. með eftirfarandi hætti.

Félagsfólk getur:

- Nýtt sér fundarherbergi á skrifstofunni til að halda starfsmannafundi eða til að taka starfsmanna- og/eða atvinnuviðtöl.
- Nýtt sér afmörkuð rými og vinnuaðstöðu til þess að vinna að og skipuleggja sína notendastýrðu persónulegu aðstöð.
- Fengið afnot af húsnæði miðstöðvarinnar til þess að hýsa fundi og margvíslega fræðslustarfsemi, námskeið eða viðburði.
- Nýtt sér tæknibúnað miðstöðvarinnar t.d. fyrir rafræna fjarfundi.
- Nýtt sér tæki NPA miðstöðvarinnar til hljóðvarpsgerðar.

Loks er starfsfólk miðstöðvarinnar ævinlega reiðubúið til að aðstoða við allt ofangreint.

SKRIFSTOFAN AKUREYRI

Í desember 2024 var útibú NPA miðstöðvarinnar á Akureyri opnað og varð það til þess að hægt var að efla nærpjónustu við félagsfólk NPA miðstöðvarinnar á Norðurlandi. Útibúið var fyrst með aðsetur í Hafnarstræti en í desember 2025 var starfsemin flutt yfir á Skipagötu 16. Í útibúinu er NPA miðstöðin með skrifstofurými, auk fundaraðstöðu sem nýtist til þess að taka á móti fólki, halda fjölmennari fundi og sinna fræðslu.

Starfsmaður útíbúsins á Akureyri

Einn ráðgjafi hjá NPA miðstöðinni, Breki Arnarsson, er með fasta viðveru á skrifstofunni á Akureyri. Breki er menntaður vinnusálfræðingur og hefur starfað sem NPA ráðgjafi hjá miðstöðinni frá janúar 2023. Hans

helsta hlutverk er að veita félagsfólki NPA miðstöðvarinnar á Norðurlandi ráðgjöf og aðstoðarfólki þess, auk þess að byggja upp starfsemi miðstöðvarinnar á Norðurlandi.

Aðgengi

Húsnæði NPA miðstöðvarinnar á Akureyri er aðgengilegt fyrir fatlað fólk. Lyfta er í húsinu og leitast er við að tryggja gott aðgengi á skrifstofunni sjálfri. Borð eru t.d. hæðarstillanleg til að tryggja þægindi fólks sem notar ólíka hjólastóla.

Félagsfólki stendur til boða að nýta rými skrifstofunnar

Félagsfólki stendur til boða að nýta sér aðstöðu á skrifstofu miðstöðvarinnar á Akureyri.

Félagsfólk getur:

- Nýtt sér fundarherbergi á skrifstofunni til að halda starfsmannafundi eða til að taka starfsmanna- og/eða atvinnuviðtöl.
- Nýtt sér vinnuástöðu til þess að vinna að og skipuleggja sína notendastýrðu persónulegu aðstöð.
- Fengið afnot af húsnæði miðstöðvarinnar til þess að hýsa fundi og margvíslega fræðslustarfsemi, námskeið eða viðburði.

Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar er hvatt til þess að nýta sér aðstöðuna á Akureyri og öll áhugasöm hvött til að panta sér viðtals-tíma hjá Breka til að fá ráðgjöf og upplýsingar um NPA.

KERFISLAUSNIR OG TÆKNISTJÓRN

Að mörgu er að huga hvað varðar tækjast og kerfislausnir á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar.



Odoo kerfið

Í mars árið 2024 skrifaði NPA miðstöðin undir samning við fyrirtækið Boðleið um innleiðingu Odoo kerfisins og hefur innleiðingarferlið sett svip sinn á starfið á skrifstofunni síðan þá.

Áður en innleiðing Odoo hófst, var sá fjöldi kerfa sem var í notkun og sú staðreynd að kerfin töluðu ekki saman, farið að valda nokkrum áskorunum og olli því m.a. að nauðsynlegt

var að margskrá tiltekna upplýsingar inn í fleiri en eitt kerfi.

Odoo - miðstöð verkefna hjá NPA miðstöðinni

Í dag hefur Odoo leyst af hólmi mörg þessara kerfa, t.d.:

- Salesforce
- Teams
- Asana
- MailChimp
- Signet rafrænar undirskriftir o.fl.

Odoo er í dag miðstöð flestra verkefna hjá miðstöðinni og er m.a. notað með eftirfarandi hætti:

- Sem verkefna- og tímastjórnunarkerfi.
- Sem samskiptaforrit.
- Sem viðburða- og skráningarforrit til að halda utan um skráningar á námskeið NPA miðstöðvarinnar.
- Vefsíða NPA miðstöðvarinnar er sett upp í Odoo kerfinu.
- Upplýsingapóstur og fréttabréf NPA miðstöðvarinnar eru sett upp og send út í Odoo.

Innleiðing á tímaskráningar- og bókhaldskerfi Odoo

Innleiðing á tímaskráningarkerfi Odoo sem mun koma í stað Tímon og ekki síður bókhaldskerfi Odoo, sem mun koma í stað DK bókhaldskerfisins, er töluvert flóknara verkefni en innleiðing hinna kerfishlutanna. Það verkefni þarf að vinna mjög vandlega og er enn í ferli.

Í dag nýtir skrifstofan sér nánast alla hluta Odoo kerfisins fyrir utan bókhaldshlutann, þó enn eigi eftir að fínþússa suma hluta kerfisins aðeins betur. Unnið er að því að færa vinnslu bókhalds úr DK yfir í Odoo. Að því loknu hefst þróun á þeim hluta kerfisins sem verkstjórnendur munu nota t.d. fyrir mínar síður, til tímaskráninga o.fl.

Odoo fyrir verkstjórnendur

Notendaprófanir hjá litlum hópi verkstjórnenda hafa farið rólega af stað en munu hefjast fyrir alvöru þegar þróun á bókhaldshlutanum er lokið. Þá er stefnt að því að veita hverjum verkstjórnenda persónulega kennslu um

þá þætti sem snúa að þeim. Vonir standa til að næsti stóri áfanginn í innleiðingunni náist seint á þessu ári og verður leitast er við að upplýsa félagsfólk um framvindu innleiðingarinnar á innleiðingartímabilinu eftir því sem þurfa þykir.

Fyrir félagsfólk mun nýtt kerfi þýða:

- Betra tímaskráningarkerfi sem er betur sérsniðið að þörfum þess.
- Betra kerfi til ráðninga aðstoðarfólks.
- Einfaldari skráningu á námskeið og viðburði.
- Innri vef þar sem félagsfólk getur skoðað rauntímastöðu samnings og aðrar upplýsingar.

Hagræðing á skrifstofu

Notkun Odoo á skrifstofu hefur og mun enn frekar:

- Leiða til vinnuhagræðingar.
- Leiða til vinnusparnaðar við mörg verkefni.
- Auka samræmi upplýsinga í kerfum og fækka villum.
- Auðvelda utanumhald upplýsinga.
- Auka samvinnu og flæði á milli deilda og minnka tvíverknað.

Samþætting allra kerfa í Odoo tryggir að allar breytingar sem gerðar eru í einum kerfishluta, endurspeglast tafarlaust í öðrum hlutum kerfisins og hefur Odoo nú þegar einfaldað verkferla og aukið skilvirkni og vinnuhagræði á skrifstofu miðstöðvarinnar.

Sú vinnuhagræðing sem af Odoo hlýst, ætti aftur að leiða til þess starfsfólks, þá sérstaklega ráðgjafar, hafi meira svigrúm til að sinna þjónustuþáttum starfsins og þróun,

frekar en í margskráningu upplýsinga og utanumhald gagna. Notkun Odoo ætti jafnframt að fækka kerfisvillum sem aftur ætti að auka gæði þjónustu miðstöðvarinnar. Þannig fá notendur samfellda upplifun og starfsfólk heildaryfirsýn og losna við að færa handvirkar uppfærslur á milli margra mismunandi kerfa.

Tímon

Tímon er viðveruskráningarkerfi sem félagsfólk NPA miðstöðvarinnar notar til að halda utan um og skrá vinnustundir aðstoðarfólks og skipuleggja vaktir. Eins og fyrr hefur komið fram er gert ráð fyrir því að tímaskráningarhluti Odoo kerfisins muni leysa Tímon af hólmi þegar fram líða stundir.

Notkun pósthforritsins Mailchimp hætt

Í febrúar 2023 var pósthforritið MailChimp tekið í notkun og einfaldaði það utanumhald yfir póstlista og kom sér vel þar sem þá var farið að senda upplýsingapósta og fréttabréf reglulega til félagsfólks og aðstoðarfólks. Í október 2025 var notkun Mailchimp hætt þegar farið var að setja upplýsingapósta upp og senda úr Odoo.

Notkun fréttabréfaforritsins Sway hætt

Forritið Sway var tekið í notkun í september 2023 til að setja upp NPA fréttabréfið í október 2025 var notkun Sway hætt þegar farið var að setja fréttabréf NPA miðstöðvarinnar upp og senda úr Odoo.

Önnur kerfi

Þess utan notar NPA miðstöðin að sjálfsögðu öll helstu forrit sem henta skrifstofuvinnu og t.d. Adobe pakkann fyrir grafíska vinnu.



RÁÐGJÖF

NPA ráðgjafar sinna fjölbreyttum verkefnum en meginhlutverk þeirra er að ráðleggja og styðja verkstjórnendur og aðstoðarfólk í hlutverki sínu til að stuðla að farsælli framkvæmd á NPA. Það sem helst stóð upp úr á nýliðnu starfsári hjá ráðgjafateyminu, er breytt verklag tengt aukinni notkun Odoó kerfisins, auk viðbótarverkefna um uppfærslu á áhættumati, vinnu við uppbyggingu á bakvarðasveit og gerð þjónustukannana.

ÖRYGGISNEFND OG UPPFÆRSLA Á ÁHÆTTUMATI

Öryggisnefnd NPA miðstöðvarinnar var stofnuð vorið 2024 og er skipuð Leifi Leifssyni félagi í NPA miðstöðinni, Theodóru Björg aðstoðarmanneskju og svo Breka Arnarssyni ráðgjafa. Fulltrúi stjórnar er Rúnar formaður NPA miðstöðvarinnar.

Áhættumat betur sniðið að aðstæðum verkstjórnanda

Áhættumat fyrir verkstjórnendur var endurskoðað í heild sinni og uppfært, á nýliðnu starfsári. Markmiðið var að aðlaga áhættumatið að þeim veruleika að heimili verkstjórnanda er jafnframt vinnustaður aðstoðarfólks. Fyrri áhættumatið hafði ekki náð nægilega vel utan um þær aðstæður sem kunna að skapast og einstök atriði er varða öryggi og heilbrigði á vinnustað, þegar að heimili verkstjórnanda er jafnframt vinnustaður. Í nýju áhættumati var lögð sérstök áhersla á að greina áhættuþætti sem tengjast þessu einstaka vinnuumhverfi og aðlaga viðmið og verklag áhættumatsins að því.

Nýtt áhættumat komið í notkun

Við vinnuna var stuðst við leiðbeiningar Vinnueftirlitsins um gerð áhættumats en svo var ýmislegt í þeirra leiðbeiningum sem náði ekki utan um þær aðstæður þegar heimili er jafnframt vinnustaður og nauðsynlegt var að bæta atriðum við leiðbeiningarnar til að ná

utan um þann veruleika. Nýja áhættumatið er nú þegar komið í notkun og nú þegar það hefur verið vistað í Odoó kerfinu, er orðið auðveldara að deila áhættumatinu með verkstjórnendum en áður og ættu samskipti um úrbætur á áhættumatinu á milli ráðgjafa og félagsfólks strax að verða auðveldari. Odoó kerfið gerir okkur það einnig kleift að aðlaga hvert áhættumat betur að hverjum verkstjórnanda, þar sem nú er hægt að sleppa alveg þeim spurningum sem eiga ekki við hjá hverjum og einum. Þó þessu mikilvæga verkefni Öryggisnefndar sé lokið í bili og nefndin ekki virk eins og er, þá þarf nefndin ávallt að vera til staðar enda öryggisaðstæður eitt af þeim málum sem rétt er að taka reglulega til endurskoðunar.

SKILVIRK NOTKUN ODOO KERFISINS

Á árinu var lögð aukin áhersla á skilvirka notkun Odoó kerfisins í daglegu starfi ráðgjafa. Markvisst var unnið að því að nýta betur þá möguleika sem kerfið býður upp á og ráðgjafar þróuðu og tileinkuðu sér tiltekið verklag í kerfinu við vinnslu ýmissa verkefna. Þar á meðal má nefna sjálfvirknivæðingu tiltekinn verkferla, skilvirkari skjalavistun, betra utanumhald samskipta og betri skráningu og flokkun mála þannig að fengist hefur betra yfirlit yfir stöðu erinda. Fyrir vikið hefur náðst að samræma vinnubrögð ráðgjafa verulega og þjónusta þeirra fyrir vikið orðin skilvirkari. Alexandra Dögg Einarsdóttir er fulltrúi ráðgjafa í innleiðingarferlinu og hefur setið marga fundi með það að leiðarljósi að gera innleiðinguna skilvirka og einfalda fyrir ráðgjafa.

ÞJÓNUSTUKÖNNUN

Í janúar 2026 var send út þjónustukönnun til verkstjórnanda þar sem leitast var við að meta ánægju með störf ráðgjafa og þjónustu NPA miðstöðvarinnar. Breki Arnarsson ráðgjafi hannaði könnunina og sá um úrvinnslu

gagna. Meðal annars var spurt um aðgengi að ráðgjöf, gæði upplýsinga, viðbragðstíma og samskipti.

Niðurstöður könnunarinnar nýtast sem mikilvægur grunnur fyrir áframhaldandi þróun þjónustunnar og gera ráðgjöfum kleift að greina styrkleika og tækifæri til umbóta. Niðurstöðurnar sýna að mikill meirihluti félagsfólks er ánægt með þá ráðgjöf sem það fær en einnig gefa niðurstöðurnar okkur mikilvæga innsýn inn í þá þætti sem má bæta í ráðgjöfinni. Vonir standa til þess að þjónustukannanir verði sendar með reglubundnum hætti til félagsfólks til að kortleggja þjónustubörf þess og sníða þjónustu miðstöðvarinnar enn betur að þörfum félagsfólks.

BAKVARÐASVEIT AÐSTOÐARFÓLKS

Á nýliðnu starfsári var unnið að uppbyggingu bakvarðasveitar aðstoðarfólks sem ætlað er að bregðast við skyndilegum forföllum, t.d. vegna veikinda aðstoðarfólks. Á starfsárinu þar á undan, 2024-2025, var auk þess haldinn félagsfundur um mögulega þróun og útfærslu á bakvarðasveit.

Markmiðið er að auka öryggi og samfellu í þjónustu við verkstjórnendur og draga úr álagi á þá þegar upp koma ófyrirséðar aðstæður. Undirbúningur verkefnisins hefur staðið yfir um nokkurt skeið og hefur meðal annars falið í sér mótun verklags, ráðningarferla og skilgreiningu á hlutverki bakvarðasveitarinnar.

Ráðgjafarnir Alexandra Dögg Einarsdóttir og Elísabet Jenný Hjálmarsdóttir hafa haft umsjón með verkefninu. Vonir standa til að úrræðið taki gildi þegar í stað, að því gefnu

að það hljóti samþykki við kosningu á aðalfundi 2026.

SAMSKIPTI VIÐ RÁÐGJAFANA SVEITARFÉLAGA STYRKT

Árið 2022 voru tekin fyrstu skref til að byggja brú á milli ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar og ráðgjafa sveitarfélaga, þegar ráðgjöfum Reykjavíkurborgar var boðið í heimsókn til að ræða við ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar. Síðan þá hafa ráðgjafar fleiri sveitarfélaga heimsótt miðstöðina.

Í vetur hófust reglulegir samráðsfundir með sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu með það að leiðarljósi að efla samstarf ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar og ráðgjafa sveitarfélaganna. Samráðsfundum hefur farið fjölgandi á nýju ári og stefnt er að því að styrkja enn frekar samskipti við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni á komandi misserum.

HEIMSÓKNIR TIL FÉLAGSFÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI

Ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar fara í reglulegar heimsóknir til félagsfólks á landsbyggðinni. Þó hefur ekki verið talin eins mikil þörf fyrir heimsóknir ráðgjafa norður á land, síðan útibú NPA miðstöðvarinnar á Akureyri var opnað enda gerir útibúið miðstöðinni kleift að veita mun meiri nærþjónustu til félagsfólks á Norðurlandi en áður. Flest félagsfólk miðstöðvarinnar sem ekki býr á höfuðborgarsvæðinu ætti ekki að þurfa að fara um mjög langan veg til að sækja þjónustu til NPA miðstöðvarinnar, annað hvort í Kópavoginn eða á Akureyri.





2025



BÓKHALD

Dagbók

Janúar 1 - 86

Febrúar 87 - 171

NPA miðstöðin
bókhald

BÓKHALD OG LAUNAVINNSLA

Bókarar og launafulltrúar sinna bókhaldi og launagreiðslum, svara fyrirspurnum og aðstoða við mál þar að lútandi. Verkefni bókhalds- og launadeildar hafa vaxið að umfangi síðustu ár samhliða fjölgun á félagsfólki og aðstoðarfólki, starfsmannaveltu og beiðni um aukið upplýsingaflæði.

Verkferlar hafa verið í sífelldri endurskoðun til að auka skilvirknina, bæta yfirsýnina og auðvelda starfið almennt. Bókhalds- og launadeildin hefur notið góðs af því á síðasta starfsári. Meiri tími hefur gefist til að uppfæra og stemma af bókhaldið jafnóðum, bætt upplýsingaflæði milli teyma hefur tryggt réttari launaútreikninga og aukin yfirsýn hefur bætt viðbragðstímann þá sjaldan að villur koma upp.

Þó engar meiriháttar breytingar hafi átt sér stað á störfum bókhalds- og launadeildar á nýliðnu starfsári hafa skjöl og verkferlar verið endurbætt og fínstillt:

- NPA innsýn var kynnt til sögunnar á vormánuðum 2024, kom þá í stað fyrri rekstrarskýrsla og eru skjölin núna send mánaðarlega til verkstjórnenda og sveitarfélaga. Í NPA innsýn eru allar upplýsingar settar fram á skýran og myndrænan hátt og gagnagrunnurinn á bak við skjölin bætir yfirsýn og eykur til muna nákvæmni

og öryggi í launavinnslu og bókhaldi. Á nýliðnu starfsári voru skjölin uppfærð og gagnagrunnurinn endurbættur til að kalla fram enn fleiri upplýsingar en áður sem nýtast bæði verkstjórnendum og miðstöðinni sjálfri við dagleg störf.

- Verklag á milli ráðgjafa og bókhalds hefur verið í stöðugri þróun. Mikil breyting varð á síðasta ári þegar upplýsingaflæði milli teymanna var einfaldað og bætt til muna en á þessu starfsári hefur verklagið verið fínstillt og nýtist það nú báðum teymum mjög vel. Bætt upplýsingaflæði hefur skilað sér í aukinni skilvirkni og færri leiðréttingum en áður sem á endanum skilar réttara bókhaldi til endurskoðenda.
- Utanumhald með veikindarétti aðstoðarfólks er hluti af daglegu starfi deildarinnar og til að gulltryggja rétta útreikninga hafa öll skjöl verið endurbætt og fínstillt á nýliðnu starfsári.
- Bókhald og launavinnsla fer ennþá fram í DK og Tímon en stefnt er að því að vinnan verði færð yfir í Odoo á þessu ári. Verða kerfin þá notuð samhliða svo hægt verði að bera þau saman. Þetta tvöfalda bókhald og launavinnsla verður nauðsynlegur hluti af því að skipta um bókhalds- og launakerfi svo allar upplýsingar verði réttar frá byrjun.

PRODUCTION NPA MIÐSTÖÐ

DIRECTOR RÚNAR

CAMERA FRELSI

DATE	SCENE	TAKE
11.09		1

NÁMSKEIÐ, FRÆÐSLU- VERKEFNI OG VIÐBURÐIR

GRUNNÁMSKEIÐ NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Í október 2021 hleypti NPA miðstöðin af stokkunum sex hluta námskeiðsröð um NPA. Námskeið NPA miðstöðvarinnar eru fyrst og fremst ætluð verkstjórnendum, aðstoðarfólki og aðstoðarverkstjórnendum en einnig fólki í bið eftir NPA og öðrum áhugasömum.

Heiti námskeiðanna voru eftirfarandi:

1. Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og NPA.
2. Hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA.
3. Aðbúnaður og hollustuhættir í NPA.
4. Hvaða áhrif hafa lög, reglugerðir og NPA samningar á líf mitt?
5. Líkamsbeiting og hjálpartæki.
6. Skyndihjálp.

NPA ráðgjafar í samstarfi við verkstjórnendur og aðstoðarfólk þróðu námskeiðin en jafnframt voru fengnir utanaðkomandi sérfræðingar til að kenna á námskeiðunum. Á heildina hefur fengist jákvæð endurgjöf um námskeiðin og ljóst að uppsöfnuð þörf fyrir fræðslu um margt það sem snýr að NPA var orðin þó nokkur. Mikið vatn hefur síðan runnið til sjávar og eru námskeiðin í stöðugri endurskoðun og þróun.

Í dag eru alla jafna þrjú námskeið í boði, bæði á íslensku og ensku:

1. Sjálfstætt líf, hlutverk og ábyrgð í NPA.
2. Skyndihjálp með áherslu á hvernig veita skuli fötluðu fólki skyndihjálp og hvernig fatlað fólk geti veitt skyndihjálp.
3. Líkamsbeiting og hjálpartæki.

Með þessari breytingu var leitast við að þetta efni námskeiðanna og takmarka endurtekningar. Efni annara námskeiða kemur fram í einstaklingsfræðslu og ráðgjöf til félagsfólks eftir þörfum.

NPA NÁMSKEIÐ Á STARFSÁRINU

NPA miðstöðin hélt 8 námskeið fyrir félagsfólk og aðstoðarfólk á starfsárinu.

Eftirfarandi námskeið voru haldin í Urðarhvarfinu:

- Líkamsbeiting og hjálpartæki.
- Physical Application and Assistive Devices.
- Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf, hlutverk og ábyrgð í NPA.
- Independent Living, Roles and responsibility in NPA.
- Skyndihjálp með Rauða krossinum.
- First aid with the Red Cross.

NPA miðstöðin setti einnig upp tvö ný námskeið sérstaklega fyrir verkstjórnendur:

- Samskipti á vinnustað – hvernig á að eiga erfið samtöl.
- Fjármálalæsi í NPA.

NPA miðstöðin bauð upp á 8 námskeið en þurfti að fella niður 2 þeirra vegna dræmrar skráningar. Það var námskeiðið „Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf, hlutverk og ábyrgð í NPA“ og var það haldið bæði á íslensku og á ensku. Þetta er NPA miðstöðinni hvatning til endurskoðunar á námskeiðunum og til naflaskoðunar á því hvernig hægt sé að hvetja til aukinnar skráningar. Á móti kemur að mikil eftirspurn hefur verið eftir námskeiðum á ensku, einkum fyrir aðstoðarfólk og mikil ánægja með þá viðbót við námskeiðsflóru miðstöðvarinnar. Sömuleiðis hefur verið mikil ánægja með sérhæfðari fræðslu fyrir verkstjórnendur og munum við halda áfram að byggja á þeim grunni.

EINKAFRÆÐSLA

NPA miðstöðin er einnig farin að bjóða upp á einkafræðsluerindi fyrir verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra á tíma sem hentar hverjum hópi. Það hefur reynst vel og alveg sérstaklega fyrir nýtt félagsfólk sem er að feta sín fyrstu skref sem verkstjórnendur. Misjafnt er hvort verkstjórnendur kjósi að taka þátt í þeirri fræðslu eða sitji aðeins hluta af fræðslunni en það fer eftir vilja hvers og eins. Hægt er að óska eftir því að fá fræðslu heim til verkstjórnanda eða að velja að fræðslan sé veitt í þægilegri aðstöðu í húsnæði NPA miðstöðvarinnar.

FRÆÐSLU- OG FÉLAGASPJALL (JAFNINGJASPJALL)

Á nýliðnu starfsári var boðið upp á eitt fræðslu- og félagaspjall og var umræðuefnið eftirfarandi:

- Ferðalög – hvernig ferðast ég.

NPA miðstöðin hefur í gegnum tíðina boðið félagsfólki upp á vettvang til að koma saman, spjalla og bera saman bækur sínar, hér áður fyrr undir yfirskriftinni jafningjaspjall. Stundum hefur verið boðið upp á stutta fræðslu um leið. Á þessum vettvangi getur félagsfólk lært hvert af öðru, enda getur hver verkstjórnandi haft sinn háttinn á því hvernig hann gerir hlutina og dýrmætt fyrir félagsfólk að skiptast á skoðunum og læra hvert af öðru. NPA ráðgjafi er einnig ávallt á staðnum til að svara spurningum.

Þessir viðburðir voru lengi vel sóttir en svo virðist sem félagsfólk þurfi ekki eins á þeim að halda og áður. Þetta gefur okkur tækifæri til að staldra við og endurhugsa hvernig jafningjafræðslu við viljum bjóða upp á og hvernig slík fræðsla myndi nýtast sem best. Fræðslunefnd ákvað að kalla viðburðina „Spjallað um NPA“ og að boðið yrði upp á fræðslu um tiltekið málefni sem félagsfólk stjórnar sjálf.

ÓFORMLEG FRÆÐSLA HJÁ ÚTIBÚINU Á AKUREYRI

Í útibúi NPA miðstöðvarinnar á Akureyri, hefur á árinu verið lögð áhersla á óform-



Frá námskeiði um líkamsbeitingu og hjálpartæki.

lega fræðslu og samtal við einstaklinga, félög og hagsmunaaðila á svæðinu um NPA sem þjónustuform. Áhrif þessara samskipta eru þegar farin að sjást í aukinni vitund um NPA á Norðurlandi, sem kemur meðal annars fram í fjölgun fyrirspurna til útibúsins, auknum áhuga á starfi aðstoðarfólks og vaxandi áhuga hagsmunaaðila á svæðinu um NPA.

FAGAÐILUM SEM STARFA AÐ MÁLAFLOKKI FATLAÐS FÓLKS BOÐIN KYNNING Á NPA

Á starfsárinu setti NPA miðstöðin það verkefni í gang, að bjóða fagaðilum sem starfa að málaflokki fatlaðs fólks, að heimsækja okkur í Urðarhvarfið, fá kynningu á NPA og eiga við okkur opinskátt spjall. Lögð var áhersla á að ávallt myndu einhver úr stjórn NPA miðstöðvarinnar taka þátt í kynningunum, til að rödd fatlaðs fólks myndi örugglega heyrast og fá það vægi sem þeim ber, enda er miðstöðin undir stjórn fatlaðs fólks.

- Nýr forstjóri Mannréttindastofnunar, Margrét Steinarsdóttir, ásamt tveim starfsmönnum, Eiríki Smith, fötlunarfræðingi og Elínu Ýr sem starfaði áður sem ráðgjafi hjá NPA miðstöðinni, komu

í heimsókn í febrúar. Kynningin heppnaðist með eindæmum vel og hefði verið hægt að sitja lengi og skrafa um réttindi fatlaðs fólks.

- Í febrúar kom starfsfólk af endurhæfingar- sviði Landspítalans við Grensás í heimsókn í NPA miðstöðina. Heimsóknin hófst með smá túr um húsnæðið og svo var Erna með kynningu yfir kaffi og kruðerí. Heimsóknin heppnaðist vel og voru áheyr- endur mjög áhugasöm. Heyrst hefur að kynningin hafi verið mikið rædd á fundum hjá Grensás og vonandi verður þetta til þess að fleiri útskrifist þaðan með NPA.
- Í mars var fræðslustýra ásamt formanni með kynningu á NPA fyrir starfsfólk taugadeildar Landspítalans. Heppnaðist kynningin vel og voru áheyrndur mjög áhugasöm um að fræðast meira um hvernig NPA þjónustuformið virkar.

Stefnt er að því að bjóða fleiri utanað- komandi aðilum sem koma að málum fatlaðs fólks í heimsókn á komandi starfsári.

FRÆÐSLA UTAN NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Utanaðkomandi aðilar leita reglulega til NPA miðstöðvarinnar með ósk um fræðslu um NPA og miðstöðina.

Á nýliðnu starfsári var fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar eftirfarandi:

- Pólskumælandi brúarsmiðir í gegnum Miðstöð menntunnar og skólaþjónustu, sem vinna að því að byggja brú á milli fjöltyngdra fjölskyldna og skóla- og frístundasviðs, óskuðu eftir fræðslu fyrir hóp af gestum frá Póllandi sem starfa með fötluðu fólki í Póllandi. Fræðslan vakti mikinn áhuga hjá gestunum og voru þau spennt að taka hugmyndafræðina með sér til baka til Póllands til að innleiða í störf sín.
- MG félagið leitaði til okkar til að fá fræðslu fyrir sitt félagsfólk og haldinn var skemmtilegur fræðslufundur í NPA miðstöðinni í nóvember síðastliðnum.

Í gegnum tíðina hefur miðstöðin einnig verið fengin til að halda fyrirlestra í háskólum,

grunnskólum, framhaldsskólum og hjá sjúkl- ingasamtökum. NPA miðstöðin vonast til að geta smám saman aukið fræðslu sína út á við, enda teljum við að fræðsla og þar með aukin þekking á NPA úti í samfélaginu styðji við NPA notendur og framkvæmd NPA á landinu og dragi vonandi jafnframt úr fordómum.

FRÆÐSLUNEFND NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Veturinn 2023-24 var sett á laggirnar fræðslu- nefnd og er tilgangur hennar að tryggja að- komu félagsfólks að mótun fræðslustarfs miðstöðvarinnar og auka enn frekar líkur á því að fræðslan sé sniðin að þörfum fatlaðs fólks. Nefndina skipa þau Hallgrímur Eymundsson fyrir hönd félagsfólks, Þorbera Fjölvisdóttir fyrir hönd stjórnar og loks Erna Eiríksdóttir fræðslustýra.

Fræðslunefndin hélt tvo fundi á starfsárinu, í ágúst 2025 og apríl 2026. Á fundinum í ágúst var farið yfir þau verkefni sem voru á döfinni sem voru námskeið haustsins ásamt því sem fræðsluteymið var að fara að hefja upptökur á myndböndum og viðtölum til að nota í fræðsluefni NPA miðstöðvarinnar. Í apríl var þráðurinn tekinn upp varðandi stöðu á myndbandsgerð, sem hefur tafist vegna annara anna. Þá var farið yfir endurgjöf sem við höfum fengið vegna sérhæfðari fræðslu- viðburða sem miðstöðin hefur haldið.

Einnig var rætt um hvernig hægt væri að efla jafningjafræðslu á vegum NPA miðstöðv- arinnar. Búið er að leggja til þó nokkur um- fjöllunarefni sem henta jafningjafræðslu og fjalla má um á viðburðum sem verða hér með kallaðir „Spjallað um NPA“.

FRÆÐSLA 2025-2026 OG TIL FRAMTÍÐAR

NPA miðstöðin hefur metnaðarfulla fram- tíðarsýn um fræðslu á vegum miðstöðv- arinnar. Stefnt er að því að byggja upp og efla fræðslustarfið í áföngum, eftir því sem tök eru á og miðstöðin stækkar.

Á nýliðnu starfsári hóf NPA miðstöðin framleiðslu á fræðslumyndböndum sem munu þjóna tvöföldum tilangi. Annarsvegar að upplýsa almenning og áhugasöm um NPA, um hugmyndafræðina um sjálfstætt líf og NPA miðstöðina og hins vegar að efla



Tökur á efni fyrir fræðslumyndbönd NPA miðstöðvarinnar í undirbúningi hjá Þorberu félagskonu og varaformanni NPA miðstöðvarinnar.

fræðslu til félagsfólks og aðstoðarfólks. NPA miðstöðin fékk styrk frá ÖBÍ að upphæð 1,5 milljón kr. til að hefja þetta verkefni. Tökur fóru að mestu fram í september 2025 þar sem tekin voru viðtöl við félagsfólk, aðstoðarfólk og aðstoðarverkstjórnendur sem og skreytingarskot (b-roll efni) af félagsfólki að gera venjulega hluti eins og að leggja á borð, fara í göngutúr og sinna garðvinnu. Upptökur gengu mjög vel. Ágætlega gengur að klippa til efni en úr miklu er að móða. Til stendur að efnið verði notað til að búa til netnámskeið svo aðstoðarfólk geti fengið fræðslu um leið og þau hefja störf.

„Ég brosi meira með NPA“

Brot af upptökum fyrir fræðsluefni var notað til að útbúa kynningarmyndband um NPA sem var frumsýnt á samfélagsmiðlum NPA miðstöðvarinnar, þann 1. október síðastliðinn þegar sjö ár voru liðin frá því að NPA var lögfest sem þjónustuform hér á landi. Í mynd-

bandinu svara nokkrir verkstjórnendur því hvað þeir gætu gert með NPA. Svör þeirra hljóta að hreyfa við hjörtum allra en meðal þess sem svarendur gátu gert sökum NPA var að komast út með dóttur sinni og fara með hana á róló, að passa barnabörnin, sinna heimili sínu og taka þátt í dans- og leiksýningum. Einn ungur maður sem ólst upp með NPA sagðist geta gert bara eitthvað venjulegt eins og aðrir á hans aldri. Loks sagði einn verkstjórnandinn að hann ætti stóra fjölskyldu úti á landi sem hann gæti nú heimsótt og að eftir að hann hafi fengið NPA hafi hann farið að brosa meira.

<https://www.facebook.com/NPA.midstodin/videos/790069580611612>

FRÆÐSLA Á VEGUM HINS OPINBERA

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið setti upp námskeið um NPA haustið 2021. Mátti

skilja upplýsingar frá ráðuneytinu sem svo að forsenda fyrir endurnýjun NPA samninga væri sú að verkstjórnendur og aðstoðarfólk þeirra hefðu lokið þeim námskeiðum. NPA miðstöðin gagnrýndi framkvæmdina og síðan þá virðist ráðuneytið hafa fallið frá þessari kröfu.

Á fundi með ráðuneytinu snemma árs 2024 kom fram að ráðuneytið áætlað að be- tra sé að leggja fræðslu alfarið í hendurnar á NPA umsýsluaðilum og að ætlunin sé að það fyrirkomulag muni koma fram í reglugerðarbreytingu sem nú er unnið að. NPA miðstöðin tekur þátt í samráði um það hvernig námskeiðum verður háttað eftir væntanlega reglugerðarbreytingu.

FÉLAGSFUNDIR

Þegar ástæða þykir til, heldur NPA miðstöðin félagsfundir til að kynna tiltekin málefni og leita álits félagsfólks á þeim. Þetta eru málefni sem hafa með starfsemi og stefnumótun NPA miðstöðvarinnar að gera eða málefni sem snerta félagsfólk sem notendur NPA eða beingreiðslusamninga. Á liðnum árum hafa til dæmis verið haldnir félagsfundir til þess að taka ákvörðun um nýtt merki NPA miðstöðvarinnar, umræður og ákvörðun um tilhögun bakvarðarsveitar og umræður og afstaða félagsfólks til kröfu sveitarfélaga um uppgjör á framlagi til starfsmannakostnaðar, svo dæmi séu tekin. Engir formlegir félagsfundir voru þó haldnir á nýliðnu starfsári.

AÐRIR VIÐBURÐIR

Í gegnum tíðina hefur NPA miðstöðin staðið fyrir eða tekið þátt í viðburðum af ýmsu tagi. NPA miðstöðin hefur m.a. staðið fyrir skemmti- viðburðum fyrir félagsfólk og aðstoðarfólk, opnum fræðslufundum á skrifstofunni, fögnuði í tilefni af afmæli miðstöðvarinnar og lögfestingu NPA árið 2018, auk þess að taka þátt í ráðstefnum, í sýningunni Hjálpartæki í Laugardalshöll, Freedom Drive í Brussel og áfram mætti telja.

Skemmtiviðburðir

Í gegnum tíðina hafa komið fram óskir frá bæði félagsfólki og aðstoðarfólki um að miðstöðin byði upp á viðburði sem snúast um annað en NPA, t.d. einhverskonar skemmtiviðburði. Á



Gaman á jóla kósí NPA miðstöðvarinnar fyrir síðustu jól.

móti eru svo önnur sem telja það ekki hlutverk NPA miðstöðvarinnar að bjóða slíkt. Engu að síður finnst mörgum fengur í því að geta skemmt sér meðal jafningja og án þess að þurfa að hafa áhyggjur af aðgengi. Jafnframt eru fordæmi fyrir annars konar viðburðum hjá systurfélögum okkar á Norðurlöndunum og mörg þeirra bjóða ekki eingöngu upp á námskeið um NPA heldur einnig námskeið um ýmislegt annað, sem og skemmtiviðburði og hafa af því góða reynslu. NPA miðstöðin hefur undanfarin ár reynt að fara milliveginn og boðið upp á einhverja skemmtiviðburði á hverju ári, yfirleitt einn til tvo talsins.

Á nýliðnu starfsári voru haldnir 2 skemmti- viðburðir, annars vegar í aðdraganda jóla- hátíðarinnar og hinsvegar bjórkvöld með pöbblkvissi og handbolta.

Jóla kósí

Þann 4. desember 2025 var haldið Jóla kósí hjá NPA miðstöðinni fyrir félagsfólk og starfs- fólk skrifstofu. Fólk mætti ásamt börnum sínum og átti notalega stund við piparköku- skreytingar, kransagerð og föndur undir ljúfri jólatónlist.

Bjórkvöld

Góð stemming myndaðst í NPA miðstöð- inni þegar blásið var til bjórkvölds 30. janúar síðastliðinn. Fjöldmenni safnaðist saman og horfði á leik Íslands við Danmörku í undan- úrslitum á EM í handbolta. Til að drekkja sorgum okkar stóð Hjörtur framkvæmdastjóri fyrir skemmtilegu bar-svari þar sem þemað var dægurmenning.



Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar og Inga Sæland, mennta- og barnamálaráðherra og fyrrverandi félags- og húsnæðismálaráðherra.

HEIMSÓKN FYRRVERANDI FÉLAGS- OG HÚSNÆÐISMÁLARÁÐHERRA

Í tilefni af sjö ára afmæli lögfestingar NPA hér á landi 1. október síðastliðinn bauð NPA miðstöðin Ingu Sæland þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra í heimsókn í miðstöðina. Í för með Ingu voru þau Sigurjón Árnason aðstoðarmaður ráðherra, Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, skrifstofustjóri og Ásta Kristín Benediktsdóttir, sérfræðingur.

Stjórn NPA miðstöðvarinnar ásamt framkvæmdastjóra og fræðslustýru leiddu gesti um húsakynni miðstöðvarinnar og kynntu sögu hennar og starfsemi. Að svo búnu var gestum boðið að þiggja köku og veitingar í tilefni dagsins og nýtt myndband um mikilvægi NPA var frumsýnt.

Afar dýrmætt var að ná samtali við Ingu og starfsfólk ráðuneytisins um stöðu og framtíð NPA og önnur álitamál sem snúa að fötluðu fólki. Greinilegt er að þessi málaflökkur stendur ráðherranum nærri.

Gestirnir voru að lokum leystir út með gjöfum og Ingu meðal annars gefinn taupoki sem merktur er NPA miðstöðinni sem á stendur



Hjörtur Örn Eysteinnsson, framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar sker afmæliskökuna glaðbeittur.

„Stolt, fötluð og óendanlega þakklát“ sem er bein tilvitnun í Ingu sjálfa úr ræðu hennar á fundi aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna sumarið 2025.

<https://www.facebook.com/NPA.midstodin/posts/pfbid02s8GUy9K5NY2jDiV-vFUHR7FjLmjthXENVx3yD2uGx5911c2fYyk-CcDKLabX5QZyGI>

15 ÁRA AFMÆLI NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Það ríkti mikil gleði hjá NPA miðstöðinni þegar 15 ára afmæli miðstöðvarinnar var fagnað með opnu húsi, mánudaginn 16. júní á síðasta ári. Hátt í hundrað manns mættu og nutu samverunnar, góðra veitinga og létu reyna á heppni sína í lukkuhjólínu, hvar í boði voru ýmsir NPA vinningar. Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar, ávarpaði samkomuna.

Meðal gesta var Björn Skúlason forseta-maki, sem Rúnar formaður leysti út með gjöfum – hann fékk tvo NPA poka sem í var ýmis konar varningur, m.a. sjúkrakassi, tannbursti

og húfa en ekki síst forlátan silkiklút ætlaðan Höllu Tómasdóttur forseta. Slógu þeir á léttu strengi eins og sjá má hér:

<https://www.facebook.com/reel/2177129632768401>

Björn hélt stutta ræðu þegar hann tók við gjöfum úr hendi Rúnars og sagði m.a.: „Til hamingju með daginn og eftir þessa stuttu kynningu sem ég fékk, að labba um þessi tilkomumiklu híbýli, að þá finnst mér þetta alveg magnað sem verið er að gera hérna, að setja völdin í hendurnar á einstaklingnum til þess að búa til betri framtíð.“

<https://www.facebook.com/reel/1243851220660891>

Afmælisgestir gátu tekið myndir af sér í myndakassa og hér má sjá skemmtilega myndasyrpu úr myndakassanum sem glögglega sýnir að gleðin var við völd á afmælisfagnaði NPA miðstöðvarinnar.

<https://www.facebook.com/reel/1052722740290571>

NPA miðstöðin þakkar öllum þeim sem mættu fyrir samveruna og samstarfið í gegnum árin!



SAMSTARFSVERKEFNI

NPA miðstöðin tekur þátt í ýmis konar erlendu samstarfi en það er breytilegt milli ára hversu mikið það er og hvað stendur upp úr hverju sinni.

SAMSTARF VIÐ NORÐURLÖNDIN

Árið 2023 stofnuðu 10 félög á Norðurlöndunum, sem hafa hugmyndafræðina um sjálfstætt líf að leiðarljósi, samstarfsvettvanginn Nordic Competence Centre for Personal Assistance (NCCPA). Markmið NCCPA er meðal annars að halda utan um verklag um NPA á Norðurlöndunum og gera samanburð á milli landa.

Félögin 10 eru:

- Frá Íslandi: **NPA miðstöðin**
- Frá Noregi: **Uloba, JAG**
- Frá Svíþjóð: **STIL, JAG, ILI (Independent Living Institute), GIL**
- Frá Finnlandi: **Kynnys, JAG**
- Frá Danmörku: **LOBPA**

Fulltrúar NPA miðstöðvarinnar eru þau Erna fræðslustýra og stjórnarfélagið Þorbera og Hallgrímur. Samstarf NPA miðstöðvarinnar við Norðurlöndin hefur haldið áfram og verða fundir NCCPA haldnir á Íslandi 11. og 12. maí næstkomandi. Í þetta skiptið verður lögð áhersla á umræður um hverju lögfesting sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur breytt í baráttu félaganna og að undirbúa samnorræna könnun á samfélagslegum áhrifum NPA. Áætlað var að hefja vinnu við þá könnun í samstarfi við kollega frá háskólanum í Innsbruck en þar sem ekki fékkst Horizon Europe styrkur fyrir því verkefni hefur það tafist.

ERINDI Á VIÐBURÐI FYRIR FORELDRA FATLAÐRA BARNNA AF ERLENDUM UPPRUNA

NPA miðstöðin hefur í gegnum tíðina velt því upp hvort fólk af erlendum uppruna viti

almennt að NPA standi þeim til boða eða hvernig þjónustuformið virkar. Viðburður fyrir foreldra fatlaðra barna af erlendum uppruna, sem skipulagður var af Þroskahjálp, veitti þar af leiðandi kjörið til að koma upplýsingum um NPA til þessa tiltekna hóps. Erna fræðslustýra NPA miðstöðvarinnar og Íris fræðslufulltrúi voru með stutt erindi og sátu svo fram eftir við að deila einblöðungum og svara spurningum frá áhugasömum. Um það bil 50 manns sóttu viðburðinn sem þótti heppnast sérstaklega vel.

ERINDI Á VORRÁÐSTEFNU RÁÐGJAFAR- OG GREININGASTÖÐVARINNAR

NPA miðstöðin tók þátt í ráðstefnu Ráðgjafar- og greiningastöðvar Ríkisins og Gló dagana 7.-8. maí. Í ár var yfirheiti ráðstefnunnar Sköpum tækifæri - þátttaka og framtíð fatlaðra barna. Erna fræðslustýra NPA miðstöðvarinnar, ásamt Rúnari formanni, héldu erindi um ágæti NPA fyrir börn og ungmenni en það hefur sýnt sig að þegar börn fá NPA verður það sjálfsgætur hluti af þeirra lífi að hafa aðstoð og þau þjálfast í hlutverki verkstjórnanda og verða með tímanum sterkir NPA verkstjórnendur. NPA miðstöðinni bauðst einnig að vera með bás á ráðstefnunni sem var vel sóttur af gestum, en um 500 þátttakendur voru á ráðstefnunni.

ENIL OG FREEDOM DRIVE

NPA miðstöðin hefur verið fullgildur meðlimur í Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (ENIL) frá árinu 2017.

Ein af lykilherferðum samtakanna er Frelsirúllið (Freedom Drive) en annað hvert ár standa samtökin fyrir viðburði í Brussel í Belgíu þar sem aðildarfélögum, systursamtökum og fötluðu fólki er boðið að taka þátt í nokkurra daga dagskrá sem nær hámarki með kröfugöngu, sem ber heitið Freedom Drive. Fyrsta gangan var haldin í Strassborg



Íslenski NPA hópurinn sem tók þátt í síðasta Freedom Drive, árið 2024.

árið 2003 en gangan var færð til Brussel árið 2015, samhliða opnun skrifstofu ENIL í Brussel.

NPA miðstöðin sendi fulltrúa sína til að taka þátt í Freedom Drive árin 2011, 2017, 2019, 2022 og 2024. Í gegnum árin hafa fulltrúar NPA miðstöðvarinnar í Freedom Drive samanstáðið af stjórnarfólki, starfsfólki skrifstofu og félagsfólki.

Næsta Freedom Drive verður haldið í Brussel á þessu ári, 2026. NPA miðstöðin mun að sjálfsögðu senda fulltrúa sína til að taka þátt í Freedom Drive enda hafa þátttakendur ávallt talað um hve viðburðirnir í heild sinni séu lærdómsríkir og hve krafturinn í kröfugöngunni sé mikill.



Fulltrúar NPA miðstöðvarinnar í gleðigöngunni 2025, þau Ágústa, Rúnar og Halli.

ÞÁTTTAKA Í GLEÐIGÖNGU HINSEGIN DAGA

NPA miðstöðin átti sína fulltrúa í gleðigöngu Hinsegin daga sem fram fór í blíðskaparveðri laugardaginn 9. ágúst. Þau Ágústa Arna Sigurdórsdóttir, textasmiður og ritstýra hjá NPA miðstöðinni, Hallgrímur Eymundsson, meðstjórnandi í stjórn NPA miðstöðvarinnar og Rúnar Björn Herrera Þorkelsson gengu undir merkjum ÖBÍ réttindasamtaka sem tók þátt í gleðigöngunni í fyrsta sinn undir yfirskriftinni, „Aðgengi fyrir öll undir regnboganum.“ Með því vildi ÖBÍ styðja við mannréttindabaráttu alls hinsegin fólks og um leið vekja athygli á aðstæðum fatlaðs hinsegin fólks.



TRYGGJUM
ALGILDA
HÖNNUN
HUS
NÆÐIS





KYNNINGARSTARF OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

Í félagi eins og NPA miðstöðinni er nauðsynlegt að miðla reglulega upplýsingum um ýmislegt sem tengist NPA og starfsemi miðstöðvarinnar, til félagsfólks og aðstoðarfólks. Auk þess vekur NPA miðstöðin athygli á málefnum fatlaðs fólks með ýmsum hætti, hvort sem er á samfélagsmiðlum, með greinaskrifum eða auglýsingaherferðum.

VEFSÍÐA NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

Á vormánuðum 2025 var vefsíða NPA miðstöðvarinnar, www.npa.is, færð yfir í Odoo kerfið þannig að vefsíðan er nú orðin hluti af Odoo. Vefsíðan vinnur þar af leiðandi með öðrum hlutum kerfisins eins og viðburðahlutanum (Event) og ráðningahlutanum (Recruitment) svo dæmi sé tekið. Jafnframt mun félagsfólks og aðstoðarfólk geta skráð sig inn á sín svæði í Odoo í gegnum vefsíðuna þegar fram líða stundir. Samhliða því að vefsíðan var færð yfir í Odoo, var útliti vefsins breytt, upplýsingum bætt við vefinn og texti endurskrifaður með nýjum áherslum.

Virkni vefsíðunnar var aukin verulega í lok árs 2023 og frá árinu 2024 hafa reglulega verið birtar greinar, viðtöl og annað efni á vefsíðunni sem getur nýst bæði verkstjórnendum og aðstoðarfólki.

Lengi hefur staðið til að endurnýja vefsíðu NPA miðstöðvarinnar nánast frá grunni en tilgangur þeirra fyrirætlana er í meginráttum eftirfarandi:

- Setja upp vefsíðu samkvæmt ýtarlegri þarfagreiningu, svo vefsíðan nýtist sem best.
- Bæta við efni á vefsíðu og bæta þar með upplýsingagildi vefsins.
- Endurhanna vefsíðu þannig að hún verði betur í takt við merki og ásýnd NPA miðstöðvarinnar.

- Nýta nýjar lausnir sem auka notagildi vefsins.
- Bæta aðgengi vefsíðunnar.

Vísir að nýju veftré hefur lengi legið fyrir og vinna við textaskrif er komin ágætlega á veg en frekari vinnsla á vefnum, umfram það sem var nefnt hér fyrir ofan, hefur frestast þar sem setja þurfti önnur verkefni í forgang.

VERKSTJÓRNENDAHANDBÓK

NPA miðstöðin gaf út rafræna verkstjórnendahandbók, handbok.npa.is, á afmælisdegi sínum þann 16. júní 2020. Handbókin er fyrst og fremst hugsuð fyrir félagsfólk NPA miðstöðvarinnar en handbókin og skjalasafn hennar eru jafnframt opin öllum þeim sem vilja kynna sér efni hennar, óháð því hvort viðkomandi nýti sér miðstöðina sem umsýsluaðila eða ekki. Verkstjórnendahandbókin er hugsuð sem alls herjar uppflettirit fyrir NPA notendur og í henni er fjallað um flest allt sem lítur að NPA, allt frá samningagerð, verkstjórn og tímavinnu, upp í hugmyndafræði NPA.

Efni handbókarinnar er reglulega í endurskoðun og er handbókin þess eðlis að gera má ráð fyrir að hún verði í sífelldri þróun og muni t.d. þróast í takt við breytingar á kjaramhverfi, regluverki NPA og eftir áherslum NPA miðstöðvarinnar hverju sinni. Enn á eftir að myndskreyta handbókina og lagfæra tiltekna þætti en ákveðið var að setja framleiðslu á fræðsluefni í myndbandsformi í forgang.

HANDBÓK FYRIR AÐSTOÐARFÓLK

Langt er síðan byrjað var að skrifa handbók fyrir aðstoðarfólk og er sú vinna stöðugt í gangi þó ekki hafi gefist svigrúm til að setja þá vinnu í forgang. Verkið er umfangsmikið enda margt sem þarf að útskýra og standa skil á gagnvart aðstoðarfólki og einnig þarf

að huga að samráði við verkstjórnendur og aðstoðarfólk. Þegar textaskrifum verður lokið verður handbókin sett á vefinn með sambærilegum hætti og handbók verkstjórnenda. Á þessu stigi er ekki hægt að áætla hvenær handbók aðstoðarfólks verður tilbúin.

UPPLÝSINGAPÓSTAR OG FRÆÐSLU- OG VIÐBURÐAPÓSTAR

NPA miðstöðin sendir félagsfólki og aðstoðarfólki upplýsingapósta í nánast hverjum mánuði og hefur nú gert það með reglubundnum hætti frá því snemma árs 2024. Í upphafi 2026 var ákveðið að skipta efni upplýsingapóstanna í tvennt og senda upplýsingar um námskeið, fræðsluviðburði og aðra viðburði í sér pósti, einnig mánaðarlega.

Á nýliðnu starfsári voru sendir 9 upplýsingapóstar til félagsfólks miðstöðvarinnar og einnig 9 upplýsingapóstar til aðstoðarfólks. Fjórir fræðslu- og viðburðapóstar voru sendir til félagsfólks en engir til aðstoðarfólks. Aðstoðarfólk fær færri fræðslu- og viðburðapósta en félagsfólk þar sem sumir viðburðir eru eingöngu ætlaðir félagsfólki.

Upplýsingapóstar

Í upplýsingapóstunum má finna ýmiskonar hagkvæmar upplýsingar t.d. um álagsgreiðslur á hátíðisdögum, gerð ferðasamninga, skipulag sumarfría o.fl. Einnig er bent á ýmsa þjónustu sem NPA miðstöðin býður upp á og mál sem ráðgjafar geta aðstoðað við.

Ekki allt efni upplýsingapósta til félagsfólks, á erindi til aðstoðarfólks, eins og t.d. upplýsingar um félagsfundi, gerð ferðasamninga o.fl. Upplýsingapóstar til aðstoðarfólks innihalda þar af leiðandi hluta af efni upplýsingapósta til félagsfólks eins og t.d. upplýsingar um námskeið og um kjarasamninga, auk upplýsinga t.d. um síðasáttmála og samfélagsmiðla NPA miðstöðvarinnar og ekki síst þá þjónustu sem aðstoðarfólk getur sótt til NPA miðstöðvarinnar. Á nýliðnu starfsári voru aðstoðarfólki sendir 10 upplýsingapóstar.

Fræðslu- og viðburðapóstar

Í fræðslu- og viðburðapóstum er fjallað um allt það helsta sem er á döfinni hverju sinni.

Þar má nefna NPA námskeið miðstöðvarinnar, fræðslu- og félagsþjall, félagsfundi og skemmtiviðburði, auk stærri viðburða á borð við aðalfund NPA miðstöðvarinnar.

NPA FRÉTTABRÉFIÐ

Fyrsta fréttabréf NPA miðstöðvarinnar var sent til félagsfólks og aðstoðarfólks þann 14. september 2023. Þrjú fréttabréf voru gefin út þann veturinn, á fyrsta útgáfuárinu. Á starfsárinu þar á eftir voru send út 2 fréttabréf en á nýliðnu starfsári var eingöngu sent út 1 fréttabréf, í október 2025. Ekki hefur gefist svigrúm til að gefa út fleiri fréttabréf en raun ber vitni en stefnt er að því að fjölga tölublöðum NPA fréttabréfisins á ársgrundvelli þegar fram líða stundir.

Í NPA fréttabréfunum má finna fjölbreytt efni, meðal annars viðtöl við félagsfólk miðstöðvarinnar um lífið og tilveruna, fréttafni um ýmislegt sem snýr að fötluðu fólki og NPA eða fréttir af starfi miðstöðvarinnar.

Fréttabréf í október 2025

Markaðspóstseining Odoó kerfisins var nýtt í fyrsta skipti þegar fréttabréf síðasta starfsárs var sett upp og sent út í október síðastliðnum.

Meðal efnis í NPA fréttabréfinu var viðtal Við Sonju Sigurðardóttur sundkonu sem keppti á Ólympíumóti fatlaðra 2024 og á heimsmeistaramótinu í sundi í Singapur síðastliðið haust. Fjallað var um fund NPCCA sem fram fór í Finnlandi í maí 2025 og fulltrúar NPA miðstöðvarinnar sóttu. Einnig var fjallað um heimsókn Ingu Sæland í NPA miðstöðina 1. október síðastliðinn þegar sjö ár voru síðan lögin um NPA tóku gildi. Loks var fjallað um átakið Já takk- ákall til yfirvalda sem góðgerðarfélögin 4. vaktin og Góðvild hrundu af stað í því yfirsíkinu að þrýsta á stjórnvöld að bæta hag fatlaðs og langveiks fólks á Íslandi.

SAMFÉLAGSMIÐLAR

NPA miðstöðin hefur áfram lagt áherslu á að vera sýnileg á liðnu starfsári, sérstaklega á samfélagsmiðlum.

Facebook

NPA miðstöðin heldur úti Facebook síðu og birtir efni á henni nánast daglega. Fylgjend-

um síðunnar heldur áfram að fjölga og eru nú um 3.650 talsins. Síðan er ágætis fréttaveita um málefni fatlaðs fólks á Íslandi og erlendis í víðu samhengi. Á síðunni er t.d. deilt samfélags- og stjórnmálafréttum, fræðsluefni, upplýsingum um viðburði, listir, léttu efni o.fl. sem allt tengist fötluðu fólki eða þar sem málefni fatlaðs fólks er í brennidepli.

NPA miðstöðin heldur einnig úti hópi á Facebook sem ber nafnið **Sjálfstætt líf og NPA á Íslandi**. Hópurinn er vettvangur fyrir öll áhugasöm til að deila upplýsingum og skiptast á skoðunum um allt sem varðar NPA. Á þessum tímamarki eru tæplega 550 aðilar í hópnum.

Instagram

NPA miðstöðin er einnig á Instagram og birtir öllu jafna nokkra pósta þar á mánuði á en suma mánuði er virknin mun meiri. NPA miðstöðin birtir t.d. reglulega upplýsingar á Instagram um námskeið og viðburði miðstöðvarinnar og ýmislegt fleira, auk þess sem ýmis konar efni er birt í „story“. Fylgjendur NPA miðstöðvarinnar á Instagram eru hátt í 600 talsins.

TikTok

NPA miðstöðin byrjaði á TikTok miðvikudaginn 22. apríl síðastliðinn með skemmtilegu myndbandi af Rúnari formanni þar sem hann hvatti fólk til að fylgjast með þar sem NPA miðstöðin yrði virk á samfélagsmiðlum á næstunni. Með honum í myndbandinu voru Andri tæknistjóri og Ágústa textasmiður. Markmiðið var m.a. að auka sýnileika fyrirhugaðrar kynningarherferðar miðstöðvarinnar í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna í vor með því að byrja á TikTok.

Pinterest

Loks má nefna að NPA miðstöðin safnar greinum og flestu efni sem birt er á Facebook síðu miðstöðvarinnar, í flokkað safn á Pinterest. Á Pinterest má þar af leiðandi finna nokkurn gagnabrunn af fréttum og öðru efni þar sem fjallað er um fatlað fólk og NPA.

LinkedIn

NPA miðstöðin er jafnframt á LinkedIn en með frekar takmarkaða virkni.

KYNNINGARSTARF

NPA miðstöðin lítur á það sem skyldu sína að vekja athygli á málefnum fatlaðs fólks og efla baráttuna fyrir NPA.

Við leggjum áherslu á að auka sýnileika og framgang þessara mála með því að:

- Miðla fræðandi og áhugaverðu efni á samfélagsmiðlum.
- Skrifa greinar og koma fram í viðtölum í fjölmiðlum.
- Reka markviss kynningar- og markaðsverkefni.
- Taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og baráttu fyrir réttinum til sjálfstæðs lífs.

Kynningarherferð í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna 2026

Laugardaginn 16. maí næstkomandi verða sveitarstjórnarkosningar á Íslandi. Ákveðið var að setja af stað kynningarherferð, ekki ósvipað því sem gert var í aðdraganda Alþingiskosninga árið 2024. Var það gert í viðleitni til að koma NPA í umræðuna fyrir kosningarnar og skapa vettvang fyrir raddir fatlaðs fólks.

NPA miðstöðin byrjaði á TikTok miðvikudaginn 22. apríl síðastliðinn. Síðan þá hefur NPA miðstöðin birt 19 myndbönd á Tiktok frá stjórnmálaflokkum um NPA í tilefni af sveitarstjórnarkosningunum 2026 og nýverið fór í loftið „Dagur í lífi“ kynningarátak þar sem félagsfólk veitir innsýn í líf sitt með NPA, auk annars efnis. Öll myndböndin birtust jafnframt á Instagram og Facebook, auk þess sem ýmislegt létt efni hefur verið sett í story á TikTok.

Myndbönd frá stjórnmálaflokkum

Í stað þess að senda þrjár spurningar til stjórnmálaflokka í framboði og birta svör þeirra á samfélagsmiðlum eins og gert var fyrir Alþingiskosningarnar 2024, var ákveðið að óska eftir myndböndum frá stjórnmálaflokkunum í staðinn.

Frambjóðendum í neðangreindum 11 sveitarfélögum var boðið að útbúa myndband um NPA sem miðstöðin myndi síðan birta í aðdraganda kosninganna:

- Reykjavíkurborg
- Kópavogsbær

- Garðabær
- Hafnarfjarðarkaupstaður
- Reykjanesbær
- Mosfellsbær
- Akraneskaupstaður
- Akureyrbær
- Ísafjarðarbær
- Sveitarfélagið Árborg
- Múlaþing

Var hverju framboði í ofangreindum sveitarfélögum boðið að svara neðangreindum spurningum og loks fjalla um stefnu flokksins og hvað flokkurinn hefur gert í málefnum fatlaðs fólks og NPA:

- Myndir þú velja NPA eða annað þjónustuform, ef þú þyrftir á aðstoð að halda og af hverju?
- Hvernig myndir þú nota NPA eða hvað finndist þér mikilvægast að geta gert með NPA, ef þú værir með NPA?
- Hvað myndi þér finnast mikilvægast í fari aðstoðarfólks þíns?

Myndbönd bárust frá eftirfarandi framboðum og var myndband eða myndbönd frá einum stjórnarmálaflokki birt daglega frá föstudeginum 24. apríl til 4. maí 2026 á samfélagsmiðlum NPA miðstöðvarinnar:

- Flokkur fólksins, Reykjavík, auk myndbands með Ingu Sæland
- Góðan daginn, Reykjavík
- L-listinn, Akureyri
- Okkar borg, Reykjavík
- Píratar, Reykjavík
- Samfylkingin, Akranesi, Akureyri, Ísafjarðarbæ, Kópavogi og Reykjavík
- Sjálfstæðisflokkurinn, Reykjavík
- Sósíalistaflokkurinn, Reykjavík
- Viðreisn, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Reykjavík
- Vinstri græn og óháð, Múlaþingi
- Vinstri grænir, Akureyri
- Vinstrið, Reykjavík og Hafnarfirði

Myndbandsverkefninu var vel tekið af stjórnarmálaflokkunum og fengu ágætis dreifingu á samfélagsmiðlum, þá sérstaklega á



Forsíður myndbanda á Instagram síðu NPA miðstöðvarinnar, í byrjun maí 2026.

TikTok. NPA miðstöðin þakkar þátttakendum hjartanlega fyrir framtakið.

„Dagur í lífi“ myndbönd félagsfólks NPA miðstöðvarinnar

Mikilvægt þótti einnig að kynna líf NPA verkstjórnenda með einhverjum hætti á samfélagsmiðlum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna til að veita innsýn í hvernig NPA nýtist þeim til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Auk þess hafði það mælst einstaklega vel fyrir þegar sumt félagsfólk NPA miðstöðvarinnar skiptist á um að sjá um Instagram reikning miðstöðvarinnar í aðdraganda Alþingiskosninganna 2024.

Í þetta sinn var ákveðið að biðja félagsfólk að taka upp myndbönd af sér við hin ýmsu verkefni og senda til miðstöðvarinnar. NPA miðstöðin klippti síðan efnið saman í eitt „Dagur í lífi“ myndband. Myndböndin hafa verið í birtingu frá 6. maí og verða sýnd nánast fram að kjördegi, þann 16. maí.

Þátttakendur í „Dagur í lífi“ myndbandsverkefninu, allt félagsfólk miðstöðvarinnar, voru:

- Andri Valgeirsson, tæknistjóri hjá NPA miðstöðinni og NPA verkstjórnandi.
- Ágústa Arna Sigurdórsdóttir, ritstýra NPA fréttablaðsins og textasmiður hjá NPA miðstöðinni og NPA verkstjórnandi.
- Brandur Bryndísarson Karlsson,

frumkvöðull, myndlistarmaður og NPA verkstjórnandi.

- Fannar Freyr Þorbergsson, fjölskylduafaðir og NPA verkstjórnandi
- Hallgrímur Eymundsson, hugbúnaðarsérfræðingur og forritari hjá Reykjavíkurborg, gjaldkeri í stjórn NPA miðstöðvarinnar og NPA verkstjórnandi
- Margrét Lilja Arnheiðardóttir, háskólanemi, sjálfstætt starfandi og NPA verkstjórnandi.
- Margrét Sigríður Guðmundsdóttir, amma, baráttukona, meðstjórnandi í stjórn NPA miðstöðvarinnar og NPA verkstjórnandi

Von er á fleiri myndböndum þar sem aðrir verkstjórnendur hafa lýst áhuga sínum á því að taka þátt í myndbandsverkefninu. Þegar þessi ársskýrsla fór í prentun var nýbyrjað að birta Dagur í lífi myndböndin og fyrir vikið er takmarkað hægt að segja um árangur þess að öðru leyti en því að átakið fór vel af stað.

Heimsóknir fulltrúa stjórnmalaflokka

Þegar NPA miðstöðin sendi póst til stjórnmalaflokka til að bjóða þeim að taka þátt í myndbandsverkefni NPA miðstöðvarinnar, þá var einnig tekið fram að fólk á þeirra vegum væri ávallt velkomið í heimsókn í NPA miðstöðina til að ræða um NPA og kynnst starfsemi miðstöðvarinnar. Viðbrögðin við þessu boði hafa reynst vonum framar.

Fulltrúar eftirfarandi flokka komu í heimsókn í NPA miðstöðina Urðarhvarfi eða í útibú miðstöðvarinnar á Akureyri og NPA miðstöðin þakkar þeim kærlega fyrir komuna!

- **Miðvikudaginn 8. apríl:** Víðir Reynisson alþingismaður, Guðmundur Ari Sigurjónsson þingflokksformaður og Kristín Helga Schiöth sem er í framboði fyrir Samfylkinguna á Akureyri heimsóttu Breka ráðgjafa í útibúinu að Skipagötu á Akureyri.
- **Miðvikudaginn 8. apríl:** Lovísa Oktavía Eyvindsdóttir, Elías Gunnar Þorbjörnsson og Þóroddur Ingvarsson sem skipa 1.-3. sæti á lista Viðreisnar á Akureyri og Ingvar Þóroddsson alþingismaður

heimsóttu Breka í útibúinu á Akureyri.

- **Fimmtudaginn 9. apríl:** Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, oddviti Vinstri grænna á Akureyri og varabæjarfulltrúi, Herdís Júlía Júlíusdóttir, Sigtryggur og Stefán Oddur sem öll eru í framboði fyrir VG á Akureyri komu í heimsókn í útibúið á Akureyri.
- **Þriðjudaginn 14. apríl:** Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns, formaður Pírata og varaborgarfulltrúi í Reykjavík og Oddur Björn Jónsson sem bæði eru í framboði fyrir Pírata í Reykjavík komu í heimsókn á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar í Urðarhvarfi og ræddu um NPA við Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formann NPA miðstöðvarinnar og Ernu Eiríksdóttur fræðslustýru.
- **Miðvikudaginn 15. apríl:** Berglind Ósk Guðmundsdóttir oddviti Sjálfstæðisflokksins á Akureyri og Kristína Björk Arnórsdóttir og Þorsteinn Kristjánsson frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins á Akureyri komu einnig í heimsókn í útibúið á Akureyri.
- **Þriðjudaginn 21. apríl:** Fulltrúar Samfylkingarinnar í Hafnarfirði og Kópavogi komu saman í heimsókn í Urðarhvarfið og tóku Hjörtur Örn Eysteinnsson framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar og Erna Eiríksdóttir fræðslustýra á móti þeim. Frá Samfylkingunni í Hafnarfirði voru þau Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi og varabingmaður Samfylkingarinnar og Stefán Már Gunnlaugsson, bæjarfulltrúi og prestur. Frá Samfylkingunni í Kópavogi komu Eydís Inga Valsdóttir, sérfræðingur hjá Rannís, Hákon Gunnarsson, sérfræðingur í stefnumótun, Sólveig Skaftadóttir, sérfræðingur í stjórnsýslu hjá Reykjavíkurborg og Sigurður Kári Harðarson, nemi.
- **Miðvikudaginn 22. apríl:** Fulltrúar Viðreisnar í Kópavogi, þau María Ellen Steingrímsdóttir, lögfræðingur, Sigrún Ólöf Ingólfssdóttir, skólastjóri Hörðuvallaskóla, Bryndís Logadóttir, hjúkrunarfræðingur og Auður Gunnarsdóttir, vörustjóri, komu í heimsókn í Urðarhvarfið. Á móti þeim tóku Hjörtur Örn

Eysteinnsson, framkvæmdastjóri og Íris Anna Pétursdóttir, fræðslufulltrúi NPA miðstöðvarinnar.

- **Mánudaginn 27. apríl:** Fulltrúar Miðflokksins í Reykjavík, þeir Einar Jóhannes Guðnason, oddviti Miðflokksins í Kópavogi og varabingmaður, og Beitir Ólafsson byggingaverktaki og fyrrverandi knattspyrnumaður, komu í heimsókn í Urðarhvarfið og ræddu við Hjört, Ernu, Andra Valgeirsson tæknistjóra NPA miðstöðvarinnar og ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar þær Alexöndru Dögg Einarsdóttur og Ástrós Önnu Klemensdóttur.
- **Fimmtudaginn 30. apríl:** Fulltrúar frá Okkar borg í Reykjavík, þær Ágústa Árnadóttir, jógakennari og Linda Jónsdóttir, þjálfari heimsóttu Urðarhvarfið. Á móti þeim tóku Rúnar, Erna og Íris Pétursdóttir fræðslufulltrúi.
- **Fimmtudaginn 30. apríl:** Fulltrúar Sósíalistaflokksins í Reykjavík og Kópavogi, þau Sigrún E. Unnsteinsdóttir, athafnakona, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, öryrki, og Markús Candi, stuðningsfulltrúi og leikjahönnuður komu í heimsókn í Urðarhvarfið og ræddu við Hjört og Rúnar.

Ánægjulegt var að ræða NPA við framþjóðendur, að ræða allt það helsta sem snýr að NPA, verkefni NPA miðstöðvarinnar og helstu áskoranir sem enn eru við framkvæmd NPA.

Fjölmiðlaumfjöllun í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna

NPA miðstöðin vildi leitast við að koma NPA og málefnum fatlaðs fólks í umræðuna í aðdraganda kosninganna. Miðstöðin leitaði til félagsfólks, annars vegar hvað varðar möguleg greinaskrif og hins vegar hvað varðar viðtöl í fjölmiðlum.

Eftirfarandi greinar eftir félagsfólk miðstöðvarinnar hafa birst og líklega eiga fleiri eftir að bætast við fram að kosningum:

- **Fimmtudaginn 9. apríl** birtist grein á Vísi eftir Þuríði Hörpu Sigurðardóttur, formann Sjálfsbjargar – landssambands hreyfi-

hamlaðra, fyrsta varamann í stjórn NPA miðstöðvarinnar og félagskonu í NPA miðstöðinni og NPA verkstjórnanda. Greinin bar yfirskriftina „*Viljum við virða mannréttindi fatlaðs fólks?*“ og í henni tekur Þuríður Harpa fyrir þá þrálátu tilhneigingu stjórnmalafólks að ræða NPA eingöngu út frá því hvað NPA kostar, greinir þá umræðu og hvetur ríki og sveitarfélög til að finna ásættanlegar lausnir á fjármögnun NPA og annarrar þjónustu við fatlað fólk.

<https://www.visir.is/g/20262866785d>

- **Fimmtudaginn 16. apríl** birtist grein á Vísi eftir Margréti Sigríði Guðmundsdóttur, félagskonu í NPA miðstöðinni, meðstjórnanda og NPA verkstjórnanda. Greinin bar yfirskriftina „*Slapp lifandi út af elliheimili*“ en í greininni ber hún á sláandi hátt saman reynslu sína af þremur þjónustuförum – stoðþjónustu frá sveitarfélagi inn á heimili, dvöl á hjúkrunarheimili fyrir aldraðaa og svo NPA þjónustu.

<https://www.visir.is/g/20262869636d/slapp-lifandi-ut-af-elliheimili>

- **Þriðjudaginn 5. maí, á Evrópudegi Sjálfstæðs lífs**, birtist grein á Vísi eftir Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formann NPA miðstöðvarinnar. Greinin bar yfirskriftina „*Sjálfstætt líf og fimm spurningar sem skipta öllu*“ og í henni fjallar hann um h-in fimm og hvernig þjónusta þurfi að uppfylla h-in fimm, eigi hún að teljast vera samkvæmt hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf.

<https://www.visir.is/g/20262878499d/sjalfstaett-lif-og-fimm-spurningar-sem-skip-ta-ollu>

- **Miðvikudaginn 6. maí** birtist einnig grein á Vísi eftir Þorberu Fjölfnisdóttur, varaformann NPA miðstöðvarinnar og Rúnar formann. Greinin bar yfirskriftina „*Árleg óvissa um NPA samninga er óboðleg*“ og fjallaði um ítrekaðan drátt á endurnýjun NPA samninga, ár hvert.

FJÖLMIÐLAUMFJÖLLUN

Umfjöllun í fjölmiðlum í tengslum við 15 ára afmæli NPA miðstöðvarinnar

NPA miðstöðin fagnaði 15 ára afmæli sínu þann 16. júní á síðasta ári með því að bjóða til afmælisfögnuðar í NPA miðstöðinni Urðarhvarfi. Nokkuð var fjallað um afmælið í fjölmiðlum.

Saga NPA miðstöðvarinnar

Þann 16. júní, að morgni afmælisdags NPA miðstöðvarinnar, birtist grein á Vísi eftir Hallgrím Eymundsson og Þorberu Fjöl意思dóttur, úr stjórn NPA miðstöðvarinnar. Í greininni stikluðu þau á stóru í sögu NPA miðstöðvarinnar og útskýrðu hvernig notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og gerir fötluðu fólki kleift að taka stjórn á eigin lífi. Loks minntust þau á afmælisgleði NPA miðstöðvarinnar sem haldin yrði þann sama dag.

<https://www.visir.is/g/20252739799d/npa-midstodin-15-ara>

Vanmeta fjölda fatlaðra sem þurfa NPA þjónustu

Þann 16. júní birtist viðtal á vef Heimildarinnar við Rúnar Björn Herrera Þorkelsson formann NPA miðstöðvarinnar. Sagði Rúnar að mun fleiri þyrftu á NPA að halda en áætlanir segðu til um og að stjórnvöld væru ekki með raunhæf markmið þegar kæmi að NPA þjónustu fyrir fatlað fólk. Þá sagði hann baráttu NPA miðstöðvarinnar hafa verið mikla í gengnum tíðina, biðlistar væru enn langir og dæmi væru um fólk sem hefði sótt um NPA árið 2018 og hafi enn ekki fengið þjónustu.

<https://heimildin.is/grein/24761/vanmeta-fjolda-fatladra-sem-thurfa-npa-thjonustu/>

Litadýrð á 15 ára afmæli NPA miðstöðvarinnar

Sagt var frá 15 ára afmæli NPA miðstöðvarinnar í Morgunblaðinu 17. júní. Sagt var frá afmælisfögnuðinum, hvernig salurinn var skreyttur í litum regnbogans, að Rúnar formaður hafi haldið ávarp og að Björn Skúlason

forsetamaki hafi komið og fagnað afmælinu og verið leystur út með góðum gjöfum.

https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?page_name=grein&grein_id=1890731

Hamingjuóskir á Facebook frá Birni Skúlasyni forsetamaka

Þann 1. október síðastliðinn, sendi Björn Skúlason forsetamaki, NPA miðstöðinni hamingjuóskir á Facebook síðu sinni í tilefni af því að sjö ár voru liðin frá lögfestingu NPA á Íslandi. Í færslu Björns segir m.a.: „Í dag eru sjö ár síðan þjónustuformið NPA var fest í lög. Ég mætti á afmælisfögnuð NPA miðstöðvarinnar í Urðarhvarfi í sumar þar sem ég fékk dásamlegar móttökur en miðstöðin sjálf átti fimmtán ára afmæli í júní síðastliðnum.“ Einnig sagði Björn NPA miðstöðina hafa unnið ómetanlegt starf við að verja réttinn til NPA, styðja NPA notendur og fjölskyldur þeirra, og minna okkur öll á að virðing fyrir mannlegu frelsi og fjölbreytileika sé grundvöllur sterks samfélags.

<https://www.facebook.com/NPA.midstodin/posts/pfbid09MmbdZ3MsSe7vPeQBLw9d-2fY4VdKmpDa6xdHutxs1vP9HqcmxvzjpV-VjYEFww4Ufl>

Umfjöllun um NPA í fjölmiðlum

Rætt um NPA í hlaðvarpi 4. vaktarinnar

Þann 21. júlí mættu þau Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar og Erna Eiríksdóttui, fræðslustýra NPA miðstöðvarinnar í Hlaðvarpið 4. vaktin. Úr varð áhugavert og fróðlegt spjall um NPA sem m.a. er hægt að nálgast á streymisveitunni hjá Spotify eða Apple.

<https://podcasts.apple.com/is/podcast/54-npa-midstodin/id1743868683?i=1000718290354>

Skorar á Ingu Sæland að taka slaginn

Í kvöldfréttatíma Sýnar þann 24. september 2025 var viðtal við Harald Inga Þorleifsson, baráttumann og frumkvöðul sem sagði að reynt væri að fæla fólk frá því að sækja um NPA. Aðstandendur séu settir í þá stöðu að

fórna sér fyrir ástvini og endi jafnvel sjálfir brotnir og á örorku. Sagðist Haraldur sjálfur hafa verið á biðlista eftir NPA í eitt ár og fengið þau svör að líklega þyrfti hann að bíða í fjögur ár til viðbótar. Einnig kom fram að hátt í þrjátíu einstaklingar væru að bíða eftir NPA þjónustu í Reykjavík og sum hefðu beðið í allt að sjö ár.

Loks sagði Haraldur: „Inga Sæland er náttúrulega ráðherra þessa máls og hún ætti með réttu að taka þetta upp og fara í slaginn um að fá þennan pening til að fullfjármagna og klára þessa biðlista. Þannig að fólk sem þarf þessa þjónustu fái hana áður en það deyr.“

<https://www.visir.is/g/20252779901d/skorar-a-ingu-sae-land-ad-taka-slaginn>

Blekið er búið svo þjónustan fellur niður

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson formaður, NPA miðstöðvarinnar, skrifaði pistil á Facebook þann 12. febrúar 2026, undir yfirskriftinni „Blekið er búið svo þjónustan fellur niður“. Þar sagði Rúnar frá því að stundum stöðvi sveitarfélögin greiðslur vegna NPA samninga af því að ekki hefur tekist að gera nýjan samning í tæka tíð. Þegar greiðsla dettur niður fellur þjónustan niður þar sem fatlað fólk hefur þá ekki fjármagn til að greiða laun aðstoðarfólks og býr við óvissu um framhaldið. Samkvæmt lögum skal vera samfella í þjónustu og í reglugerðum NPA, kemur fram að endurskoðun skuli fara fram í síðasta lagi mánuði áður en samningur rennur út.

<https://www.facebook.com/photo?f-bid=10162365867701845>

Ég myndi ýta á græna takkann og segja já!

Á fyrstu mánuðum ársins 2026 var mikil umræða um frumvarp sem lagt var fram á Alþingi af félags- og húsnæðismálaráðherra um að almannatryggingar yrðu tengdar við launavísitölu. Mörgum þótti umræðan um málið ansi óvægin í garð þeirra sem eru metin á örorku eða eru á endurhæfingarlífeyri. Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Sjálfsbjargar og varamaður í stjórn NPA miðstöðvarinnar, skrifaði grein sem birtist í Vísi.is 17. mars, sama dag og frumvarpið var svo samþykkt.

<https://www.visir.is/g/20262857138d/eg-myndi-yta-a-graena-takkann-og-segja-ja>

Viljum við virða mannréttindi fatlaðs fólks?

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Sjálfsbjargar og varamaður í stjórn NPA miðstöðvarinnar, skrifaði grein sem birtist á Vísi 9. apríl 2026 þar sem hún fjallaði um að mörg hagsmunamál fatlaðs fólks hefðu verið samþykkt á Alþingi. Má þar nefna lögfestinn samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, breytingar á örorkugreiðslum og tengingu þeirra við launavísitölu. Þuríður segir að þessar jákvæðu breytingar hafi vakið upp óvægna umræðu um stöðu fatlaðs fólks í umræðunni.

<https://www.visir.is/g/20262866785d/viljum-vid-virda-mannrettindi-fatlads-folks->

Slapp lifandi út af elliheimili

Fimmtudaginn 16. apríl síðastliðinn birtist grein á Vísi eftir Margréti Sigríði Guðmundsdóttur, meðstjórnanda í stjórn NPA miðstöðvarinnar, þar sem hún ber ítarlega saman þau þjónustuúrreði sem fötluðu fólki stendur til boða.

<https://www.visir.is/g/20262869636d/slapp-lifandi-ut-af-elliheimili>

Óvægin umfjöllun um fatlað fólk í tengslum við lögfestingu SSRFF

Lífskjör fatlaðs fólks muni batna, en gæti kostað sveitarfélög að fara eftir lögnum

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var samþykktur á Alþingi 12. nóvember 2025. Í viðtali í sjónvarpsfréttum RÚV um kvöldið sagði Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar, að hann væri viss um að lögfesting samningsins myndi bæta lífskjör fatlaðs fólks á Íslandi til lengri tíma. „Það hafa tapast mál um aðgengismál á Íslandi, en nú munu kannski dómara hafa betri leiðbeiningar... um hvað eru réttindi fatlaðs fólks.“ sagði Rúnar.

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-1-1-12-lifskjor-fatlads-folks-muni-batna-engaeti-kostad-sveitarfelog-ad-fara-eftir-lognum-458729>

ÖBÍ spyr hvort borgin hafi bein áform um að brjóta gegn réttindum fatlaðs fólks árið 2026

Þann 25. nóvember ræddi fréttastofa RÚV við Ölmú Ýr Ingólfssdóttur, formann ÖBÍ. Alma sagði ÖBÍ telja borgina brjóta lög með því að gera ekki ráð fyrir kostnaði við 42 samþykktu NPA samninga í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og gangrýndi að þessir 42 einstaklingar sem hafa fengið NPA samþykkt séu á biðlista eftir að samningar sínir verði virkjaðir.

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-11-24-obi-spyr-hvort-borgin-hafi-bein-aform-um-ad-brjota-gegn-rettindum-fatlads-folks-2026-459630>

Sendu Ingu Sæland pillu vegna vanfjármögnunar á þjónustu fyrir fatlað fólks

Alma Ýr Ingólfssdóttir, formaður ÖBÍ réttinda-samtaka og Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknarflokksins í borginni voru í viðtali í Bítinu á Bylgjunni 26. nóvember 2025 þar sem þau ræddu réttindi fatlaðs fólks og lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Alma benti réttilega á að NPA hefur verið lögbundin þjónusta frá árinu 2018. Nægur tími hafi verið síðan þá til að gera áætlanir um fjármögnun NPA samninga og í raun frá því að innleiðing NPA hófst árið 2010.

<https://www.visir.is/k/219517fc-c7b4-4cdb-bce8-954620d25f43-1764145680511/sendingu-saeland-pillu-vegna-vanfjarmognunar-a-thjonustu-fyrir-fatlad-folk>

Borgin leitar leiða til að fjármagna NPA þjónustu fyrir fólk á biðlista

Þann 26. nóvember ræddi RÚV við Líf Magneudóttur, borgarfulltrúa Vinstri grænna þar sem hún brást við gagnrýni ÖBÍ á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Sagði hún Reykjavíkurborg leggja allt kapp á að finna leið til að uppfylla skyldu sína til að veita NPA þjónustu.

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-11-26-borgin-leitar-leida-til-ad-fjarmagna-mpa-thjonustu-fyrir-folk-a-bidlista-459739>

Niðurskurður fram undan ef ekki semst um fjármögnun samningsins

Í viðtali við Heimildina þann 26. nóvember, sagði Heiða Björk Hilmisdóttir borgarstjóri að framundan væri niðurskurður sem gæti „skert lífsgæði í samfélögunum okkar“ verði ekki samið við ríkið um fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.

<https://heimildin.is/grein/25661/nidurskurdur-fram-undan-ef-ekki-semst-um-fjarmognun-samningsins/>

Skoða málsókn berist engin svör frá borginni

Þann 26. nóvember ræddi mbl.is við Ölmú Ýr Ingólfssdóttur, formann ÖBÍ þar sem hún sagði ÖBÍ skoða hvort ráð sé að höfða mál gegn Reykjavíkurborg á grundvelli nýlögðs samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks vegna 42 NPA samninga sem borgin hefur ekki enn fjármagnað.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/11/26/skoda_malsokn_berist_engin_svor_fra_borginni/

Kæru samborgarar, ég er ástæðan fyrir mögulegu skertum lífsgæðum ykkar

Orð borgarstjóra féllu almennt ekki í góðan farveg hjá fötluðu fólki. Þann 27. nóvember síðastliðinn birtist grein á Vísi eftir Andra Valgeirsson, tæknistjóra NPA miðstöðvarinnar, sem hann skrifaði í kjölfar ummæla borgarstjóra um mögulegan niðurskurð í samfélaginu ef ekki yrði samið við ríkið um fjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks.

Andri sagði meðal annars í greininni: „Við erum ekki eingöngu tölur á blaði. Við erum fólk, við erum samborgarar. Við erum ekki vondi kallinn!“

<https://www.visir.is/g/20252809436d/kaeru-sam-borgarar-eg-er-a-staedan-fyrir-mogulegum-skertum-lifs-gaedum-ykkar>

Rangfærslur sveitarfélaga um réttindi fatlaðs fólks

Þann 27. nóvember birtist á Vísi, grein eftir Ölmú Ýr Ingólfssdóttur, formann ÖBÍ, þar sem hún sagði sveitarfélög ekki geta haldið því fram að þau væru fyrst þá, við lögfest-

ingu SSRFF, árið 2025, að fá í hendur ný og ófyrirséð verkefni á sviði NPA. Meira en sjö ár væru liðin frá því að réttur til NPA var lögfestur gagngert í því skyni að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna.

<https://www.visir.is/g/20252809414d/rangfaerslur-sveitarfelaga-um-rettindi-fat-lads-folks>

NPA breytir lífum - það gleymist í umræðunni

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar, skrifaði grein sem birtist á Vísi 28. nóvember 2025. Sagði hann meðal annars að skýrslur bend til þessa að notendastýrð aðstoð sé ýmist hagkvæmari eða kosti svipað og sambærileg hefðbundin úrræði, auk þess sem notendur kjósi miklu frekar NPA heldur en aðra þjónustu.

<https://www.visir.is/g/20252809920d/npa-breytir-lifum-thad-gleymist-i-umraedunni>

Skuldaskellir, nýr jólasveinn sveitarfélaga?

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Sjálfsbjargar og varamaður í stjórn NPA miðstöðvarinnar skrifaði grein sem birtist á Vísi, 1. desember 2025. Sagði Þuríður Harpa, það vera afleitt að fólk í forystu sveitarfélaga stilli hópum upp á móti hvor öðrum og skapi með því andúð og virðingarleysi í garð fatlaðs fólks sem sé eingöngu að berjast fyrir því að mannréttindi þess séu virt til jafns við aðra hópa og að lögum sé framfylgt.

<https://www.visir.is/g/20252810913d/skul-daskellir-nyr-jolasveinn-sveitarfelaga>

Sönnunarbyrði hafnað

Freyja Haraldsdóttir lagði lagði sitt af mörkum í umræðuna á bloggsíðu sinni, 2. desember 2025 og sagði þá meðal annars:

„Orðræða sveitarstjórnarfólks og annarra sem telja samfélaginu ógnað af réttindum fatlaðs fólks og gera okkur að blóraböggjum annars samfélagsvanda sýnir fötlunarfyrlitningu. [...] Ef að borgarstjóri og fyrrverandi borgarstjóri segja skammarlaust opinberlega að fatlað fólk sé byrgði á

samfélaginu hafa þau gefið öllum leyfi til að halda því fram og sýna það í verki. Þau hafa normaliserað ableimisma og sett þannig líf okkar í hættu.“

<https://freyjahaaralds.substack.com/p/son-nunarbyri-hafna>

Fatlað fólk ber ekki ábyrgð á velferð samfélagsins

Stjórn NPA miðstöðvarinnar sendi frá sér yfirlýsingu sem birtist á Vísi.is og á vefsíðu NPA miðstöðvarinnar, www.npa.is, á alþjóðadegi fatlaðs fólks, þann 3. desember síðastliðinn. Bar greinin yfirskriftina „Fatlað fólk ber ekki ábyrgð á velferð samfélagsins“.

Í yfirlýsingunni kom meðal annars fram að fatlað fólk neiti því að vera notað sem pólitískt útspil í störukeppni sveitarfélaga við ríkið. Að fatlað fólk telji ástæðu til að sveitarstjórnarfólk sem hafi undanfarið haft sig í frammi með tilteknum hætti, gangist við orðum sínum og dragi þau til baka. Jafnframt að stjórnmalafólk og borgarar þessa lands þurfi að gera upp við sig hvernig samfélag þau vilji byggja og ákveða að íslenskt samfélag verði samfélag inngildingar þar sem öll hafa rétt til sjálfstæðs lífs og þátttöku í samfélaginu, þar sem lögum er fylgt og grundvallarmannréttindi eru virt.

<https://www.visir.is/g/20252812221d/fatlad-folk-ber-ekki-abyrgd-a-velferd-samfelagsins>

<https://www.npa.is/blog/greinar-3/fatlad-folk-ber-ekki-abyrgd-a-velferd-samfelagsins-112>

Er líf mitt „óþarfa útgjöld?“

Margrét Sigríður Guðmundsdóttir, meðstjórnandi í stjórn NPA miðstöðvarinnar, skrifaði grein sem birtist í Morgunblaðinu, 4. desember 2025. Í greininni segir:

„Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri sagði í aðsendri grein til Morgunblaðsins 13. nóvember síðastliðinn að bærinn hefði „hagrætt í rekstri og forðast óþarfa útgjöld til að tryggja ábyrgan rekstur samhliða skattalækkunum.“ Á sama tíma og lögbundin þjónusta við fatlað fólk er ekki veitt eru skattar lækkaðir. Hvernig getur það verið forgangsatríði að byggja nýja

fótboltastúku á meðan fatlað fólk bíður á biðlistum?“

<https://www.facebook.com/photo?fbid=1367912488635227&set=a.505586744867810>

https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?page_name=grein&grein_id=1902486

Réttur brotinn á fötluðu fólki með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar

Alma Ýr Ingólfssdóttir, formaður ÖBÍ réttindasamtaka skrifaði grein í kjölfar þess að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt. Greinin birtist á Vísi, 4. desember og í greininni segir meðal annars:

„Pólítísk ákvörðun meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur um að fjármagna ekki þá NPA samninga sem þegar hafa verið samþykktir er að mati ÖBÍ réttindasamtaka ólögleg og felur í sér skýrt brot gegn mannréttindum hlutaðeigandi einstaklinga. Hið sama gildir um sambærilegar ákvarðanir í öðrum sveitarfélögum. Ljóst er að ÖBÍ réttindasamtök munu ekki sitja aðgerðarlaus hjá meðan brotin eru mannréttindi á fötluðum einstaklingum með þessum hætti. Neiti sveitarfélögin að virða lögbundin réttindi fatlaðs fólks munu samtökin leita viðeigandi leita til að knýja þau fram.“

<https://www.visir.is/g/20252812620d/rettur-brotinn-a-fotludu-folki-med-fjarhagsaetlun-reykjavikurborgar>

Fatlað fólk er miklu meira en tölur í excel skjali

Þann 8. desember 2025 birtist á Vísi, grein eftir Ágústu Örnú Sigurdórsdóttur, ritstýru NPA fréttablaðsins og textasmiðs hjá NPA miðstöðinni. Í greininni segir meðal annars:

„Fatlað fólk er miklu meira en einhver ein tala í excel skjali. Við eigum okkur drauma og viljum fá að stjórna eigin lífi. Við eigum laganlegan rétt á sjálfstæðu lífi til jafns við aðra og það er ekki bara við sem njótum góðs af því að öðlast sjálfstæði, heldur fjölskyldur okkar og samfélagið allt.“

<https://www.visir.is/g/20252814410d/fatlad-folk-er-miklu-meira-en-tolur-i-excel-skjali>

Rödd félagsfólks NPA miðstöðvarinnar

Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar heldur áfram að láta í sér heyra á opinberum vettvangi til að vekja athygli á stöðu NPA mála eða vegna ýmskonar verkefna sem það hefur unnið að. Neðangreint er ekki tæmandi listi en gefur ágæta innsýn í hvernig fatlað fólk lætur að sér kveða á ýmsum sviðum samfélagsins.

Aðgengisstrolli fatlaðs fólks

Að morgni þriðjudagsins 10. júní mætti Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Sjálfsbjargar og varamaður í stjórn NPA miðstöðvarinnar í viðtal í Bítíð á Bylgjunni til þess að vekja athygli á Aðgengisstrolli sem sex samtök hreyfihamlaðs fólks stóðu fyrir síðar þann sama dag. Nefndi Þuríður Harpa m.a. að enn væru dæmi um að hreyfihamlaðir foreldrar kæmust ekki inn á leikskóla barna sinna.

<https://www.visir.is/k/7a5bfc26-ca47-4d8e-8ad2-7457e5671e09-1749541263316/enn-daemi-um-ad-foreldrar-komist-ekki-inn-i-leikskola-barna-sinna>

Ætlar að ná styrk í fingurna til að geta greitt dóttur sinni

Þann 11. júlí 2025, birtist viðtal við Jónu Elísabetu Ottesen í Íslandi í dag á Sýn. Í viðtalinu kom fram að Jóna væri ákveðin í að fá aftur styrk í hendur og fingur og að eitt af markmiðum hennar væri að ná styrk í fingurna til að geta greitt dóttur sinni um hárið. Sagði hún nýjustu tækni við endurhæfingu ekki vera aðgengilega hér á landi og að hún hafi stofnað söfnun á Karolina fund til að komast í taugaendurhæfingu á Spáni.

<https://www.visir.is/g/20252750329d/aetlar-ad-na-styrk-i-fingurna-til-ad-geta-greitt-dot-turinni>

Skáldsaga skrifuð þegar höfundur var að missa mátt í líkamanum

Brandur Bryndísarson Karlsson, frumkvöðull og listamaður, setti fyrsta kafla í skáldsögu sinni Oldest í loftið á Youtube síðu sinni í ágúst 2025. Bókin er á ensku og samanstendur af 21 köflum. Einnig hefur Brandur látið prenta nokkur eintök af bókinni.

Samkvæmt Brandi byrjaði hann að skrifa bókina til að hjálpa sér að takast á við tímabil

þegar hann var að missa mátt í líkamanum og horfast í augu við frekari skerðingar. Hann sá fyrir sér 1000 ára gamlan mann og velti fyrir sér hvaða hvata svo gömul manneskja hefði til að lifa.

Eitt af markmiðunum með bókinni er að sýna hvað manneskja með líkamlega skerðingar getur áorkað með einbeittum vilja og aðstoð tækninnar.

<https://www.youtube.com/watch?v=IQqlc76KZyQ>

Þjónusta táknmalstúlka, aðgengi í skólum og lífsbreytirinn NPA

Áslaug Ýr Hjartardóttir aktivítisti og rithöfundur var gestur í hlaðvarpinu 4. vaktin í þætti sem gefinn var út 3. september 2025. Áslaug er daufblind og ræddi m.a. um þjónustu táknmalstúlka og skólamála, auk þess sem Áslaug lýsir því hvernig NPA hefur breytt lífi hennar.

<https://open.spotify.com/episode/7h0QdF-GOkaXMiiCgXyRTik>

Hér er kynningar „reel“ 4. vaktarinnar um viðtalið við Áslaugu.

<https://www.facebook.com/reel/1310549244044619>

„Draumar geta ræst með NPA“

„Úff þetta er náttúrulega algjör leikbreytir fyrir mitt líf. Ég get bara stjórnað mér sjálf. Hvenær ég vil vakna á morgnanna og ég get farið með Viktoríu á leikskólann. Ég get farið erlendis. Þetta er algjört frelsi ég get látið mig dreyma. Draumar geta ræst með NPA,“ sagði Björk Sigurðardóttir í viðtali við fréttastofu Sýnar þann 5. október 2025. Björk hafði beðið eftir að fá NPA í tvö ár og hafði í viðtali nokkrum mánuðum áður lýst tilveru sinni sem stofufangelsi.

<https://www.visir.is/g/20252784284d/-draumar-geta-raest>

„Vá, er ég komin hingað á stærsta íþróttasviðið?“

Sonja Sigurðardóttir, sundkona og félagskona í NPA miðstöðinni, var viðmælandi í NPA fréttabréfinu sem kom út í október 2025 og var

sent til félagsfólks, aðstoðarverkstjórnenda og aðstoðarfólks. Sonja hefur æft sund frá sjö ára aldri. Hún hefur þrisvar keppt á Ólympíu-móti fatlaðra og var kjörin íþróttakona ársins af Íþróttasambandi fatlaðra árið 2024.

<https://www.npa.is/blog/greinar-3/va-er-eg-komin-hingað-a-stærsta-íþróttasviðið-115>

Að ala upp fatlað barn

Þorsteinn J. Vilhjálmsson var í viðtali hjá Hlaðvarpinu 4. vaktin og var gefið út á Spotify, 1. nóvember 2025. Í viðtalinu ræddi Þorsteinn meðal annars um reynslu sína af því að ala upp fatlað barn og hvernig skólakerfið hefur stutt við fjölskylduna, auk þess að ræða ítarlega um NPA og hve miklu NPA breytti fyrir líf Láru dóttur hans og fjölskyldunnar allrar.

<https://open.spotify.com/episode/6uM-migc8EySVQSpiOaf6YU>

„Ég vil bara skapa þó líkaminn fylgi ekki“

Þann 14. nóvember síðastliðinn sagði fréttavefurinn Mannlíf frá nýju verkefni Brands Bryndísarsonar Karlssonar. Á fjármögnunarfnum Karolínafund voru til sölu bollar sem prýddir voru með málverkum Brands sem hann málar með munninum.

„Ég vil bara skapa, þó að líkaminn fylgi ekki. Listin er það sem gefur mér sjálfstæði, hún er vinnan mín og leiðin mín til að vera hluti af samfélaginu. Fólk sér oft fötlunina fyrst en ég vil að fólk sjái listina líka. Bollarnir eru leið til að koma henni til fleiri og byggja upp starf þar sem ég get skapað áfram.“ sagði Brandur.

<https://mannlif.is/greinar/eg-vil-bara-skapa-tho-ad-likaminn-fylgi-ekki/>

Í stuttu máli: Ferðalag án hindrana

Á alþjóðadegi fatlaðs fólks þann 3. desember síðastliðinn sendi Hæfnisetur ferðaþjónustunnar út þáttinn „Í stuttu máli“ undir yfirskriftinni „Ferðalag án hindrana“ á Youtube rás sinni. Í þættinum var fjallað um hvernig ferðaþjónustan gæti skapan upplifun fyrir öll óháð hindrunum. Verkefnið „Gott aðgengi í ferðaþjónustu“ var kynnt auk þess sem gestir ræddu um aðgengi fatlaðs fólks í íslenskri ferðaþjónustu. Meðal gesta var Þuríður

Harpa Sigurðardóttir, formaður Sjálfsbjargar og varamaður í stjórn NPA miðstöðvarinnar.

<https://www.youtube.com/watch?v=-n563p-wrnnQ&t=53s>

Fatlist - birtingarmyndir fatlaðs fólks skipta máli

Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, leikkona og leikritahöfundar og félagskona í NPA miðstöðinni, átti hugmyndina að og var önnur umsjónarkvenna þáttaraðarinnar Fatlist, ásamt Heiðu Vígðísi Sigfúsdóttur. Þættirnir voru í fjórum hlutum og voru fluttir á Rás 1, í desember 2025, þær stöllur leiddu hlustendur í gegnum sögu fötlunar, skilgreiningar hennar og hvaða mynd listin dregur upp af fötluðu fólki. Þær ræddu við fræða- og listafólk, höfunda, fatlað fólk og aðgerðarsinna sem sja efnið út frá ýmsum sjónarhornum.

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/fatlist/38656/bgks01>

Fatlað fólk ósýnilegt

Þann 18. desember 2025 voru þær Kolbrún og Heiða í viðtali í þættinum Samfélagið á Rás 1 um sýnileika fatlaðs fólks og þættina Fatlist. „Við sjáum aldrei fatlað fólk sem viðmælendur hjá Gísla Marteini eða í sjónvarpsþáttum.“ Sagði Kolbrún og sagðist taka andköf þegar hún sér fatlaðan einstakling í sjónvarpnu því það væri svo óalgengt. „Þetta er svo mikill ósýnileiki.“

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2025-12-18-birtingarmyndir-fatlads-folks-skipta-mali-folk-saettir-sig-ekkert-lengur-vid-thetta-461705>

Dagur í lífi Sveinbjörns

Sveinbjörn Benedikt Eggertsson, félagi í NPA miðstöðinni og stjórnarmaður í stjórn Átaks,

félags fólks með þroskahömlun, sýndi frá degi í lífi sínu í myndbandi sem birtist á samfélagsmiðlum Átaks í lok árs 2025. Í myndbandinu segir Sveinbjörn frá því að hann sé með NPA og hvernig það hafi breytt lífi hans, t.d. geti hann nú ákveðið að ferðast með stuttum fyrirvara.

<https://www.facebook.com/reel/760142149780300>

Segir borgina vilja hnýsast í einkalíf sitt

Áslaug Ýr Hjartardóttir, aktivisti og félagskona í NPA miðstöðinni, vakti athygli á því á Facebook síðu sinni í janúar að nýjar kröfur Reykjavíkurborgar um að fá sundurliðaðar upplýsingar um starfsmannakostnað frá NPA verkstjórnendum, fela í sér alvarlegt brot á friðhelgi einkalífs fatlaðs fólks. Sagði Áslaug Ýr borgina krefjast upplýsinga sem gefi nákvæma mynd af daglegu lífi hennar, ferðalögum, tómstundum og persónulegum maðstæðum. „Þetta jafngildir því að vera beðin um að leggja fram bókhald yfir mitt eigið líf,“ sagði Áslaug í viðtali við Mbl.is sem birt var 11. janúar síðastliðinn.

https://www.mbl.is/frettir/inn-lent/2026/01/11/segir_borgina_vilja_hnysast_i_einkalif_sitt/

Hvað dreymir þig um að gera með NPA?

Andri Valgeirsson, tæknistjóri NPA miðstöðvarinnar tók þátt í „reel trendi“ þegar hann deildi þann 26. janúar, myndbandi á samfélagsmiðlum með yfirskriftinni „Hvað dreymir þig um að gera með NPA?“ Í myndbandinu gaf að líta myndir af ferðalögum sem Andri hefur farið í eftir að hann fékk NPA.

<https://www.facebook.com/reel/1418508090064082>



ADGENGILEGT
HUSNÆÐI
EK FRANKETINNA

EKKERT
UM OKKUR
AN OKKAR

ADGENGI
ET ALLRA MÁL

HAGSMUNAGÆSLA OG RÉTTINDAMÁL

NPA miðstöðin er hagsmunafélag fatlaðs fólks og var upphaflega stofnuð sem baráttusamtök fyrir réttinum til NPA. Hagsmunavarsla félagsfólks hefur ávallt skipað nokkuð stóran sess í starfi NPA miðstöðvarinnar og gerir enn. Óhætt er að fullyrða að sú hagsmunabarátta skili sér jafnframt með óbeinum hætti til fatlaðs fólks sem ekki eru félagar í miðstöðinni.

KÆRUR OG MÁLSKOT

Líkt og fyrri ár hefur miðstöðin aðstoðað félagsfólk sitt að margvíslegu leyti á liðnu starfsári. Má þar meðal annars nefna aðstoð við að sækja tiltekin réttindi eða láta reyna á ákvarðanir sveitarfélaga með málskotum, bæði innan sveitarfélaganna sjálfra og svo með málskotum til æðri stjórnvalda.

Veikindakostnaður í NPA

Á liðnu starfsári hefur nokkur áhersla verið lögð á það hjá miðstöðinni að sækja rétt félagsfólks til viðbótarframlags í NPA vegna kostnaðar sem tengist veikindum aðstoðarfólks. Jafnaðartaxti NPA samninga á liðnum árum hefur ekki tekið tillit til tilfallandi veikinda en NPA miðstöðin rak nýverið mál félagsmanns fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála þar sem reynt var á hvort jafnaðartaxtar fælu í sér framlög til kostnaðar vegna tilfallandi veikinda, eins og Reykjavíkurborg hefur haldið fram. Vísar sveitarfélagið til handbókar Félagsmálaráðuneytisins máli sínu til stuðnings, en þar segir að framlög sveitarfélaga til NPA skuli meðal annars taka mið af tilfallandi veikindum og þjálfun nýs aðstoðarfólks. Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að sveitarfélagið hafi greitt samkvæmt samningi og að verkstjórnandinn hefði þurft að reka sjálfstætt mál þar sem fjárhæð eða tímafjöldi samningsins er mót-

mælt. NPA miðstöðin ákvað svo að uppfæra útreikninga á jafnaðartöxtum NPA samninga fyrir árið 2026 svo að þeir taki nú mið af tilfallandi veikindum aðstoðarfólks, líkt og handbók ráðuneytisins gerir ráð fyrir. Sum sveitarfélög féllust á þessar uppfærðu forsendur en önnur, þar á meðal sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, hafa hafnað þessu viðbótarframlagi.

NPA miðstöðin sat fund með öllum sviðsstjórum velferðarsviða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og gerði grein fyrir því að um væri að ræða mikilvæga hagsmuni fyrir NPA notendur og að miðstöðin myndi leita allra leiða til þess að tryggja að þessi skekkja verði leiðrétt. Sveitarfélögin settu í framhaldinu saman spretthóp til að móta tillögur um útreikning eða útfærslu á framlögum til NPA, þar á meðal til veikindakostnaðar, en NPA miðstöðin hefur ekki enn fengið neinar upplýsingar um stöðu þeirrar vinnu.

Jafnframt hefur NPA miðstöðin þurft að hafa talsvert fyrir því að sækja full framlög vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Gildandi reglugerð um NPA kveður á um að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skuli greiða úr sjóðnum framlög vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks á grundvelli umsókna frá umsýsluaðilum. Fram til þessa hefur það gengið ágætlega, en nýverið hafa greiðslur úr Jöfnunarsjóði aðeins numið 25% af þeirri heildarupphæð sem sótt er um. Útskýrir Jöfnunarsjóður það með því að sveitarfélög greiði ekki sinn hluta inn í þennan veikindasjóð, sem eigi að nema 1% af heildarframlagi hvers samnings. Sum sveitarfélög hafa í staðinn greitt mismuninn á þeirri upphæð sem sótt er um og þess sem Jöfnunarsjóður greiðir á meðan önnur greiða aðeins þá upphæð sem kemur frá Jöfnunarsjóði.

Þessi staða er að sjálfsögðu óviðunandi

og NPA miðstöðin mun fylgja því fast eftir að fullar greiðslur skili sér til verkstjórnenda fyrir kostnað vegna langtímaveikinda.

Málshraði

NPA miðstöðin rak eitt mál fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála sem varðaði málshraða. Í því máli hafði umsókn einstaklings um breytingu á þjónustu dregist svo mánuðum skiptir. Svo fór að lokum að NPA miðstöðin kærði þennan óhæfilega drátt til úrskurðarnefndar velferðarmála. Nokkrum dögum síðar var mál viðkomandi einstaklings tekið fyrir hjá sveitarfélaginu og leitt þar til lykta, en málið hélt hins vegar áfram hjá úrskurðarnefnd. Þar sem niðurstaða lá þegar fyrir taldi nefndin ekki ástæðu til þess að gera athugasemd við málshraðann í þessu máli. NPA miðstöðin er þó ósammála úrskurðinum og bendir á að nefndin hafi áður komist að þeirri niðurstöðu að skemmri málsmeðferðartími en sá sem um ræddi í þessu máli hafi falið í sér óhæfilegan drátt á málsmeðferðinni.

Málshöfðun gegn Hafnarfjarðarbæ

Í lok árs 2025 höfðaði NPA miðstöðin einkamál gegn Hafnarfjarðarbæ. Málið á rætur sínar að rekja til framlaga bæjarins til NPA vegna ársins 2021. Á þessum tíma greiddi Hafnarfjarðarbær framlög til NPA sem ekki stóðust þær kröfur sem NPA reglugerðin og gildandi lög segja til um. NPA miðstöðin gerði athugasemd við framkvæmd bæjarins á framlögum til NPA og svo fór að lokum að bærinn samþykkti að greiða réttan taxta út frá kjarasamningum NPA aðstoðarfólks, en ekki með vísan til launavísitölu eins og áður. Bærinn lofaði því skriflega að leiðrétta framlög bæjarins m.a. vegna ársins 2021 afturvirkkt en hins vegar barst aðeins leiðrétting vegna ársins 2022. NPA miðstöðin átti í langvarandi samskiptum við bæinn vegna þessa og sendi síðan innheimtubréf til bæjarins til greiðslu þeirrar upphæðar sem enn vantaði uppá vegna ársins 2021. Bærinn hafnaði kröfunni og því höfðaði NPA miðstöðin mál til innheimtu upphæðarinnar. Málið verður leitt til lykta fyrir Héraðsdómi Reykjaness á þessu ári.

Erindi til Persónuverndar

Í febrúar 2025 beindi NPA miðstöðin erindi til Persónuverndar vegna kröfu Reykjavíkurborgar um upplýsingar og gögn í tengslum við uppgjör borgarinnar á starfsmannakostnaði (5%). Málið má rekja til bréfs sem NPA miðstöðinni og verkstjórnendum í Reykjavík barst í desember 2024 sem fól í sér kröfu um upplýsingar og gögn um ráðstöfðun á framlagi til starfsmannakostnaðar. Að sögn borgarinnar væri um að ræða nýjar kröfur sem gerðar væru til umsýsluaðila og verkstjórnenda í borginni og farið væri fram á kvittanir og/eða bankayfirlit yfir ráðstöfðun starfsmannakostnaðarins. Á félagsfundum sem haldinn var vegna málsins í janúar 2025 var félagsfólk sammála um að beina erindi til Persónuverndar, enda væru upplýsingar um starfsmannakostnaðinn þess eðlis að með þeim væri hægt að rekja ferðir verkstjórnenda, lífsvenjur og jafnvel þátttöku í trúarstarfi, pólitísku starfi eða öðrum félagsstörfum. Erindi til Persónuverndar var komið á framfæri í febrúar 2025 og hefur verið til vinnslu hjá stofnunni síðan. Ekki liggur enn fyrir niðurstaða.

Erindi til umboðsmanns Alþingis

Í mars 2025 beindi NPA miðstöðin erindi til Umboðsmanns Alþingis vegna framgöngu Reykjavíkurborgar í sama máli sem tengist uppgjöri á framlagi til starfsmannakostnaðar. Að mati NPA miðstöðvarinnar fól krafa borgarinnar í sér breytingu á stjórnsýsluframkvæmd sem er afturvirk og hafði ekki verið kynnt með neinum hætti, hvorki til umsýsluaðila né verkstjórnenda. Óskaði NPA miðstöðin eftir því að umboðsmaður tæki málið upp og beindi álitni til Reykjavíkurborgar. Með bréfi sínu í janúar 2026 tilkynnti umboðsmaður að hann hefði lokið athugun sinni á málinu. Vísaði umboðsmaður til þess að þar sem málið hefði ekki verið endanlega leitt til lykta innan borgarinnar, skv. svörum borgarinnar um að beðið væri niðurstöðu Persónuverndar, væru skilyrði fyrir íhlutun umboðsmanns ekki fyrir hendi. Lauk þar með athugun umboðsmanns á málinu.

UMSAGNIR UM LAGAFRUMVÖRP

NPA miðstöðin ritaði eina umsögn á liðnu starfsári. Fjallaði umsögnin um stefnu Reykjavíkurborgar í málaflokki fatlaðs fólks frá 2026 til 2036. Í umsögninni kemur miðstöðin á framfæri athugasemdum sem lúta að því

hvernig notkunin á hugtakinu „sjálfstætt líf“ kemur fyrir í stefnunni og hversu mikilvægt það er að það hugtak sé notað rétt. Þannig skilgreinir samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hvað felst í sjálfstæðu lífi og hvaða skilyrði þjónusta á vegum sveitarfélaga þurfi að uppfylla svo hún teljist stuðla að sjálfstæðu lífi. Þá er einnig gerð athugasemd við endurtekið orðalag um að notendastýrð persónuleg aðstoð verði áfram í „þróun“ en slíkt orðalag bendir til þess að NPA sé ekki lögfest þjónustuform sem fatlað fólk á rétt á, heldur að að þjónustan sé enn á einhvers konar tilraunastigi. Þá mætti leggja meiri áherslu á NPA í stefnunni auk þess sem nauðsynlegt sé að útbúa framkvæmdaáætlun samhliða stefnunni.

ÖNNUR HAGSMUNAGÆSLA

Önnur verkefni tengd hagsmunabaráttu og/eða ráðgjöf við uppbyggingu NPA á Íslandi sem NPA miðstöðin hefur haft aðkomu að eru t.d. eftirfarandi:

- Formaður NPA miðstöðvarinnar sat í stýrihópi Reykjavíkurborgar um mótun stefnu í málaflokki fatlaðs fólks.
- Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur verið skipaður og situr í framtíðarhóp um nýsköpun og þjónustu við fatlað fólk.
- Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur verið skipaður og situr í Nefnd um vinnutíma starfsmanna sem veita NPA, þar sem fjallað er um vinnutíma aðstoðarfólks, hvíldarvaktir og undanþáguheimildir sem hafa áhrif á möguleika fatlaðs fólks til að skipuleggja aðstoð sína í samræmi við eigið líf.
- Formaður situr í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, sem er samráðs-vettvangur ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.
- Gjaldkeri er fulltrúi í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar.
- Þátttaka í samráðsstarfi um lagasetningar og reglugerðir.
- Mætingar á fundi á nefndasviði Alþingis og ráðum og fundum á vegum sveitarfélaga.
- Samtöl og samráð við kjörna fulltrúa.
- Margvsíleg aðstoð og stuðningur við fatlað fólk og aðstandendur fatlaðs fólks varðandi réttindi sín.



30 LBS

14 LBS

20 LBS

20 LBS

14 LBS

20 LBS

ŠNIBU NÜMERINÜ FRAM

14 LBS

20 LBS

14 LBS

20 LBS



FJÖLDI NPA SAMNINGA ENN LANGT UNDIR FJÁRMÖGNUM VIÐMIÐI OG RAUNVERULEGRI ÞÖRF

NPA miðstöðin hefur um árábil bent á að fjölgun NPA samninga hefur verið of hæg og ekki í samræmi við lögbundinn rétt fatlaðs fólks til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. NPA er ekki tímabundið tilraunaverkefni eða valkvætt úrræði sveitarfélaga, heldur lögbundin þjónusta sem á að tryggja fötluðu fólki stjórn á eigin aðstoð og eigin lífi.

Á árinu 2025 lá fyrir fjármagn í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna allt að 172 NPA samninga. Þrátt fyrir það voru aðeins **127 NPA samningar** virkir á árinu. Það sýnir að vandinn liggur ekki eingöngu í því hvort fjármagn hafi verið sett til hliðar, heldur einnig í framkvæmdinni sjálfri: afgreiðslu umsókna, mati á stuðningsþörf, ákvörðunum sveitarfélaga, samræmingu ábyrgðar og því hvort NPA sé í reynd meðhöndlað sem réttur eða sem takmarkað stjórnarsýsluúrræði.

Mikilvægt er að árétta að talan 172 er ekki réttindalegt þak. Hún er fjármögnunar- og innleiðingarviðmið sem stjórnvöld settu sér, en segir ekki til um raunverulega þörf fatlaðs fólks fyrir NPA. Réttur einstaklings til NPA verður ekki takmarkaður við áætlun stjórnvalda um fjölda samninga við upphaf innleiðingar NPA, heldur ræðst hann af lögum, einstaklingsbundinni stuðningsþörf og réttinum til sjálfstæðs lífs.

NPA miðstöðin hefur ítrekað varað við því að stjórnvöld festi sig um of í tölunni 172. Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur um árábil bent á að þegar NPA hefur náð eðlilegu jafnvægi sé líkleggra að raunverulegur fjöldi samninga verði nær 250 en 172. Sú tala endurspeglar betur að NPA þarf að vera raun-

hæfur valkostur fyrir fatlað fólk sem uppfyllir skilyrði þjónustunnar, óháð því hvort það býr í stóru eða litlu sveitarfélagi og óháð því hvort sveitarfélag hefur þegar „fyllt“ eitthvert óformlegt viðmið.

INNLEIÐINGARFERLI NPA LOKIÐ EN RÉTTINDALEGRI INNLEIÐINGU ER EKKI LOKIÐ

Formlegu innleiðingarferli NPA lauk um áramótin 2024/2025. Þar með lauk tímabili þar sem fjölgun NPA samninga var sérstaklega tengd bráðabirgðaákvæðum og tímabundnu samstarfi ríkis og sveitarfélaga um innleiðingu þjónustunnar.

Það þýðir þó ekki að innleiðingu NPA sé lokið í réttindalegum skilningi. Þvert á móti sýnir staðan árið 2025 að enn er langt í land. Þegar aðeins 127 samningar eru virkir, þrátt fyrir að fjármagn liggi fyrir vegna allt að 172 samninga, er ljóst að rétturinn hefur ekki skilað sér til alls þess fólks sem þarf á þjónustunni að halda.


NPA miðstöðin telur mikilvægt að stjórnvöld horfi ekki á lok innleiðingartímabilsins sem lokapunktur, heldur sem upphaf næsta áfanga: að tryggja að NPA verði raunverulegur, aðgengilegur og réttindatryggður valkostur fyrir fatlað fólk um allt land.

Fjármagn vegna 172 NPA samninga liggur fyrir en aðeins 127 samningar eru virkir

Á árinu 2025 lá fyrir fjármagn vegna allt að 172 NPA samninga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Sú fjármögnun byggir á samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytta

FJÖLDI NPA SAMNINGA LENGI VERIÐ Í ÓSAMRÆMI VIÐ ÁÆTLANIR LÖGGJAFANS

Fjöldi NPA samninga, 2012-2025 og áætlanir um fjölda



Enn vantar 45 NPA samninga upp á að markmið ársins 2022 um 172 NPA samninga náist

Tölur eru fengnar úr ársskýrslum Jöfnunarsjóðs, úr veffréttum stjórnarráðsins og úr lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, bráðabirgðaákvæði laga frá 2022.

Grafik: NPA miðstöðin | Silja

fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk og því fyrirkomulagi að framlög vegna NPA fari í gegnum Jöfnunarsjóð.

Þetta þýðir að sveitarfélög geta ekki vísað með sama hætti og áður til þess að mótframlag ríkisins vegna 172 samninga liggja ekki fyrir. Fjármagnið er til staðar en engu að síður voru aðeins 127 samningar virkir á árinu 2025.

Brýnt er að greina hvers vegna aðeins 127 NPA samningar eru virkir þegar kerfið hefur fjármögnun fyrir 172 NPA samninga. Flöskuhálsinn getur legið í seinagangi við afgreiðslu umsókna, skorti á samræmdum reglum, óskýru mati á stuðningsþörf, framkvæmd samninga, skorti á leiðbeiningum, mismunandi framkvæmd á milli sveitarfélaga eða pólitískri tregðu til að nýta það svigrúm sem fyrir liggur.

Að mati NPA miðstöðvarinnar á ekki að horfa til fjölda virkra NPA samninga, fjárheim-

ilda eða stjórnsýslulegra ferla. Mælikvarðinn verður að vera hvort fatlað fólk fái í reynd þá aðstoð sem það á rétt á og þarf til að lifa sjálfstæðu lífi.

Lögfesting SRFF styrkir kröfuna um raunverulega framkvæmd NPA

Á síðasta ári fékk samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lagagildi hér á landi með lögum nr. 80/2025. Lögin tóku gildi 3. desember 2025 og markmið þeirra er að styrkja mannréttindi fatlaðs fólks og tryggja að fatlað fólk njóti mannréttinda til fulls og geti tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.

Þetta hefur beina þýðingu fyrir NPA. Í 19. gr. samningsins er fjallað um rétt fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu. Sá réttur verður ekki tryggður með því einu að þjónustan sé til í lögum eða

að til sé fjármögnunarviðmið. Samningurinn krefst raunverulegrar framkvæmdar.

Lögfesting SRFF styður þá kröfu að NPA sé túlkað og framkvæmt sem réttindatengd þjónusta. Stjórnvöld verða að tryggja að fjárhagsleg viðmið, tafir í stjórnsýslu eða óskýr ábyrgð leiði ekki til þess að rétturinn verði aðeins til á pappír.

Skýrari reglur, gagnsæi og aðgerðaáætlun vegna biðlista

NPA miðstöðin telur brýnt að ekki sé lögð áhersla á að búa til varanlegt kerfi utan um biðlista eftir NPA heldur skal markmiðið vera að útrýma biðlistum eftir NPA. Fatlað fólk á ekki að þurfa að bíða árum saman eftir

þjónustu sem er forsenda þess að það geti búið á eigin heimili, tekið þátt í samfélaginu, sinnt námi eða atvinnu og stjórnað eigin lífi.

Ef biðlistar reynast tímabundið óhjákvæmilegir verða þeir að vera gagnsæir, tímabundnir og tengdir skýrri aðgerðaráætlun um hvernig skal vinna á biðlistunum. Þá þarf að greina hvers vegna biðlistinn verður til og ráðast að rót vandans.

Biðlisti án greiningar og aðgerðaáætlunar er ekki lausn. Hann er birtingarmynd þess að réttindi fólks eru ekki tryggð í framkvæmd. Þess vegna þarf skráning biðlista fyrst og fremst að vera tæki til að afhjúpa vandann, greina hann og leysa hann, ekki leið til að normalísera bið eftir lögbundinni þjónustu.



KJARAMÁL

Aðstoðarfólk NPA miðstöðvarinnar er félagsfólk Eflingar eða aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins og ræðst félagsaðild af því hvar viðeigandi verkstjórnandi býr á landinu. NPA aðstoðarfólk hlítir kjarasamningum milli Eflingar, Starfsgreinasambandsins og NPA miðstöðvarinnar fyrir NPA aðstoðarfólk.

NPA miðstöðin hefur frá árinu 2013 gert kjarasamning við Eflingu og tiltekin stéttarfélag innan Starfsgreinasambandsins um störf NPA aðstoðarfólks. Á árinu 2022 var útfærður nýr kjarasamningur fyrir NPA aðstoðarfólk þar sem innleiddar voru nokkrar breytingar á kjarumhverfi NPA aðstoðarfólks, t.a.m. stytting vinnuvikunnar, breyting á álagsþrepum ásamt því sem skert var á tilteknum álitamálum sem varða skipulag á vöktum og hvíldarvöktum. Nýr kjarasamningur NPA miðstöðvarinnar við Eflingu og Starfsgreinasambandið var undirritaður 3. maí 2024 og gildi hann afturvirktt frá 1. febrúar 2024 og fram til 1. febrúar 2028.

ÁFRAMHALDANDI VIÐRÆÐUR VIÐ EFLINGU OG STARFSGREINASAMBANDIÐ

Mikill vilji hefur verið fyrir því hjá NPA miðstöðinni að uppfæra kjarasamning NPA aðstoðarfólks þannig að hann endurspegli betur sérstöðu starfs og starfsumhverfis þess í NPA. Ýmis mál hafa komið upp á undanförunum árum í NPA sem reyna á óhefðbundin álitamál í vinnurétti, auk þess sem NPA miðstöðin sjálf er einnig óhefðbundinn vinnuveitandi í formlegum skilningi. NPA notendurnir sjálfir eru yfirmenn síns aðstoðarfólks, heimili þeirra er vinnustaðurinn og þeir skipuleggja og útfæra aðstöðina á sinn sjálfstæða hátt. Ábyrgðinni í vinnuréttarsambandinu er þannig dreift með öðrum hætti en almennt gerist. Að mati NPA miðstöðvarinnar er mikilvægt að reyna að nálgast stærstu álitamálin með því að gera kjarasamninginn skýrari, tryggja sjálf-

stæði hvers verkstjórnanda og um leið gefa aðstoðarfólki meiri sveigjanleika t.d. til að geta unnið hjá fleiri en einum verkstjórnanda hjá NPA miðstöðinni.

Þá hefur mörgum verkstjórnendum þótt erfitt að skilja og fara eftir gildandi kjarasamningum þar sem í dag eru þrjú kjarasamningar í gildi um störf NPA aðstoðarfólks; sérkjarasamningur um störf NPA aðstoðarfólks, sérkjarasamningur um hvíldarvaktir og svo aðalkjarasamningur eftir atvikum, Eflingar eða Starfsgreinasambandsins, við Samtök atvinnulífsins. Markmið NPA miðstöðvarinnar hefur verið að sameina þessa kjarasamninga í einn heildarkjarasamning fyrir NPA aðstoðarfólk.

Unnið að nýjumkjarasamningi

Í samræmi við skuldbindingu stéttarfélaga NPA aðstoðarfólks og NPA miðstöðvarinnar um að hefja viðræður um nýjan heildarkjarasamning fyrir NPA aðstoðarfólk var boðað til fundar í upphafi árs 2025 og hófust þá formlega viðræður og vinna við gerð nýs kjarasamnings. Leiðarljós þeirrar vinnu er, líkt og fyrr segir, að sameina gildandi kjarasamninga um störf NPA aðstoðarfólks í einn heildarsamning.

NPA miðstöðin hefur ennfremur lagt eftirfarandi áherslur í kjaraviðræðunum:

- Texti og uppbygging kjarasamningsins verði skýrari og aðgengilegri.
- Hlutverk verkstjórnanda verði að vera skilgreint í kjarasamningi.
- NPA notendur verði skilgreindir sem sjálfstæðir vinnuveitendur sem tengist ekki öðrum verkstjórnendum hjá miðstöðinni.
- Skerpa þurfi á viðmiðum um matarpeninga eða matarpásur á meðan á vakt standur.
- Skýra betur hvað teljist til ferðalaga og hvenær viðeigandi sé að greiða dagpeninga og ferðakostnað vegna þeirra.

Á árunum 2025 og 2026 hafa samninga-nefndir fundað allnokkrum sinnum. Ekki hefur verið samstaða um framhald þeirrar vinnu í þeirri mynd sem lagt var upp með í upphafi, þ.e. að gera nýjan heildarkjarasamning með því að sameina gildandi kjarasamninga í einn. Hefur sú vinna reynst flóknari í framkvæmd en áætlað var, auk þess sem sameining kjarasamninganna í einn reynir á margvíslega þætti og eiginleika gildandi kjarasamninga sem vandasamt er að útfæra í einu heildarskjali eins og sakir standa. Hins vegar telja viðsemjendur rétt að útbúa á þessu stigi nýtt skjal sem sameinar þá þætti sem skipta mestu máli fyrir NPA verkstjórnendur og aðstoðarfólk á einum stað. Gildandi kjarasamningar halda þá gildi sínu óbreyttu, en nýtt skjal mun vera sá vettvangur sem unnt er að nota til skýringar og hægðarauka við uppflettingu á nákvæmlega þeim réttindum og skyldum sem á aðilum hvíla. Með þessu móti er einnig hægt að einfalda orðalag og bæta við skýringum og leiðbeiningum.

Þrátt fyrir að NPA miðstöðin hefði frekar

viljað ganga frá heildarkjarasamningi strax á þessum tímapunkti, er þessi leið viðunandi þangað til viðræður fara af stað um nýjan kjarasamning sem mun gilda eftir 1. febrúar 2028. Sú vinna sem farið hefur í viðræður um þennan heildarkjarasamning og það skjal sem verður til úr þeirri vinnu ætti að nýtast viðsemjendum vel í þeim viðræðum.

Jafnaðartaxtar

Með mikilli eftirfylgni hefur NPA miðstöðinni tekist að koma jafnaðartöxtum sveitarfélaga í nokkuð eðlilegt horf, en öll sveitarfélög hafa nú tekið mið af útreikningum NPA miðstöðvarinnar á jafnaðartöxtum miðstöðvarinnar. Frá þessu eru þó einhverjar undantekningar hvað varðar útreikninga ársins 2026. Í nýjstu útreikningum jafnaðartaxta, bætti NPA miðstöðin við álagi vegna tilfallandi veikinda aðstoðarfólks inn í jafnaðartaxtann. Enn er beðið eftir endanlegri niðurstöðu um útfærslu þessa viðbótarálags hjá mörgum sveitarfélögum, en NPA miðstöðin mun fylgja þessari kröfu eftir af fullum þunga.





LITIÐ TIL FRAMTÍÐAR

VÖXTUR NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

NPA miðstöðin hefur stækkað ört á undan-gengnum árum. Um mitt ár 2018 voru tvö starfandi á skrifstofu miðstöðvarinnar og hvorugt þeirra í fullu starfi. Í dag, um átta árum síðar, eru 18 starfandi á skrifstofu miðstöðvarinnar í tveimur útibúum, annars vegar í Kópavogi og hins vegar á Akureyri, auk tveggja einstaklinga sem starfa að afmörkuðum verkefnum.

Á sama tíma hefur fjöldi félagsfólks farið úr 17 árið 2018, upp í 68 í dag, sem þýðir að félagsfjöldinn hefur fjórfaldast á 8 árum. Slíkur vöxtur hefur kallað á mannaáðningar, starfsþjálfun, mikla aðlögun, ný úrræði, verkferla, forrit, kerfi, nýja þjónustubætti og stundum kallað á ansi hröð viðbrögð, auk þess sem Covid tímabilið tók mannafla á skrifstofunni frá öðrum brýnum verkefnum.

JAFNVÆGI Í STARFSEMI MIÐSTÖÐVARINNAR

Á síðastliðnum árum hefur náðst nokkuð gott jafnvægi í starfsemi NPA miðstöðvarinnar. Stöðugleiki er í starfsmannahaldi á skrifstofu, reynsla og þekkingarauður hefur safnast meðal starfsfólks, innleiðing Odoo kerfisins hefur nú þegar einfaldað verkferla og samhliða innleiðingunni hafa verkferlar verið teknir til endurskoðunar og slípaðir til. Jafnframt eru ýmsir þjónustubættir komnir í fastan farveg eins og t.d. reglulegir upplýsingapóstar til félagsfólks, NPA innsýn skýrslurnar og fleira mætti nefna. Fyrir vikið hefur skapast svigrúm til að hefja vinnslu sumra verkefna sem lengi hafa verið í deiglu einu og t.d. gerð fræðslumyndbanda, uppfærsla áhættumats, mótun bakvarðasveitar aðstoðarfólks og ýmis konar kynningarátök um NPA. Að sjálfsögðu eru samt ennþá önnur verkefni sem bíða þess að svigrúm skapist til að hægt sé að sinna þeim.

NPA miðstöðin er í dag betur í stakk búin en nokkru sinni fyrr til að veita félagsfólki og

aðstoðarfólki miðstöðvarinnar góða þjónustu og jafnframt bjóða nýtt félagsfólk velkomið til miðstöðvarinnar. NPA miðstöðin er ævinlega með verkefni í vinnslu sem miða að því að bæta þjónustu miðstöðvarinnar við félagsfólk sitt og efla verkstjórnendur í sínu hlutverki.

STARFIÐ FRAMUNDAN

Nú sem endranær verður að sjálfsögðu nóg að gera hjá stjórn og starfsfólki NPA miðstöðvarinnar á nýju starfsári.

Lögð verður áhersla á að byggja áfram á þeim góða grunni sem nú hefur náðst í starfsemi miðstöðvarinnar og verkefni næsta starfsárs verða af svipuðum toga og árið á undan:

- Áframhaldandi innleiðing Odoo kerfisins á skrifstofu og samhliða því, frekari þróun verkferla hjá öllu starfsfólki skrifstofunnar.
- Áframhaldandi þróun þjónustulíkans NPA ráðgjafa og uppbygging frekari þjónustubátta.
- Áframhaldandi þróun sjálfvirkra ferla í bókhaldinu, samhliða innleiðingu bókhaldshluta Odoo, til þess að auka skilvirkni og áreiðanleika við vinnslu upplýsinga og flýta vinnslu.
- Áframhaldandi þróun og uppbygging fræðslustarfs og annars viðburðahalds á vegum NPA miðstöðvarinnar, auk útgáfu á nýju kennsluefni, t.d. á myndbandsformi, sem er nú í vinnslu.
- Áfram verður unnið að textaskrifum fyrir vef miðstöðvarinnar í þeim tilgangi að auka upplýsingagildi vefsins.
- Áframhaldandi kynningar- og markaðsstarf, t.d. með kynningarstarfi á samfélagsmiðlum, greinaskrifum, viðtölum í fjölmiðlum o.fl.
- Handbók verkstjórnenda er reglulega í endurskoðun.

- Áframhaldandi þátttaka í verkefnum tengdum NCCPA og umsjón Norðurlanda-fundar NCCPA á Íslandi í maí 2026.
- Áframhaldandi hagsmunagæsla fyrir fatlað fólk og fyrir rétti þess til sjálfstæðs lífs, gagnvart ríki og sveitarfélögum.
- Áframhaldandi aðhald gagnvart yfirvöldum, t.d. skrif umsagna við þingsályktunartillögur og frumvörp.
- Þátttaka í Freedom Drive kröfugöngunni og viðburðum tengdum henni í Brussel næsta haust.

Um nokkurt skeið hefur staðið til að koma neðangreindum verkefnum í vinnslu og vonandi fer að skapast svigrúm til þess:

- Frekari umbætur og uppbygging vefsíðu NPA miðstöðvarinnar, aðallega efnislega en líka útlitslega.
- Fjölga samfélagsmiðlaherferðum

og almennt setja aukinn kraft í notkun samfélagsmiðla.

- Halda áfram vinnu við skrif á handbók aðstoðarfólks sem er yfirgripsmikil vinna.
- Þýða siðasáttmála og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, yfir á ensku.

Þó NPA miðstöðin sé vissulega enn þá ungt félag í mótun, þá má jafnframt segja að miðstöðin sé að slíta barnsskónum enda verður hún 16 ára þann 16. júní næstkomandi. Tekist hefur að skapa góðan grunn undir starfsemi og þjónustu NPA miðstöðvarinnar sem gott verður á næstu árum að byggja ofan á. Full ástæða er til að líta björtum augum til framtíðar og frekari uppbyggingar miðstöðvarinnar og verður haldið áfram að bæta þjónustu miðstöðvarinnar sem umsýslu-aðili fólks með NPA og sem hagsmunaafl fatlaðs fólks.

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þakkar félagsfólki, NPA aðstoðarfólki og fjölmörgum samstarfsaðilum ríkis, sveitarfélaga, stéttarfélaga, annarra hagsmunaaðila og einstaklinga fyrir samskiptin á liðnu starfstímabili.

